Sóknarfæri

Mars 2018

Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi





Samgöngur
Skipulagsmál
Byggingarlist
Orkuverkefni









Tökum til hendi



Valþór Hlöðversson útgáfustjóri skrifar

Allt of fáar íbúðir hafa verið byggðar á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár og sett íbúðamarkaðinn í ójafnvægi. Vandinn er augljóslega mestur hjá yngsta fólkinu og þeim sem ekki eru nægjanlega loðnir um lófana. Nær öll fjármögnun íbúðabygginga er allt of dýr enda gamla verkamanna-bústaðakerfið eyðilagt illu heilli á sínum tíma. Vonandi er þó sá Eyjólfur að hressast en hér í blaðinu er m.a. sagt frá áformum Bjargs um byggingu leiguíbúða í þágu þeirra efnaminnstu. Það er vel.

Marga krana ber við loft

Marga byggingakrana ber þó við loft. Mest af þeim húsum sem þar rísa hefur verið atvinnuhúsnæði af ýmsu tagi, einkum til að sinna aukinni eftirspurn eftir gisti- og hótelrýmum og svo hafa risið víða glæsihús með tiltölulega dýrum íbúðum. Í þær íbúðir flytur ekki fólkið sem býr við þrengstan kost. Það er því alvarleg staða uppi og augljóst að leita þarf nýrri og frumlegri leiða til að vinna á vandanum.

Í janúar sl. gaf Íbúðalánasjóður út svarta skýrslu um ástandið á markaðnum og komu niðurstöðurnar fæstum á óvart. Þar kemur fram að frá alkuli byggingariðnaðarins um 2010 hefur íbúðum vissulega fjölgað nokkuð en alls ekki nóg. Raunar langt því frá. Aðeins hefur tekist að framleiða eins og helming af árlegri þörf og vandinn því vaxið ár frá ári. Telur ÍLS að til mæta að fullu þörf og uppsöfnuðum skorti á íbúðum síðustu árin þyrfti að byggja um 15.000 íbúðir á næstu tveimur árum!

Er þetta kerfisvandi?

Margir telja að of langur undirbúningstími framkvæmda standi uppbyggingu fyrir þrifum. Mörg dæmi eru þess að fréttir hafa verið sagðar af úrslitum samkeppna um skipulag byggingareita en síðan líða ár og dagar þangað til framkvæmdir geta hafist. Í þessu sambandi má nefna óralangan undirbúningstíma byggingar nýs Landspítala og allir vita um holu íslenskra fræða vestur á Melum. Vandinn virðist stafa af samspili ólíkra þátta; ótæpilegum hönnunarkröfum, óvandaðri fjármögnun og á stundum skorti stjórnmálamanna á áræði til að taka ákvarðanir. Þá er ljóst að afkastagetu iðnaðarins eru takmörk sett.

Hamhleypa undir heimastjórn

Í þessu sambandi er vert að íhuga að á síðustu öld voru stórhýsi almennt reist á mun skemmri tíma en nú er þrátt fyrir framfarir í byggingatækni. Í Sóknarfæri nú segjum við ítarlega frá ævistarfi Rögnvaldar Ólafssonar, stundum nefndur fyrsti arkitektinn þótt hann lyki aldrei námi vegna veikinda. Hann var fyrsti ráðgjafi ríkisins við opniberar byggingar og hann átti á aðeins 10 ára starfsferli aðild að byggingu a.m.k. 155 húsa og er talinn höfundur 30 kirkna, um 60 skólabygginga og fjölda stórhýsa á árunum 1905-1915 Hans stærsta verk er bygging Vífilstaðaspítala sem þá var stærsta steinhús á Íslandi. Verkið hófst árið 1909 og var Rögnvaldur ekki aðeins hönnuður hússins heldur og byggingameistari og innkaupastjóri. Framkvæmdum lauk á einu ári.

Lífleg fasteignaviðskipti á Akureyri um þessar mundir

Markaðurinn í jafnvægi eftir verðhækkanir í fyrra

Björn Guðmundsson, sölustjóri hjá fasteignasölunni Byggð á Akureyri, segir fasteignamarkaðinn á Akureyri í þokkalegu jafnvægi um þessar mundir og telur ólíklegt að jafn miklar verðhækkanir verði í ár og í fyrra. Samkvæmt nýrri skýrslu Íslandsbanka jókst velta á fasteignamarkaðnum á Akureyri um 14% í fyrra og nam 26 milljörðum. Frá þriðja ársfjórðungi 2016 til þriðja ársfjórðungs 2017 hækkaði nafnverð íbúðarhúsæðis í fjölbýli á Akureyri um 22% og var meðalverð á fermetra á notuðu fjölbýli í á síðari hluta ársins komið í 312 þúsund krónur.



Annað hús af þremur við Austurbrú í miðbæ Akureyrar er langt komið.



Notuð rað- og einbýlishús skortir á fasteignamarkaðinn núna en framboð nýrra fjölbýlishúsaíbúða fer vaxandi.

Verðhækkun höfuðborgarsvæðisins að skila sér norður

„Sagan segir okkur að ef verðhækkun verður á fasteignamarkaði á höfuðborgarsvæðinu þá skilar hún sér síðar á markaðinn hér fyrir norðan. Þetta hefur verið að gerast á síðustu tveimur árum. Horft til lengri tíma mælist fasteignaverð á Akureyri alla jafna um 75% af verðinu á höfuðborgarsvæðinu og í árslok 2017 mælumst við í 73% þannig að þarna er að finna hluta af skýringunni á þróuninni hér á Akureyri að undanförnu. Við getum sagt að forsendur til hækkunar fasteignaverðs hafi verið til staðar um nokkurt skeið og þær skilað sér að fullu á síðari hluta ársins 2016 og á árinu 2017," segir Björn en bætir við að fyrstu tveir mánuðir yfirstandandi árs hafi verið mjög líflegir í fasteignaviðskiptum á Akureyri.

„Í sjálfu sér er ástandið á fasteignamarkaðnum orðið talsvert heilbrigðara en það var í fyrra þegar nánast var slegist um eignir og samningar yfir ásettu verði voru algengir. Það er ekki merki um að markaður sé í jafnvægi þegar eignir fara út á nokkrum dögum, þá er markaðurinn yfirspenntur. Í þessu eins og öðru ýtir skortur undir verðhækkanir."



Fermetraverð hækkaði talsvert á Akureyri á síðasta ári og er meðalverð nú um 73% af meðalverði á höfuðborgarsvæðinu.

Mikið byggt en einbýlishúsin vantar á sölur

„Það er erfitt að meta hvort hækkanir hafi haldið áfram af fullum þunga áfram í ár og tilfinning mín er frekar sú að þær hækkanir sem komnar voru fram hafi haldist. En staðreyndin er líka sú að við erum ennþá með hluta af fasteignamarkaðnum í skortstöðu þar sem ákveðnar gerðir eigna vantar inn. Þar er fyrst og fremst um að ræða notuð rað- og einbýlishús. Það er heldur ekki mikið framboð af notuðum blokkaríbúðum en talvert framboð af nýjum íbúðum. Einbýlishús á verðbilinu 40-60 milljónir króna seljast hratt," segir Björn. Mikið er að gera í nýbyggingum íbúða á Akureyri um þessar mundir og segir Björn að viðbúið sé að framboð nýrra íbúða aukist eftir því sem á árið líður. Engin ástæða sé þó til að hafa áhyggjur af því að þær seljist ekki en sala geti þó tekið lengri tíma en verið hefur.

„Í allt er verið að byggja hátt í 200 íbúðir í bænum um þessar mundir og verktakar með talsverð áform næstu árin, sérstaklega í nýja Hagahverfinu. Mín skoðun er sú að ef tekst að selja nýbyggingarverkefni á meðan verið er að byggja þá sé markaðurinn í mjög góðu lagi og þannig hefur þetta verið hvað varðar þsu nýju fjölbýlishús sem við sjáum um sölu á, bæði í miðbænum, í nýja Hagahverfinu og víðar. Stærstu kaupendahópar þessara íbúða eru annars vegar fólk sem er að minnka við sig og hins vegar fólk sem er að kaupa sína fyrstu eign," segir Björn og svarar því aðspurður að skipta megi yngsta hópnum á húsnæðismarkaðnum í tvennt. Annar hópurinn sé virkur í kaupum og í mörgum tilfellum brúi foreldrar það bil sem uppá vanti. Hinn hluti hópsins sjáist lítið á fasteignasölum þar sem það fólk sé í mun þrengri fjárhagsstöðu og sé á vissan hátt fast á leigumarkaðnum. „Ungt fólk sem er í tryggri vinnu og er ekki með skammtímaskuldir á bakinu fær fyrirgreiðslu til að kaupa hóflegar íbúðir og ræður við það. Og sem dæmi þá getur fólk fundið hér á markaðnum þriggja herbergja blokkaríbúð fyrir innan við 25 milljónir. En það er hinn hópurinn sem á mun erfiðara með að leysa sín mál en það er ekki vegna íbúðarverðsins heldur eru aðrir þættir sem spila stórt hlutverk. En vissulega er það átak fyrir ungt fólk að kaupa sína fyrstu íbúð og þannig hefur það líka alltaf verið."

Sóknarfæri
Frumkvæði og fagmennska í íslensku atvinnulífi

ATHYGLI

Útgefandi: Athygli ehf.
Útgáfustjóri: Valþór Hlöðversson (ábm).
Umsjón, textavinnsla og umbrot: Athygli ehf.
Auglýsingar: Augljós miðlun.
Suðurlandsbraut 30, Reykjavík

Prentun: Landsprent ehf.

Dreift með prentaðri útgáfu Morgunblaðsins föstudaginn 9. mars 2018.

Gott til endurvinnslu



NÝIR TÍMAR

Hilton Nordica
14. mars kl. 09:00

VORFUNDUR LANDSNETS

Þegar horft er fram á veginn má sjá að straumar nýrra tíma liggja í raforkumálum.
Erum við tilbúin að takast á við áskoranir framtíðarinnar?

Verið velkomin á vorfund Landsnets á Hilton Nordica, miðvikudaginn 14. mars kl. 09:00 – 10:30.
Skráning fer fram á landsnet.is.



Ávarp ráðherra
Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir
Ferðamála-, iðnaðar- & nýsköpunarráðherra



Rafmagn án rifrildis
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Stjórnarformaður Landsnets



Energy Transition
Where are we heading?
Alicia Carrusco
Sérfræðingur í orkustefnu og markaðsmálum. Fyrrum forstöðumaður hjá Tesla, EMEA og Siemens



Nýir tímar
Guðmundur Ingi Ásmundsson
Forstjóri Landsnets



Ávarp ráðherra
Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Umhverfis- og auðlindaráðherra



Fundarstjóri
Steinunn Þorsteinsdóttir
Upplýsingafulltrúi Landsnets

Boðið verður upp á léttan morgunverð frá kl. 08:30.

Fundurinn verður sendur út í beinni útsendingu á www.landsnet.is. Þar verður einnig hægt að senda fyrirspurnir og athugasemdir með myllumerkinu #nyirtimar

LANDSNET



Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að aukið samráð við hagaðila hefur skilað okkur miklum ávinningi og verkefnin í heild orðið betri.“

Fjórða iðnbyltingin kallar á meiri orku

Landsnet efnir til vorfundar 14. mars nk. þar sem á að ræða nýja tíma

„Mjög ör þróun í tækni, stundum kallað 4. iðnbyltingin, er að búa til ástand sem krefst gríðarlegrar orku með skömmum fyrirvara. Við hjá Landsneti teljum okkur vel í stakk búin að mæta þessu en það hefur krafist nýrra vinnubragða og áherslna af okkar hálfu. Á vorfundi okkar 14. mars nk. ætlum við m.a. að skyggnast inn í framtíðina undir yfirskriftinni. Nýir tímar og ræða um hvernig við viljum mæta síauknum kröfum um meiri orku til handa öllu samfélaginu. Við bjóðum alla velkomna á fundinn,“ segir Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets.



Nýtt tengivirki Landsnets.



Möstrin falla vel að landslaginu.

Raforkumál eru loftslagsmál

„Þeir tímar eru runnir upp að inn á markaðinn er komin orkufrek tækni eins og t.d. netþjónabú og snjalltæknivæðingin er að aukast stig af stigi. Allir vilja jú fleiri hraðhleðslustöðvar til að nýta í vaxandi rafbílaflota landsmanna og má nefna að hraðhleðslustöðvar frá Tesla eru um 120 kW sem er á við um 50 heimili. Í raun má segja að það sé af sem áður var þegar meginhluti nýrrar raforku sem aflað var, rann til eins eða nokkurra stórnotenda. Í dag erum við að tala um beina orkunotkun einstaklinga og fyrirtækja sem eykst stig af stigi,“ segir Guðmundur ennfremur.

Raforkuspá um áætlaða orkunotkun síðasta árs gekk eftir þrátt fyrir að orkufrekur iðnaður á Bakka og í Helguvík hafi tafist. Guðmundur segir að ef þau iðjuver hefðu komið inn á fullu afli hefði notkunin orðið meiri enn áætlunin gerði ráð fyrir. „Þótt skammt sé liðið á þetta ár höfum við þegar séð mikla aukningu í orkunotkun, fyrst og fremst vegna þessarar nýju tækni og sjáum fram á að sú þróun haldi áfram og jafnvel í enn stærri stökkum en við höfum séð hingað til. Hér erum við ekkert að tala um álver heldur fyrst og fremst minni orkukaupendur og almenna neytendur. Þetta eru því gjörbreyttir tímar.“

Kröfur um sveigjanleika

Guðmundur nefnir fleiri atriði í hinni nýju iðnbyltingu sem hafi áhrif á starfsemi Landsnets. „Það er eðli þessarar nýju snjalltækni að hún kemur inn fyrirvaralaust því fólk og fyrirtæki einfaldlega stingur í samband og væntir þess auðvitað að tækin fari í gang. Áður fyrr vorum við meira að mæta óskum stórnotenda og höfðum þá oftast alllangan undirbúningstíma til að gera ráðstafanir, gjarnan nokkur ár.“ Hann segir einnig að mikil þróun átt sér stað varðandi orkuvinnsluna sjálfa og hópur smærri orkuframleiðenda fari sífellt stækkandi.

„Þar er t.d. um að ræða minni vatnsaflsvirkjanir, vindorkuver eru að koma og litlar jarðvarmavirkjanir og sólarorkuverin eru handan við hornið. Það er sumsé bæði á notkunarhliðinni og framleiðsluhliðinni sem sveiflur aukast og það krefst meiri sveigjanleika af okkar hálfu ef við eigum að tryggja stöðugt aðgengi af þeirri orku sem samfélagið krefst. Í okkar huga er það spennandi og áhugavert verkefni en um leið krefjandi áskorun sem við viljum standast.“

Stóraukið samráð

Landsnet hefur á síðustu árum staðið í miklum fjárfestingum til að bæta flutningskerfið og hafa sumar framkvæmdanna verið umdeildar. Guðmundur segir hins vegar að þau verkefni séu alltaf meira í fréttum en öll hin sem gangi ljómandi vel og í góðri sátt.

„Við höfum lært margt á liðnum árum og eitt af því er miklu meira samtal við alla hagaðila hverju sinni. Það verklag höfum við m.a tileinkað okkur í framkvæmdunum á Norðausturlandi, þ.e. Kröflulínu 3, Hólasandslínu og sama verður með Blöndulínu 3. Í þessum framkvæmdum, sem við vissum að yrðu umdeildar, settum við á fót verkefnahópa í undirbúningsfasanum með hagaðilum, sveitastjórnarfólki, fulltrúum náttúruverndarsamtaka, íbúum á svæðinu og fólki úr atvinnulífinu. Jafnframt höfum við aukið samráð við landeigendur. Allt það ferli hefur gengið afar vel og menn skipst á upplýsingum og skoðunum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta hefur skilað okkur miklum ávinningi og verkefnin í heild orðið betri. Þótt margir góðir sérfræðingar starfi hjá Landsneti hafa bæst við góðar hugmyndir frá hagsmunaaðilunum og allt hefur það stuðlað að betri niðurstöðu en ella væri.“

Nýr tímar á vorfundi

Eins og fram kemur í máli Guðmundar hugar Landsnetsfólk mjög að þeim orkuskiptum sem nú eru að ganga yfir og því hvaða áhrif fjórða iðnbyltingin kunni að hafa á starfsemi fyrirtækisins. „Þetta er spennandi áskorun sem við stöndum frammi fyrir og á vorfundinum okkar 14. mars nk. ætlum við að ræða þetta allt undir kjörorðinu Nýir tímar þar sem m.a. Alicia Carrasco, fyrrum framkvæmdastjóri Tesla í Evrópu, verður með fyrirlestur.Við bjóðum öllum að koma til fundarins og ég vek athygli á að honum verður að sjálfsögðu streymt á vefnum okkar. Svo er auðvitað tilvalið að fylgja okkur á samfélagsmiðlum þar sem við höfum verið að taka umræðuna,“ segir forstjórinn að lokum.

landsnet.is



Mynd: Ómar Runólfsson

Við erum monthanar! 60 ára og síung, svo við megum það alveg!

Við tökum daginn snemma,
komum hlutunum í verk,
setjumst svo á montprik
og dáumst að dagsverkinu.
Og næsti dagur verður alveg eins.

www.vso.is

Við erum stolt af því sem við höfum gert

Klettaskóli, Kringsjå skole landslagshönnun, undirgöng undir Vesturlandsveg, verðmat lands, umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins, stækkun flugstöðvar, mat á umhverfisáhrifum, staðarval fimleikahúss í Kópavogi, Jessheim kirke framkvæmdaeftirlit, jarðtækni, svæðis-skipulag Suðurnesja, Þríhnúkagígur, hótel Marina, hörðnunarhraði steypu, Børstad idrettsområde, kortlagning gististaða, aðveitustöð á Akranesi, vörugeymslur, hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði, fráveita á Siglufirði, öryggis– og neyðaráætlanir, byggingarstjórn Framhaldsskólans í Mosfellsbæ, hjúkrunarheimili í Hamar kommune, Betri hverfi í Reykjavík, landmælingar, Lygna skisenter, öryggis– og heilsuáætlun, umferðaröryggisáætlun Seltjarnarnesbæjar...

... o.s.frv.

VSÓ RÁÐGJÖF

Vegabætur á Suðurlandi

Fyrsta stagbrú yfir Ölfusá á teikniborðinu

Eitt af þeim verkefnum í vegagerð sem fljótlega komast á dagskrá er endurnýjun Suðurlandsvegar frá Kambarótum austur að gatnamótum við Biskupstungnabraut og svo ný brú yfir Ölfusá austan Selfoss. Sérfræðingar Vegagerðinnar og samstarfsaðilar hennar eru með þessi verkefni á teikniborðinu til að gera þau klár í útboð þegar fjárveitingavaldið gefur gænt ljós.

„Sunnlendingar og vegfarendur aðrir hafa beðið lengi eftir endubótum á þessum kafla Suðurlandsvegar en hann var lengi einn hættulegasti vegarkafli landsins en verulegur árangur hefur náðst með einföldum umferðaröryggisaðgerðum undanfarin ár. Umferðin þarna eykst ár frá ári og löngu tímabært að ráðast í framkvæmdir. Við miðum við að byrjað verði á vegarkaflanum frá Kömbum og austur að Biskupstungnabraut og svo verði ráðist í áframhald þjóðvegarins að nýrri og glæsilegri brú yfir Ölfusá, austan Selfoss," segir Guðmundur Valur Guðmundsson, forstöðumaður hönnunardeildar hjá Vegagerðinni.




Nýtt tákn fyrir Suðurland? Ölfusárbrúin nýja verður glæsilegt mannvirki með sínum 60 m háa turni og tveimur 150 m höfum, þeim lengstu á landinu.

Endurhannaður vegur

Eins og allir vita er framkvæmdafé til vegagerðar af skornum skammti og þess vegna var hönnunardeild Vegagerðarinnar falið að leita leiða til að einfalda hönnun vegarins milli Hveragerðis og Selfoss frá því sem áður lá fyrir.

„Þessi vinna hefur staðið yfir um hríð og við ættum að geta sett þetta verkefni í útboð strax í sumar ef því er að skipta. Vegarkaflinn frá Kambarótum að Biskupstungnabraut er um 12 km en gert er ráð fyrir að hann sveigi nokkuð til suðurs frá núverandi hringtorgi við Hveragerði, en bæjaryfirvöld óskuðu eftir þeirri breytingu í samræmi við endurskoðað aðalskipulag Hveragerðisbæjar. Síðan mun nýi vegurinn liggja um núverandi vegarstæði austur að Kotstrandarkirkju en tekur þaðan beina línu austur að Kögunarhóli," segir Guðmundur Valur.



Innansveitarvegur. Vegur kemur undir Suðurlandsveg við Kotströnd til að tengja sveitirnar saman.



Við Hveragerði. Suðurlandsvegur færist talsvert sunnar neðan Kamba en með því fá Hvergerðingar væntanlega gott byggingarland sunnan núverandi vegar.

Fjölmargar tengingar eru á núverandi vegi en þeim verður fækkað og einungis tvenn vegamót verða milli hringtorgs við Hveragerði og hringtorgs við Biskupstungnabraut. Á móti er gert ráð fyrir um 11 km af hliðarvegum til að tryggja góðar samgöngur í sveitunum beggja vegna þjóðvegarins. Vegurinn er hannaður sem 2+2 vegur þar sem gert verður ráð fyrir mislægum vegamótum til lengri framtíðar en miðað er við að hann verði 2+1 vegur til að byrja með. Kostnaður er áætlaður um 8 milljarðar króna.

Fyrsta stagbrú á Íslandi

Núverandi hengibrú við Selfoss er komin til ára sinna en hún var tekin í notkun árið 1945. Brúin er undir stöðugu eftirliti og ljóst að á henni þarf að ráðast í viðhald á næstu misserum, óháð því hvenær nýja brúin kemur því Selfyssingar munu áfram nýta gömlu brúna innan bæjarins. Hins vegar er hægt að færa alla þungaflutninga á þá nýju nýju þegar hún kemst í gagnið og draga þannig úr álagi og umferð um núverandi Ölfusárbrú. Um hana fara nú að meðaltali um 15.000 bílar á degi hverjum.

„Ég hygg að fullyrða megi að ný brú yfir Ölfusá verði hið glæsilegasta mannvirki en þetta verður svokölluð stagbrú með 60 metra háum turni, hin fyrsta sinnar tegundar á Íslandi. Forhönnun brúarinnar er unnin í samstarfi Vegagerðarinnar, EFLU verkfræðistofu og Studio Granda arkitekta. Ákveðið hefur verið, skv. óskum bæjaryfirvalda í Árborg, að brúin fari yfir ána á Efri-Laugardælaeyju en höf hennar verða 145 og 155 m löng, þau lengstu á landinu. Gera má ráð fyrir að þetta verkefni vinnist á þremur árum og að kostnaðurinn verði um 5 milljarðar króna."

Guðmundur Valur bætir við að í núverandi samgönguáætlun sé gert ráð fyrir gerð nýrrar brúar á árunum 2023-2026 en verkefnið geti færst framar ef pólitískur vilji skapast til þess. Gert er ráð fyrir að turn brúarinnar og burðarkerfi í brúargólfi verði úr stáli, m.a. til að lágmarka þyngd brúarinnar og þannig jarðskjálfaálag sem er hátt á þessum stað. Ekki er gert ráð fyrir að takmarka núverandi farveg Ölfusár að nokkru leyti til að hafa ekki áhrif á stærri flóð í ánni. Gert er ráð fyrir göngu- og hjólaleið yfir brúna.



Af Ölfusárbrúm

Árið 1872 var fyrst talað um að brúa yfir Ölfusá en ný brú var ekki vígð fyrr en haustið 1891. Þessi brú yfir þetta vatnsmesta vatnsfall landsins reyndist fljótlega barn síns tíma en við bar að klakahrannir í ánni rækjust upp í brúargólfið. Hún kom þó að góðum notum næstu áratugi. Árið 1944 slitnaði brúarstrengur vegna þyngdar mjólkurbíls sem fór um brúna með annan bíl í togi svo að þeir féllu báðir í ána. Mannbjörg varð.

Strax var ráðist í gerð nýrrar brúar en stálvirki þeirrar gömlu nýtt í öðrum tilgangi, m.a. í hringsvið Þjóðleikhússins sem þá var í byggingu. Núverandi Ölfusárbrú var vígð 1945 og er hún 132 m að lengd, þar af er hengibrúin yfir farveg Ölfusár 84 m löng en landbrú að sunnaverðu er 48 m.

KOPAR ÁL
SINK BÁRUPLAST



METAL

Suðurhrauni 12b - 210 Garðabæ | 545 4600 | Fax 545 4601 | metal@metal.is

Milliveggjaplötur
úr íslenskum vikri


Viðurkennd aðferð sem kemur í veg fyrir rakaskemmdir og bætir hljóðvist.

Hlaðinn og múrhúðaður veggur er sígild lausn sem hentar sérstaklega vel í votrými þar sem vikurplötur eru myglufríar. Betri hljóðeinangrun er annar eiginleiki sem undirstrikar kosti efnanna.

Komdu í veg fyrir rakaskemmdir með sígildri lausn sem tryggir gæði og endingu.



Ótvíræðir kostir



- Myglar ekki
- Hljóðvist frá 38–48 dB
- Gott bruna- og rakaþol
- Laus við samskeyti
- Sléttar og nákvæmar plötur
- Gott skrúfu- og naglhald
- 5, 7, 8 og 10 cm þykkt
- Fáanlegar úr vikri eða gjalli

GÆÐAKERFI VOTTAÐ ÍST ISO 9001 VOTTUN HF

Farsæl íslensk framleiðsla í yfir 50 ár - **bmvalla.is**

BM·VALLÁ

PIPAR\TBWA \ SÍA



„Tillaga þessi byggir á framtíðarsýn þar sem lifnaðarhættir borgarbúa eru sjálfbærir og umhverfið veitir okkur öllum lífsgæði. Þessi lífsgæði felast m.a. í forgangi fótgangandi vegfarenda, fjölbreyttum og sólríkum almenningsrýmum, styttri vegalengdum milli íbúða, verslana og vinnustaða.“

Myndir: Yrki arkitektar.

Nýtt líf á Heklureit

Yrki arkitektar í samvinnu við VSÓ Ráðgjöf hafa unnið rammaskipulag fyrir svokallaðan Heklureit sem afmarkast af Laugavegi, Bolholti, Skipholti, Bautarholti og Nóatúni en stofunni var falið að vinna skipulagið eftir að hafa hreppt fyrstu verðlaun í hugmyndasamkeppni um svæðið. Að sögn Sigurborgar Óskar Haraldsdóttur hjá Yrki arkitektum vinnur stofan nú að deiliskipulagi á hluta reitsins og er búist við að það fari í auglýsingu með vorinu.



Þau unnu að rammskipulagi fyrir Heklureitinn af hálfu Yrki arkitekta, frá vinstri: Melanie Lorenz arkitekt, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir landslagsarkitekt, Yngvi Karl Sigurjónsson arkitekt og Magnús Már Þorvarðarson arkitekt.

Hugmyndasankeppni um skipulag

Það var í byrjun síðasta árs sem Reykjavíkurborg og lóðarhafar við Laugaveg 168-174 komust að samkomulagi um tilfærslu á starfsemi Heklu frá lóðinni en framtíðarsvæði fyrirtækisins verður í Suður-Mjódd. Áhugi var á auknum uppbyggingarmöguleikum á lóðinni frá því sem nú er og féll það vel að markmiðum aðalskipulags borgarinnar um þéttingu byggðar. Í framhaldinu var efnt til skipulagssamkeppni um lóðina og nærliggjandi svæði með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu blandaðrar byggðar íbúðar, verslunar og annarrar atvinnustarfsemi ásamt því að þróa ásýnd Laugavegar á þessum stað yfir í svokallaða borgargötu. Reykjavíkurborg stóð að keppninni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands, Heklu og Reiti fasteignafélag hf., sem eru lóðarhafar reitsins.

Fimm teymi arkitekta voru valin til að taka þátt og þegar úrslit lágu fyrir kom í ljós að Yrki arkitektar voru með áhugaverðustu tillöguna að mati dómnefndar. Í dómnefndaráliti þykir tillagan sýna byggð með látlaust yfirbragð, þar sem fíngerð randbyggð fellur vel að því byggðamynstri sem er í Holtunum. Þá bjóði tillagan upp á mikinn sveigjanleika til frekari þróunar í sterku heildarsamhengi, eins og þar segir.

Markmið Reykjavíkurborgar með samkeppninni var að kalla er eftir hugmyndum um skipulag svæðisins sem myndi stuðla að framgangi meginstefnu gildandi Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Um yrði að ræða þétta, blandaða og vistvæna byggð í tengslum við góðar almenningssamgöngur í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um t.d. hæðir húsa, gæði í manngerðu umhverfi og grænum lausnum. Einnig vildu borgaryfirvöld sjá sannfærandi tengingar á milli svæða og að sköpuð væru ný tækifæri til búsetu og þjónustu á svæðinu. Áhersla yrði á þjónustu á jarðhæðum og ný og spennandi almenningsrými búin til. Þá var minnt á að reiturinn væri lykilsvæði á nýjum samgöngu- og þróunarás, Borgarlínu, sem tengir saman vestur- og austurhluta borgarinnar.



Gert er ráð fyrir Borgarlínutorgi á Laugavegi og þar er eins og víðar gert ráð fyrir miklum gróðri og beðum með blágrænum ofanvatnslausnum.

Lifandi almenningsrými


„Þegar við hjá Yrki byrjuðum að skoða þennan reit ákváðum við auðvitað að huga mjög vel að landfræðilegum staðháttum en reiturinn er norðan megin í klapparholti sem rís hæst 52 m yfir sjávamáli. Hæðarmunur innan reits er 12 m og ákveðið var að staðsetja hæstu húsin við Laugarveg en trappa þau svo niður upp í brekkuna til suðurs. Þetta gefur okkur möguleika á að hanna byggð sem liggur vel við sólu og skapar um leið vörn fyrir norðanáttinni sem kemur óbeisluð af hafi,“ segir Sigurborg Ósk.

Eftir endilöngum reitnum, frá austri til vesturs, mun liggja göngugata sem má segja að sé lífæð byggðarinnar í reitnum. Hún verður sólríkt almenningsrými með torgum

Í sýndarveruleika á Verk og vit

Gestir á sýningunni Verk og vit, sem nú stendur yfir í Laugardalshöll, geta kynnt sér Heklureitinn í sýndarveruleika með verkfærum upplýsingatækninnar. Með því að setja á sig á sig sérstök gleraugu geta þeir upplifað hvernig það er að standa inni í skipulaginu, t.d. á stoppistöð Borgarlínu, og virt fyrir sér það umhverfi sem skipulagið gerir ráð fyrir.

Byggðu umhverfisvænt hús
-úr krosslímdu tré







SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Stór eða lítil
- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús
úr krosslímdu tré

Bjóðum einnig
glugga, hurðir og utanhússklæðningar sem hæfa þínu húsi

Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

www.idex.is

IDEX

Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is



Í rammaskipulaginu er tryggur aðgangur að borholum Veitna. Í þessum innigarði má sjá vinnsluholuna RG-9 sem nær niður á 862 m dýpi. Borholuhúsið er hannað af Pálmari Kristmundssyni og Birni Skaptasyni, reist árið 2002.

og góðum tengslum við kaffihús og aðra veitingasölu. Bílastæði eru undir húsunum með aðkomu norðan megin frá Laugavegi. Sjónásar munu liggja upp Brautarholtið í átt að Sjómannaskólanum og að Hátúni í norðri. Gönguleið verður opnuð frá Brautarholti austur í gegnum reitinn en hún er ekki fyrir hendi í dag.

Glæsileg borgargata

Norðan þessarar nýju byggðar er svo Laugavegurinn þar sem fyrirhuguð Borgarlína mun liggja. Í greinargerð með rammaskipulagstillögu Yrki arkitekta segir að Laugavegurinn muni breytast í eina glæsilegustu borgargötu Reykjavíkur en nærliggjandi götur eins og Brautarholt, Bolholt og Nóatún muni fá á sig yfirbragð almennra gatna með hjólastígum sitt hvoru megin samsíða bílastæðum og hægari umferð.

Í rammaskipulagi er gert ráð fyrir að Laugavegurinn norðan Heklureitsins verði klassískt breiðstræti með mikilli áherslu á gróður og breiðum gangstéttum beggja vegna. Þarna verður byggt á blágrænum ofanvatnslausnum sem m.a. þýðir að regnvatn frá yfirborði rennur út í stór gróðurbeð og bílstæði með gegndræpu yfirborði. Allt á þetta að tryggja vistfræðilegan fjölbreytileika í götunni. Framan gamla sjónvarpshússins verður biðstöð Borgarlínu á allstóru torgi þar sem búast má við ys og þys þegar fram líða stundir.

Blágrænar ofanvatnslausnir


Blágrænar ofanvatnslausnir leitast við að veita ofanvatni niður í jarðveginn á náttúrlegan hátt. Markmiðið er að draga úr rennsli vatns af svæðinu niður í aðliggjandi byggð, draga úr mengun og skapa líffræðilegan fjölbreytileika í borginni. Á reitnum millki Laugavegar og Skipholts verður víða gras á þökum, gegndræp yfirborðsefni, regngarðar og söfnunar- og siturbeð fyrir gróður.



Svona gæti hornið á Laugavegi og Nóatúni litið út. Við sjáum borgargötuna Laugaveg til austurs með þéttum gróðri, bílum og Borgarlínu.



Í gegnum skipulagsreitinn liggur göngugatan sem lifæð hverfisins. Norðan hennar rísa húsin hæst við Laugaveginn og stallast niður á móti suðri.



www.eignaumsjon.is

Húsumsjón Eignaumsjónar

Ný þjónusta við húsfélög og atvinnuhúsnæði

- √ Eftirlit með daglegri umgengni húseignar og búnaði
- √ Samskipti við þjónustuaðila og stjórn húsfélags
- √ Fyrirbyggjandi viðhald
- √ Betri ásýnd húseignar og lóðar

Húsumsjón Eignaumsjónar gerir úttekt á ástandi og búnaði viðkomandi húss, t.d. aðgangskerfi, lyftum, hitakerfi, sorphirðumálum, brunavörnum, raflögnum, píplulögnum, snjóbræðslu og fleiru. Tryggt er að fyrirbyggjandi viðhaldi sé sinnt og komið með ábendingar um úrbætur þegar við á, auk þess að hafa eftirlit með þjónustuaðilum. Jafnframt sinnir húsumsjón Eignaumsjónar smærri verkefnum og hefur aðgang að neti fagmanna sem félagið hefur byggt upp frá því það tók til starfa fyrir 17 árum og tryggir með því bæði hraða og góða þjónustu.

EIGNAumsjón

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími 585 4800
thjonusta@eignaumsjon.is

Stólpi Gámar
fyrir atvinnulífið













Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið – til leigu eða sölu

- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS** og vörulyftur frá **ATN** og **Maber**

Hafðu samband
568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar

Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

Frumherjinn Rögnvaldur

Sagt frá fyrsta íslenska arkitektinum, Rögnvaldi Ólafssyni, sem átti stutta starfsævi en skyldi eftir sig margar af helstu perlum íslenskrar byggingarlistar

Rögnvaldur Ágúst Ólafsson fæddist að Ytri Húsum í Dýrafirði árið 1874 og ólst upp á Ísafirði. Eftir að hafa lokið prófi frá Lærða skólanum 1901 hóf hann nám við Det Tekniske Selskabs Skole í Kaupmannahöfn til að undirbúa sig undir nám í arkitektúr við Konunglegu listaakademíuna. Hann veiktist af berklum þar ytra, sneri heim próflaus árið 1904 og settist að í heimabænum Ísafirði.

Hamhleypa undir heimastjórn

Það var vor í lofti íslensks þjóðlífs þegar Rögnvaldur sneri heim; Íslendingar höfðu fengið heimastjórn og Stjórnarráð Íslands stofnað. Hannes Hafstein, fyrrum sýslumaður á Ísafirði var orðinn ráðherra og mikill hugur í mönnum að hefja uppbyggingu samfélagsins.

Fljótlega var Rögnvaldur ráðinn sem sérlegur ráðgjafi stjórnarinnar um opinberar byggingar og var það undanfari embættis húsameistara ríkisins sem síðar varð. Við tóku miklar annir hjá Rögnvaldi við að skipuleggja og undirbúa verklegar framkvæmdir ríkisins á öllum sviðum. Það þurfti að byggja vita, brýr, skóla, kirkjur, prestssetur, sjúkrahús o.fl. Þarna var Rögnvaldur réttur maður á réttum stað. Ekki aðeins hafði hann eftirlit með þessum opinberu framkvæmdum heldur hannaði hann mörg þeirra mannvirkja sem þurfti að reisa og stjórnaði uppbyggingu þeirra. Þar fyrir utan sinnti hann margvíslegu félagsmálastússi; vann að gerð lagabálka, sat í byggingarnefnd Reykjavíkur um hríð, kenndi við Iðnskólann og sat í skólanefnd hans, var einn stofnenda Verkfræðingafélags Íslands og þannig má áfram telja.

Þegar litið er yfir stuttan starfstíma Rögnvaldar Ólafssonar er með ólíkindum hversu afkastamikill hann var. Hafa verður í huga að við heimkomuna er hann þegar veikur af berklum, þá aðeins 30 ára gamall og þurfti því alla sína starfsævi að kljást við sjúkdóminn sem dró hann til dauða 12 árum síðar.



Fyrsti íslenski arkitektinn átti stutta starfsævi vegna veikinda en afkastaði ótrúlega miklu. hann lést á Vífilsstöðum árið 1917, aðeins 42 ára að aldri.



Glæsilegur fulltrúi timburhúsanna, Skálholtsstígu 6, byggt árið 1909.



Góður fulltrúi steinhúsa Rögnvaldar, Hafnarfjarðarkirkja, reist árið 1914.

„Alltaf haft áhuga á sögu og byggingarlist“

segir Björn G. Björnsson, höfundur bókarinnar um Rögnvald

„Ég hef alltaf haft áhuga á sögu og er grúskari í eðli mínu og hef þar að auki mikinn áhuga á byggingarlistinni og íslenskum menningarminjum. Þegar ég var að vinna að gerð sjónvarpsþátta á Stöð 2 á árunum 1988-90 fjölluðum við m.a. um ýmsa sögustaði og kirkjur og þar hreyfst ég af verkum Rögnvaldar Ólafssonar sem ekki voru ófá. Ég safnaði saman ýmsum gögnum um manninn og þau lágu óhreyfð í ein 20 ár þegar ég dustaði af þeim rykið og sá að lífsstarf hans væri efni í bók.“

Þannig kemst Björn G. Björnsson leikmyndateiknari að orði um tilurð bókar hans Fyrsti arkitektinn sem út kom á vegum Hins íslenska bókmenntafélags árið 2016. Í bókinni er greinargóður texti auk fjölmargra ljósmynda af verkum Rögnvaldar sem Björn tók vítt og breytt um landið sem varpa ljósi á þennan brautryðjanda og verk hans. Björn segir að í bókinni sé fjallað um 93 hús eftir Rögnvald en samkvæmt gögnum í Þjóðskjalasafni Íslands megi tiltaka ein 155 hús, smá og stór, sem Rögnvaldur sé ábyrgur fyrir, ýmist sem arkitekt eða húsameistari stjórnvalda. „Þetta er auðvitað ótrúlegt lífsstarf manns sem glímir við erfið veikindi nær alla ævi, á ekki nema 12 ára starfsferil og lýtur í lægra haldi fyrir berklunum aðeins 42 ára gamall,“ segir Björn.

Björn G. Björnsson er þjóðþekktur fyrir löngu, m.a. fyrir þátttöku sína í Savannatríóinu á 7. áratug síðustu aldar, leikmyndagerð í sjónvarpi í áratugi, sýningahönnun og bókaskrif. Hann hefur áður sent frá sér fjórar ljósmyndabækur svipaðs eðlis og Fyrsti arkitektinn; Torfkirkjur á Íslandi, Stóru torfbæirnir, Átta steinhús 18. aldar og Hús



skáldanna. „Áhugi á sögu og byggingarlist fylgdi mér í gegnum leikmyndagerðina fyrstu áratugina og svo síðari árin við hönnun safna og sýninga og nú er ég æ meira að snúa mér að þessu áhugamáli mínu – að skrifa um hús og húsagerð. Ætli megi ekki segja að bókin um Rögnvald Ólafsson sé hápunkturinn á þeim ferli – enn sem komið er.“ Við spurðum Björn hvað hafi leitt hann inn í heim leikmyndagerðar í sjónvarpi á sínum tíma:

„Þannig stóðu málin sumarið 1966 að ég útskrifaðist sem stúdent frá MR og alvaran blasti við. Ég hafði þá gert fjórar leikmyndir fyrir Herranótt skólans í báðum stóru leikhúsum borgarinnar og hugði á nám í arkitektúr því lengi hafði blundað í mér áhugi á húsum, gerð þeirra, stíl og stefnum. Savannatríóið var á tímamótum en við höfðum sungið á hverju byggðu bóli – að Grímsey undanskilinni – og skemmt hverjum einasta landsmanni oftar en einu sinni þau fjögur ár sem tríóið hafði starfað. Nú var annað hvort að endurnýja efnisskrána rækilega eða hætta. En þá bankaði



Hafnarstræti 4 í Reykjavík reis árið 1907 en svona leit það út í upphafi. Nú hefur það verið svipt kórónu sinni og býður þess vonandi að verða gert upp í upphaflegri mynd.



Pósthúsið í Reykjavík reis árið 1914 eftir teikningum Rögnvaldar. Það setur mikinn svip á miðborgina.



Húsavíkurkirkja, reist árið 1907, er af mörgum talin eitt fegursta mannvirki á Íslandi.

BYGGINGARLIST



Valþór Hlöðversson skrifar

Meistari timburhúsanna

Rögnvaldur er talinn hafa átt aðild að byggingu a.m.k. 155 húsa, m.a. 30 kirkna, um 60 skólahúsa og fjölda annarra bygginga, stórra og smárra. Var hann arkitekt þeirra flestra, annaðist byggingastjórnun sumra þeirra, sá um efnisútreikninga og fékk menn til verka. Hann teiknaði jafnt hús úr timbri sem steinsteypu en mörg af fyrstu steinsteyptu húsunum á Íslandi eru einmitt eftir hann.

Rögnvaldur hannaði fjölmörg íbúðarhús úr timbri í Kvosinni í Reykjavík, m.a. 12 hús umhverfis Tjörnina sem eru órjúfanlegur hluti af ímynd miðborgarinnar í dag. Af stórhýsum hans úr timbri má nefna Hótel Reykjavík sem var byggt á árunum 1905-06, en það brann árið 1915, geðsjúkrahús og embættisbústað læknis á Kleppi og Edinborgarhúsið á Ísafirði árið 1907. Sama ár hannaði hann breytingar og uppsetningu á Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu og ári síðar risu eftir hann gamli Kennaraskólinn við Laufásveg svo og stórhýsi Skúla og Theódóru Thoroddsen við Vonarstræti 12. Árið 1909 reis húsið við Tjarnargötu 33 sem Rögnvaldur hannaði fyrir Hannes Hafstein fyrrum ráðherra og sama ár reis Skálholtsstígur 6 þar sem nú er embættisbústaður franska sendiherrans á Íslandi. Loks má nefna söluturninn á Lækjartorgi sem reistur var 1907. Allt eru þetta gullmolar í byggingarsögulegu tilliti og væri hægt að telja upp marga fleiri slíka eftir Rögnvald.

Með fræðslulögunum 1907 urðu þáttaskil í uppbyggingu barnaskóla um land allt. Varð hönnun slíkra húsa, sem flest voru einföld að gerð, eitt af meginverkefnum Rögnvaldar og hans aðstoðarmanns, Einars Erlendssonar byggingameistara (1883-1968) næstu árin og risu tugir þeirra af grunni í hinum dreifðu byggðum landsins. Flest voru þau úr timbri.

Undurfagrar kirkjur

Rögnvaldur Ólafsson er sennilega þekktastur fyrir fjölmargar kirkjur sínar sem sumar eru



Forseti Íslands fékk afhent fyrsta eintakið af bókinni um Rögnvald. Frá vinstri Björn G. Björnsson, Guðni Th. Jóhannesson og Ólöf Dagný Óskarsdóttir, rekstrarstjóri Hins íslenska bókmenntafélags.

ævintýrið uppá. Íslenskt sjónvarp var að verða að veruleika og það varð að samkomulagi að Savanna-tríóið skyldi sjá þar um fyrstu sex skemmtiþættina og yrði sá fyrsti á dagskrá fyrsta útsendingarkvöldið 30. september 1966. Það kom fljótt í ljós að ekki hafði verið gert ráð fyrir leikmyndagerð í hinu nýstofnaða sjónvarpi og hinn 1. ágúst var ég ráðinn þangað til starfa sem teiknari og skyldi sjá um að búa til bakgrunna fyrir þá þætti sem ráðgerðir voru fyrst um sinn. Þannig byrjaði þetta nú allt saman og hjá Sjónvarpinu var ég næstu 12 árin.“

Björn segir að árin hjá Sjónvarpinu hafi verið mikill reynslutími og að áhugi hans á húsagerð hafi nýst honum vel í störfum síðar meir, m.a. við leikmyndagerð í kvikmyndum og leikhúsi. „Ég man eftir mjög eftirminnilegum verkefnum þar sem þekking á húsagerð kom mjög við sögu, t.d. í kvikmyndinni Brekkukotsannál árið 1972 þegar byggðum Löngustétt uppi í Gufunesi eða þá vestur í Utah árið 1979 þar sem ég byggði heilt þorp í eyðimörkinni fyrir Paradísarheimt.“



Í heimbæ Rögnvaldar á Ísafirði reis Ediborgarhúsið eftir teikningum hans árið 1907 en það var gert upp af myndarskap fyrir nokkum árum.



Þegar Vífilstaðahælið reis árið 1910 var Rögnvaldur bæði hönnuður byggingarinnar og byggingameistari. Þar lést hann úr berklum sjö árum síðar.



Með fræðslulögunum 1907 var ákveðið að reisa barnaskóla vítt og breytt um landið. Rögnvaldur koma að hönnun margra þeirra, m.a. þessa sem reis á Bíldudal árið 1906. Flestir voru þeir einfaldir að gerð.



Umhverfi Tjarnarinnar í Reykjavík er sett fjölmörgum húsum eftir Rögnvald Ólafsson sem setja mikinn brag á miðborgina.



Turninn í Bernhöftstorfu.



Smáatriðin skipta máli.



Rögnvaldi var falið að teikna geðspítala á Kleppi árið 1907 og einnig bústað fyrir yfirlækni spítalans og fjölskyldu hans. Spítalinn vék á 8. áratugnum en prófessorshúsinu tókst að bjarga og er það nú á Árbæjarsafni.

gersemi og bera vitni um einstakt listfengi meistarans. Ekki aðeins dró hann upp grunn- og útlínur þessara bygginga heldur fékk hann og til liðs við sig afburða byggingameistara og listamenn aðra til að velja liti á innréttingar og annast skreytiverk húsanna.

Fyrsta verkið af hans hendi á þessu sviði er Hjarðarholtskirkja í Dölum, byggð 1904 og því sennilega grunnhönnuð þegar hann var enn við teikninám í Kaupmannahöfn. Um er að ræða svokallaða krosskirkju með turninn í einu horninu. Systurkirkjur þessa fyrsta guðshúss hans eru Húsavíkurkirkja 1907 og kirkjan á Breiðabólsstað í Fljótshlíð, reist árið 1912 og teljast þær allar meðal hans bestu verka. Af öðrum þekktum timburkirkjum Rögnvaldar má nefna Hvanneyrarkirkju frá 1905 og Stóra-Núpskirkju og Kotstrandarkirkju, sem báðar voru reistar árið 1909.

Um helmingur kirkna Rögnvaldar voru byggðar úr steinsteypu. Þar með gerðist hann brautryðjandi í notkun steinsteypu á slíkum byggingum. Hin fyrsta þeirra er Bíldudalskirkja sem honum hafði verið falið að teikna eftir að hann kom frá Kaupmannahöfn og var hún byggð við upphaf hans ferils árið 1905. Hvað steinsteyptu kirkjurnar varðar eru sennilega merkastar þær sem risu í Keflavík, Hafnarfirði og á Fáskrúðsfirði, allar frá árinu 1914. Síðasta steinkirkja Rögnvaldar er Ólafsfjarðarkirkja frá 1916, ári áður en hann lést.

Efniviður 20. aldarinnar

Rögnvaldur Ólafsson tekur í arf stíl og efni 19. aldarinnar í byggingarlist þegar hann reisir sín fjölmörgu timburhús. Hann áttar sig hins vegar fljótt á því að steinsteypan er efniviður 20. aldarinnar. Á fyrsta ártug nýrrar aldar hannar hann allmörg steinsteypt hús auk kirkna fyrir hið opinbera, m.a. búnaðarskólana á Hvanneyri 1907, á Eiðum 1908 og á Hólum 1910. Fyrsti barnaskólinn sem reis eftir hann úr hinu nýja efni var í Vík í Mýrdal, byggður árið 1910.

Hans stærsta verk er bygging heilsuhælisins á Vífilsstöðum sem hófst árið 1909 og lauk framkvæmdum á aðeins einu ári. Þætti það vel að verki staðið í dag! Um er að ræða stórhýsi, meira að segja á nútímamælikvarða en þá var þetta stærsta steinsteypta húsið á Íslandi. Rögnvaldur, þá farinn að heilsu, var ekki aðeins hönnuður hússins heldur sá hann um alla efnisútvegun og var að auki byggingameistari þess.

Þrjú þekkt íbúðarhús úr steinsteypu voru reist eftir teikningum Rögnvaldar í miðborg Reykjavíkur árið 1912; Staðastaður við Sóleyjargötu 1, Skólabrú 2 og Tjarnargata 35. Síðasta húsið sem Rögnvaldur teiknaði var Pósthúsið í Reykjavík, reist úr steinsteypu 1914-15.

Rögnvaldur Ágúst Ólafsson lést 14. febrúar 1917, aðeins 42ja ára að aldri, þá búsettur á Vífilsstöðum. Laut hann í lægra haldi fyrir Hvíta dauðanum eftir að hafa nokkrum árum áður hannað og reist berklahælið sem á endanum batt enda á tilvist þess mikla vágests. En það er önnur saga.

Byggt á bókinni Fyrsti arkitektinn eftir Björn G. Björnsson sem kom út á vegum Hins íslenska bókmenntafélags árið 2016.


Húsin við Tjörnina

Á árunum 1906-1913 teiknaði Rögnvaldur ein sex íbúðarhús á uppfyllingu við vestanverða Tjörnina í Reykjavík þar sem nú heitir Tjarnargata. Alls risu 12 hús umhverfis Tjörnina eftir Rögnvald, m.a. Vonarstræti 12 árið 1908 og steinhús við Sóleyjargötu 1 árið 1912 þar sem nú er embættisbústaður forseta Íslands. Þá hafði hann með höndum stækkun Fríkirkjunnar við Tjörnina árið 1905.



Systurkirkjur

Meðal fegurstu verka Rögnvaldar eru systurkirkjurnar að Hjarðarholti í Dölum, á Húsavík og Breiðabólstað í Fljótshlíð. Þær eru allar úr timbri, reistar á árunum 1904-1912. Samstæðastar steinkirkna hans voru af Herði Ágústssyni nefndar „þrjár systur hinar yngri“ en þær eru Hafnarfjarðarkirkja, Keflavíkurkirkja og Fáskrúðsfjarðarkirkja, allar reistar árið 1914.



Hafnarfjarðarkirkja Keflavíkurkirkja Fáskrúðsfjarðarkirkja



Hvað má bjóða þér?

Hentugar leigulausnir á atvinnubílum og tækjum fyrir fyrirtæki.

Við hjá Ratio bjóðum upp á nýja og nýlega sendiferðabíla til rekstrarleigu.
Bílarnir okkar eru af öllum stærðum og gerðum svo þú ættir hæglega að geta fundið þann sem hentar þínum rekstri. Með rekstrarleigu þarftu ekki að reiða fram háar fjárhæðir eða taka stór lán. Áhættan á endursölu er engin og óvæntur viðhaldskostnaður hverfur.

Viðskiptavinum okkar stendur einnig til boða hagstæð leiga á byggingarkrönum, vörubifreiðum, vinnuvélum og öðrum atvinnutækjum.

Frá upphafi höfum við haft það að leiðarljósi að stunda skynsöm og milliliðalaus viðskipti við erlenda birgja. Þannig höldum við leiguverði til viðskiptavina í lágmarki.



RATIO

Ratio ehf. · Höfðabakki 3 · 110 Reykjavík · Sími 511 6600 · ratio@ratio.is · www.ratio.is

Samband stjórnendafélaga 80 ára

Samtök stjórnenda í miklum vexti



Fyrir utan höfuðstöðvar STF. „Stjórnendafræðslan í 100% fjarnámi er frábært nám sem æ fleiri kjósa sér og bæta þar með stöðu sína og hæfni á vinnumakaði.“

„Samband stjórnendafélaga er með hressasta móti þegar 80 ára afmælið nálgast og við erum að uppskera mikla fjölgun félagsmanna og aukinn styrk til að veita félagsmönnum okkar sem allra besta þjónustu. Ég tel að sambandið hafi aldrei verið öflugra en nú né átt meira erindi við þá sem gegna stjórnendastöðum vítt og breytt í atvinnulífinu. Hjá okkur bjóðast félagsmönnum fyrsta flokks kjör hvað varðar endurmenntun og aðstoð ef eitthvað kemur upp á og við leggjum mikla áherslu á að halda vel utan um okkar fólk“ segir Skúli Sigurðsson, forseti Sambands stjórnendafélaga, áður Verkstjórasambands Íslands sem innan tíðar fagnar 80 ára afmæli sínu.

80 ár frá stofnun

Það var þann 10. apríl 1938 sem nokkrir verkstjórar komu saman í húsi Eimskipafélags Íslands í Reykjavík til að stofna með sér landssamband. Flestir fundarmanna komu úr Verkstjórafélagi Reykjavíkur, sem hafði verið stofnað 1919 en að auki voru þar nokkrir vegaverkstjórar frá Vegagerð ríkisins. Fengu samtökin nafnið Verkstjórasamband Íslands, skammstafað VSÍ og töldust stofnfélagar 44 talsins. Forseti var kjörinn Jóhann Hjörleifsson vegaverkstjóri.

„Frá þessum degi hefur mikið vatn til sjávar runnið og gríðarlega merkilega saga orðið til. Eftir stofnun VSSÍ fjölgaði félögum verkstjóra um land allt og urðu þau hátt í 20 talsins þegar mest var. Á síðustu árum hefur orðið sú þróun að félögin hafa stækkað en þeim fækkað og eru nú 12 aðildarfélög í sambandinu. Samhliða því hafa verkefni á sviði samningagerðar, orlofsmála, menntunar og aðstoðar vegna veikinda eða slysa færst í auknum mæli frá einstökum félögum yfir til skrifstofu sambandsins þar sem eru 4 starfsmenn í dag. Má segja að skrifstofan okkar í Hlíðasmáranum sé orðin þjónustumiðstöð fyrir okkar félagsmenn, hvar sem þeir búa á landinu. Öll samskipti á milli manna eru auðvitað auðveld í dag með hjálp nýjustu tækni eins og allir vita.“

Fá mikið fyrir félagsgjöldin

Við spyrjum Skúla hvort fleiri stjórnendur en nú er ættu að finna sér stað í einhverjum af félögum stjórnenda en félagsmenn eru um 3.600 talsins í dag. Hann er með svörin á reiðum höndum:

„Ekki spurning, við teljum að innan okkar vébanda ættu að vera a.m.k. 8-10 þúsund félagsmenn. Í dag eru millistjórnendur í íslensku atvinnulífi dreifðir í fjölmörg verkalýðsfélög þar sem kraftarnir skiptast og réttindi eru oft ekki eins mikil og hjá okkur. Okkur hefur með markvissu kynningarstarfi tekist að fjölga allnokkuð í hópnum. Eftir að ég kom til starfa sem kynningarfulltrúi hjá Verkstjórasambandinu árið 2014 heimsóttum við Kristján Örn Jónsson, þáverandi forseti, hátt í 300 fyrirtæki um land allt og kynntum starfsemina með það fyrir augum að afla fleiri félagsmenna. Við fundum vel að þegar menn sáu svart á hvítu hvaða réttindi við gátum boðið upp á, kusu fjölmargir að ganga í eiitthvert aðildarfélaga sambandsins. Ég er þess fullviss að það muni raunar fleiri gera á næstu misserum enda félagsleg réttindi hjá okkur með því allra besta sem gerist. Menn fá því mikið fyrir félagsgjöldin sín.“

Öflugir sjúkra- og menntunarsjóðir

Sjúkrasjóður verkstjóra, eins og hann hét í upphafi, var stofnaður 1974 og hefur hann mikilvægu hlutverki að gegna fyrir aðildarfélaga. „Já, stolt okkar í STF er auðvitað Sjúkrasjóðurinn en ég get fullyrt að hann er einn sá albesti á landinu. Hann veitir mjög góð réttindi til launa og annarrar aðstoðar í slysa- og veikindatilfellum auk þess sem hann léttir undir með fjölskyldum félagsmanna þegar andlát ber að höndum og rekur einnig sjúkraíbúð fyrir þá félagsmenn utan af landi sem þurfa að leita sér lækninga á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn sjóðsins hefur lengi haft þann metnað að tryggja góða fjárhagsstöðu sjóðsins og að því búum við svo sannarlega í dag.“

Skúli nefnir líka menntamálin sem hann segir að lengi hafi verið mjög ofarlega á blaði hjá STF. „Menntunarsjóður STF okkur kleift að styðja afar vel við bak

S. Guðjónsson

eNet kerfið hentar í öll hús

„Af fjölmörgum áhugaverðum vörum sem við erum með vil ég nefna eNet hússtjórnarkerfið frá GIRA sem er afar einföld og þægileg lausn fyrir bæði nýtt og ekki síður eldra húsnæði. Með kerfinu er hægt að stýra ljósum, gluggum, gluggatjöldum og fleiru með fjarstýringu eða bara farsímanum í gegnum appið,“ segir Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson.



Skarphéðinn Smith, framkvæmdastjóri S. Guðjónsson. „Hægt er að stýra eNet kerfinu í gegnum Android, iPhone eða PC-client í gegnum eNet SMART HOME server. Uppsetning í eldra húsnæði er afar einföld.“

Þráðlaust stýrikerfi

eNet kerfið frá GIRA er þráðlaust stýrikerfi sem tók við af hinu vinsæla Funk-Bus kerfi. „Kerfið hentar í allar íbúðir og byggir á svokölluðum móttökurum eða aktorum sem eru tengdir með 230V straumi við ljósabúnaðinn og sendir þráðlaus merki á milli. Hægt er að setja nýja þráðlausa rofa í stað þeirra sem fyrir eru og því þarf ekki að brjóta veggi og leggja nýjar lagnir. Í boði eru þráðlaus rofa- og dimmerlok, þráðlausir veggsendar og þráðlausar fjarstýringar,“ segir Skarphéðinn ennfremur.

Vandaður búnaður

S. Guðjónsson var stofnað árið 1958 og hefur fyrirtækið frá árinu 1967 flutt inn sérhæfðan lýsingarbúnað sem og raf- og tölvulagnabúnað fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Starfsmenn fyrirtækisins vinna náið með rafverktökum, rafhönnuðum og arkitektum. Þá má nefna að eitt af meginverkefnum S. Guðjónsson felst í sölu á tölvulagnabúnaði, m.a. strengjum og ljósleiðurum og er fyrirtækið einn stærsti söluaðili hérlendis á því sviði.

„Í lýsingarbúnaðinum leggjum við áherslu á stærri verkefni s.s. skrifstofur, hótel, verslanir og listasöfn en einnig á alhliða heimilislýsingu. Í öllum þessum verkefnum bjóðum við aðeins vandaðan og góðan búnað,“ segir Skarphéðinn. „Hvað rafbúnaðinn varðar erum við með allt frá rofum, tenglum, vírum og köplum og bjóðum m.a. vörur frá GIRA sem er þýskur hágæða framleiðandi sem lengi hefur verið í farabroddi þegar kemur að hönnun og útliti á þessum vörum.“

sg.is

þeirra sem vilja sækja sér aukna þekkingu í starfi og er stjórnendanámið okkar frábært tækifæri fyrir alla þá sem vilja auka hæfni sína til að takast á við síbreytilega innviði og umhverfi fyrirtækja. Það er Símenntun Háskólans á Akureyri sem annast kennsluna. Námið fer að öllu leyti fram með fjarkennslu og nemendur geta því sinnt því með fullu starfi og óháð staðsetningu. Þetta er frábært nám sem æ



Skúli Sigurðsson, forseti Sambands stjórnendafélaga, önnum kafinn á skrifstofunni í Hlíðasmáranum í Kópavogi.

fleiri kjósa sér og bæta þar með stöðu sína og hæfni á vinnumarkaði.“

Nafnbreyting og nýtt lógó

Eins og fram hefur komið hétu samtök verkstjóra upphaflega Verkstjórasamband Íslands en á síðasta ári var brugðið á það ráð að skipta algerlega um nafn og númer eins og þar segir. Við innum Skúla eftir ástæðu þess.

„Sú þróun hafði fyrir allnokkru farið af stað að mörg félög innan VSSÍ höfðu smám saman breytt nöfnum sínum að hluta eða öllu leyti yfir í stjórnendafélög. Töldu menn þetta heiti vera gagnsærra og almennara en gamla verkstjóraheitið þar sem félagsmenn voru ekki allir verkstjórar heldur frekar millistjórnendur, leiðtogar eða fulltrúar fyrirtækja og töldu sig kannski ekki eiga fulla samleið með félaginu vegna nafnsins. Þegar þessar breytingar höfðu orðið úti í einstökum félögum var ákveðið eftir markvisst stefnumótunarstarf á vettvangi sambandsins, að breyta nafninu yfir í Samband stjórnendafélaga, STF eins og það heitir nú. Jafnframt var lógóinu breytt og er það nú með nútímalegra og léttara yfirbragði en áður var. Ég vona svo sannarlega að ný ímynd höfði til fleiri, ekki síst kvenna sem því miður eru allt of fáar innan okkar vébanda. Því viljum við gjarnan breyta.“



Á árunum 2018-2022 er gert ráð fyrir að verja rúmum sex milljörðum króna til endurnýjunar á malbiksyfirlögum auk hefðbundinna malbiksviðgerða.

Reykjavíkurborg
Risaátak í malbikun í sumar

Sumarið 2018 verður tæplega tveimur milljörðum króna varið til malbiksframkvæmda í höfuðborginni og 43 kílómetrar af gatnakerfi borgarinnar lagðir nýju malbiki. Aldrei áður í sögu borgarinnar hefur hefur verið ráðist í eins stórt átak til viðhalds gatnakerfis Reykjavíkurborgar á einu ári. Áhersla verður lögð á umferðarmiklar götur en einnig verður endurnýjað malbik á götum þar sem framkvæmdir við endurnýjun gatna fara fram, einkum í miðborginni.

Á vef borgarinnar kemur fram að um sé að ræða bæði malbikun yfirlaga sem og endurnýjun með fræsingu og malbikun. Alls verða 43 kílómetrar af götum borgarinnar malbikaðir en það eru um 10% af heildarlengd gatnakerfisins. Kostnaðaráætlun fyrir malbikun yfirlaga er 1.740 mkr en að auki verður unnið við malbiksviðgerðir og er kostnaður við þær áætlaður 237 mkr.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir framkvæmdirnar í ár vera hluti af átaki í malbikun sem var sett af stað árið 2016. „Árið 2017 var metár í malbikun en árið 2018 verður ennþá stærra. Við erum við að fara að malbika yfir 10% af gatnakerfinu í heild í öllum hverfum borgarinnar sem ég er mjög ánægður með. Í fyrra fórum við í 30 km og í ár í 43 km þannig að þetta átak er einstakt í sögu borgarinnar að þessu leyti. Þau verkefni sem Vegagerðin fer í bætast svo við þessar tölur en Vegagerðin er þátttakandi í malbiksátakinu.“

Framkvæmdir ársins 2018 eru í samræmi við áætlun um endurnýjun á malbiki á götum Reykjavíkurborgar til næstu fimm ára. Samkvæmt fjárhagsáætlun 2018-2022 er gert ráð fyrir rúmum sex milljörðum króna til endurnýjunar á malbiksyfirlögum auk hefðbundinna malbiksviðgerða.



Virkjun í sátt við umhverfið


Stækkun Búrfellsvirkjunar hámarkar nýtingu rennslis Þjórsár

Í sumar gangsetur Landsvirkjun nýja neðanjarðarstöð í Sámsstaðaklifi en vatn til stækkunar virkjunarinnar verður tekið úr inntakslóni núverandi Búrfellsvirkjunar. „Það hefur ríkt almenn sátt í nærsamfélaginu og þjóðfélaginu almennt um stækkunina en ólíkt öðrum framkvæmdum þá náum við að nýta þá innviði sem fyrir eru sem kallar ekki á eins mikið rask og þegar öll mannvirki eru reist frá grunni," segir Ásbjörg Kristinsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Landsvirkjun. Hún segir hina nýju framkvæmd vera í takt við umhverfisstefnu Landsvirkjunar um betri nýtingu auðlinda og að starfsemin sé í sátt við náttúru og ásýnd.

Stækkun Búrfellsvirkjunar mun hámarka nýtingu rennslis Þjórsár við Búrfell. Núverandi nýting rennslisorku við Búrfellsstöð er um 86% og talið er að um 410 GWst renni að jafnaði fram hjá stöðinni á ári hverju. „Aukið vatnsmagn í Þjórsá er til komið vegna hlýnunar jarðar en rennsli úr jöklum hefur aukist töluvert. Þá myndast tækifæri til að auka nýtingu á þeim virkjunum sem eru þegar til staðar," segir Ásbjörg. Framkvæmdir við hina nýju stöð hófust í apríl 2016, en tímarammi verkefnisins er óvenju knappur. „Venjulega eru nýjar aflstöðvar gangsettar að hausti til en til að nýta betur hámarkstíma rennslis úr Þjórsá var ákveðið að gangsetja töluvert fyrr, eða að sumri 2018," segir Ásbjörg og segir hún framkvæmdina hafa mætt ýmsum áskorunum á borð við harðan vetur en að þó hafi allt gangið vel. Slys og atvik hafi verið fátíð enda mikil áhersla lögð á öryggismál. Hefur og allt starfsfólk t.d. þurft að sitja námskeið um öryggismál áður en það fékk að hefja vinnu á svæðinu.



Ásbjörg Kristinsdóttir, yfirverkefnastjóri hjá Landsvirkjun segir hina nýju framkvæmd vera í takt við umhverfisstefnu Landsvirkjunar um betri nýtingu auðlinda


Nýja stöðin í Sámsstaðaklifi er hulin sjónum enda öll neðanjarðar.

Umhverfissjónarmið látin ráða för

„Við greindum báða valkosti, að hafa stöðina ofanjarðar og neðan. Þegar kom að orkugetu komu kostirnir út á jöfnu og einnig þegar kom að kostnaði. Við áhættugreiningu reyndust kostirnir ólíkir á mismunandi stigum en komu þó nokkurn veginn jafnt út. Við leyfðum því umhverfinu að ráða för og ákváðum að halda óspilltri sýn ofanjarðar og nýta þá innviði sem fyrir voru," segir Ásbjörg.

Sérstakt Umhverfisráð var sett á fót við framkvæmd verksins en slíkt hefur ekki verið gert áður. Í ráðinu sitja allir helstu hagaðilar í umhverfismálum, til að mynda fulltrúar sveitarfélags, Landgræðslu og Skógræktar, og segir Ásbjörg það hafa reynst afar vel og skapi aukna sátt um stór verkefni á borð við virkjanir. „Þá heyrum við líka hvaða umhverfisþætti þurfi helst að vakta og fáum ráðleggingar um hvaða tegundum trjáa og plantna þurfi að gróðursetja til að svæðið falli vel inn umhverfið."

Steypan er með stærsta kolefnisfótsporið

Ásbjörg segir reynslu Landsvirkjunar af rekstri virkjana nýtast vel við hönnun og byggingu nýrra stöðva og þá nýtist ný tækni einnig vel. Til að mynda hafi þau nýtt sér BIM þrívíddartækni við byggingu stöðvarinnar og hún hafi auðveldað allt verkeftirlit auk þess að bæta árekstragreiningu til muna.

„Við gerum einnig lífstíðargreiningar (e. Life Cycle Analysis) á verkefnum en það er ítarleg greining á áhrifum framkvæmda, allt frá fyrstu stigum og út líftíma virkjana. Þar hefur komið í ljós að steypan sjálf er stærsti þátturinn í kolefnisfótsporinu, en sementið er þar helsti sökudólgurinn." Til að draga úr neikvæðum áhrifum steypunnar hefur Landsvirkjun unnið náið með Nýsköpunarmiðstöð Íslands að því að þróa umhverfisvænni steypu sem er prófuð að hluta í þessari framkvæmd.

„Við höfum einnig verið að skoða hvaða trefjar við notum í ásprautunarsteypu sem við notum til að styrkja berg. Slík steypa er venjulega styrkt með trefjum á borð við stál og plast, en nú þekkjum við æ betur neikvæð áhrif plasts og höfum því verið að kanna hvort hægt sé að nýta náttúruleg efni á borð við basalt í staðinn," segir Ásbjörg og vonast til að þessi rannsóknar- og þróunarvinna gagnist vel í framtíðarverkefnum, bæði á vegum Landsvirkjunar og annarra. „Samfélagsábyrgð og umhverfisstefna Landsvirkjunar er ekki kvöð heldur eigin viðmið en með því skapast einnig aukin sátt um verkefnin."



100 MW til viðbótar

Ný stöð verður staðsett neðanjarðar í Sámsstaðaklifi en vatn til stækkunar virkjunarinnar verður tekið úr inntakslóni núverandi Búrfellsvirkjunar (Bjarnalón). Lónið auk veitumannvirkja eru nú þegar til staðar og hluti af núverandi Búrfellsvirkjun.

Úr inntakslóni verður grafinn um 370 m langur aðrennslisskurður fram undir brún Sámsstaðaklifs að stöðvarinntaki. Frá stöðvarinntaki fellur vatnið niður um 110 m löng fallgöng að stöðvarhúsi og þaðan er vatninu síðan veitt um 450 m löng frárennslisgöng út í 2,2 km langan frárennslisskurð sem leiðir það út í Fossá um 1 km neðan við núverandi stöð.

Uppsett afl nýrrar stöðvar verður 100 MW með einni vél en gert er ráð fyrir að síðar verði hægt að stækka stöðina um allt að 40 MW. Með stækkun Búrfellsvirkjunar má auka orkugetu raforkukerfisins um allt að 300 GWst á ári. Kemur það til bæði vegna aukinnar nýtingar á rennsli og vegna minnkaðra falltapa í núverandi stöð þegar álag er fært af henni yfir á nýju stöðina



DUNDERDON

Snickers WORKWEAR

Timberland PRO PRO SERIES



Nú fást Snickers WORKWEAR vinnuföt í BYKO GERUM ÞETTA SAMAN

Hágæða vinnuföt
í miklu úrvali

Mikið úrval af öryggisvörum

uvex · MILLER · OTTER · TOE GUARD · SOLID GEAR · Honeywell · Hultafors · Timberland PRO

Sérmerkjum fyrir fyrirtæki

HILTI

Verkfæri og festingar

HAGI ehf Stórhöfða 37 • 110 Reykjavík • S. 414-3700 • hagi@hagi.is • Hagi ehf HILTI

Trésmiðjan Stígandi á Blönduósi

Áratuga reynsla í sérsmíði innréttinga og byggingaverkefnum



Guðmundur Arnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Trésmiðjunnar Stíganda, við tölvufræsarann sem er eitt af sérhæfðum tækjum á verkstæði fyrirtækisins á Blönduósi.

„Fyrirtækið fagnaði á síðasta ári 70 ára afmæli og býr því að langri hefð í bæði innréttingasmíði og byggingaþjónustu hér á svæðinu. Stígandi er í gruninn bæði sérhæft verkstæði til framleiðslu á innréttingum og ýmsum öðrum sérlausnum og hins vegar er útiþjónustan, sem er stærri hluti okkar starfsemi. Þessar áherslur fara ágætlega saman," segir Guðmundur Arnar Sigurjónsson, framkvæmdastjóri og einn eigenda Trésmiðjunnar Stíganda ehf. á Blönduósi. Það er stærst þjónustufyrirtækja í byggingariðnaði á svæðinu en auk innréttingasmíðinnar og almennra byggingaverkefna framleiðir Trésmiðjan Stígandi líkkistur og tréstiga. Starfsmenn eru 15 en stærstu eigendur fyrirtækisins eru Ámundarkinn ehf. og Kaupfélag Skagfirðinga.

Einstaklingar og hönnuðir leita beint

Innréttingaframleiðsla Trésmiðjunnar Stíganda er alfarið sérlausnir og viðskiptavinirnir bæði byggingaverktakar, einstaklingar og hönnuðir. Að langstærstum hluta eru verkefnin á þessu sviði á höfuðborgarsvæðinu.

„Fyrir utan að fólk snýr sér beint til okkar þá er talsvert um að hönnuðir leiti til okkar um smíði á innréttingum þegar fólk er að breyta og þá getur verið um að ræða eldhúsinnréttingar, baðinnréttingar, forstofu- eða svefnherbergisskápa og margt fleira. Það má segja að við sérhæfum okkur í sérlausnum," segir Guðmundur en á verkstæði fyrirtækisins eru alls kyns sérhæfð og tölvustýrð tæki sem auðvelda starfsmönnum verkin í framleiðslunni. Innréttingar eru spónlagðar eða sprautulakkaðar, allt eftir óskum viðskiptavina. „Núna sjáum við að grátt, svart og hvítt er svolítið í tísku í innréttingalitum en viðarútlitið á undanhaldi. Svona breytist þetta frá einum tíma til annars," segir Guðmundur.

Líkkistusmíði fast verkefni

Fyrir utan innréttingasmíðina hefur Trésmiðjan Stígandi smíðað talsvert af tréstigum og þó tölvustýrðu tækin á verkstæðinu komi þar að góðum notum þá getur þessi smíði líka kallað á talsvert handverk, sérstaklega ef um er að ræða snúin handrið og slíkt. „Síðan framleiðum við líkkistur, bæði sprutulakkaðar og viðarkistur, og eigum þær til á lager. Þar erum við mest að þjónusta kaupendur hér heima í héraði en líkt og með innréttingarnar fer alltaf ein og ein kista lengra til. Á þessu sviði erum við í mun meiri samkeppni við innflutning en hvað innréttingarnar varðar," segir Guðmundur.

Hús fyrir flutningabíla MS stærsta útiverkið

Stærsta útiverkefni Trésmiðjunnar Stíganda þessar vikurnar er bygging á um 500 fermetra húsi á Blönduósi sem byggt er fyrir Ámundarkinn ehf. en húsið verður leigt Mjólkursamsölunni. Um er að ræða þjónustuhús við landflutninga MS og verður í húsinu aðstaða fyrir mjólkurflutningabíla fyrirtækisins, þvottaaðstaða og svefnaðstaða fyrir bílstjóra.

„Yfir sumartímann færist þunginn í okkar starfsemi í útiverkefnin en það er rólegra að gera í þeim í svartasta skammdeginu. Ég finn að það er talsvert að lifna yfir þessu núna, fyrirspurnir og tilboðsgerð og margir komnir í startholurnar fyrir sumarið"

stigandihf.is


Ný eldhúsinnrétting frá Trésmiðjunni Stíganda sem sett var upp í húsi í Hafnarfirði í haust.

Laugardalshöll

Stór landbúnaðarsýning í haust

Á árum áður voru haldnar glæsilegar landbúnaðarsýningar í Laugardalshöllinni. Fræg er sýningin frá 1968 sem var vel sótt af borgarbúum og bændum. Nú eru liðin 50 ár frá þeirri sýningu og þá er blásið til öflugrar landbúnaðarsýningar í höllinni 12.-14. október n.k. er hefur hlotið heitið ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018.

Sóknarhugur í bændum

Að sögn Ólafs M. Jóhannessonar, framkvæmdastjóra sýningarinnar hefur margt komið á óvart varðandi undirbúninginn. „Ég hef staðið að stórum og smáum sýningum í 23 ár og verð að segja að þetta verkefni er eitt það áhugaverðasta sem ég hef fengist við. Það sem kom mest á óvart er sá sóknarhugur sem er nú í bændum víða um land. Má segja að við stöndum hér á nokkrum tímamótum. Bændur eru til dæmis að sækja fram á sviði umhverfisvænnar ferðaþjónustu og eru margir að huga að því að setja upp hraðhleðslustöðvar við bændagistinguna. Afurðaþróun er mikil og svo kom mér á óvart hversu miklir þúsundþjalasmiðir bændur eru. Þannig stunda flestir bændur ýmis störf auk hefðbundins búskapar svo sem skógrækt, heimilisiðnað, fullvinnslu búvara, framleiðslu á endurnýjanlegri orku, fiskeldi og ferðaþjónustu sem áður var getið."


Hálf öld er liðin frá frægri landbúnaðarsýningu í Laugardalshöll og nú verður leikurinn endurtekinn dagana 12.-14. september í haust.

Sýningin endurspegli þróttinn

„Við vonumst til að sýningin endurspegli breidd og afl íslensks landbúnaðar. Fjöldi íslenskra fyrirtækja, sem er þjóna íslenskum landbúnaði, hefur þegar pantað bása og svo verðum við með fjölbreytta fyrirlestradagskrá er varpar ljósi á þau tímamót sem eru nú að verða í íslenskum landbúnaði. Sýningin er unnin í samvinnu við Bændasamtök Íslands sem munu bjóða öllum sínum félagsmönnum og svo er sýningin líka að sjálfsögðu ætluð almenningi," sagði Ólafur að lokum.

Þenslutengi og titringsdeyfar

Gúmmí-, stál- og veftengi – öll tengin eru vottuð.



Þenslutengin frá Willbrandt má pressa, teygja, beygja og nota við lagnir sem eru ekki í beinni línu innan vissra marka.

Einnig margskonar titringsdeyfar sem hlífa vélbúnaði og draga úr titringi og hávaða.

MD VÉLAR
VAGNHÖFÐA 12, REYKJAVÍK | S. 567 2800 | mdvelar@mdvelar.is | mdvelar.is

Svala-lokanir lengja sumarið

„Það hefur verið gríðarleg sala í þessum lausnum sem við bjóðum upp á og höfum við sett upp svalalokanir og handrið í mörgum nýjum hverfum eins og í Lundi og Naustavör í Kópavogi, Mánatúni í Reykjavík og við Holtsveginn í Urriðaholtshverfinu í Garðabæ svo dæmi séu tekin. Við bjóðum nú frábær kerfi frá pólska framleiðandanum COPAL í óteljandi útfærslum sem við hönnum og setjum upp fyrir kaupendur,“ segir Ragnar Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri hjá Gleri og brautum.

Íslenska sumarið getur verið rysjótt og því upplagt að skáka veðurguðunum með því að skapa aukið skjól á svölum fjölbýlishúsa. Þessar glerlokanir eru ekki einvörðungu til að skapa góðar veðuraðstæður fyrir íbúana heldur veita þær vörn gegn hita og umhverfishljóðum og verja þar að auki ytra byrði húsanna mjög vel. „Við aðstoðum viðskiptavinina í gegnum allt ferlið; tökum mál í upphafi, teiknum upp lausnir miðað við aðstæður á hverjum stað, gerum tilboð í allan pakkann og önnumst uppsetningu og frágang. Það má vekja athygli á því að svalalokanir frá okkur eru ca 95% þéttar sem gerir að verkum að þær reiknast ekki sem viðbótarrými þannig að fasteignagjöldin hækka ekki,“ bætir hann við.

COPAL glerbrautakerfið, sem Gler og brautir bjóða, hentar flestöllum gerðum svala. Brautirnar eru framleiddar úr hágæða áli sem tærist ekki og koma í öllum litum. Brautirnar hreinsa sig sjálfar en því oftar sem kerfið er notað, því betra. Vandað öryggisgler er í lokunum. Mikil reynsla er komin af notkun glerbrautakerfisins hér á landi og hefur það staðið sig vel gegn íslenska veðrinu. „Stór þáttur í þessu er að svona glerlokanir verja húsin vel fyrir vatni og vindum en oftast vill bera mest á steypuskemmdum í eldri húsum í og við svalir. Í dag er það svo að flestir arkitektar fjölbýlishúsa gera ráð fyrir svona lausnum við hönnunina strax í upphafi enda eru fjölmörg nýbyggð glæsihús með lokunum frá okkur. Þá er ekkert vandamál að hanna þessar lausnir fyrir eldri byggingar og það hefur færst mjög í vöxt á þeim 12 árum sem Gler og brautir hafa verið á þessum markaði.“

Gler og brautir eru með í undirbúningi að bjóða upp á garðskála úr efni frá COPAL en þeir geta verið frístandandi í garðinum eða á verönd húsanna.

glerogbrautir.is



Ragnar Stefán Halldórsson, framkvæmdastjóri. COPAL glerbrautakerfið er framleitt úr hágæða áli sem tærist ekki og hægt er að velja um fjölda lita.



Hér má sjá svalahandrið sem var hannað og sett upp af sérfræðingum Glers og brauta við Holtsveg 45 í Garðabæ.

Gira eNet – nýja þráðlausa, tvíátta hússtjórnarkerfið
Innlagnaefni bætt við á einfaldan hátt
www.gira.is

GIRA

eNet Þráðlausi staðallinn í rafiðn
Ókeypis námskeið á www.academy.gira.com



Innlagnaefni bætt við á einfaldan hátt
Gira eNet er nýtt þráðlaust, tvíátta hússtjórnarkerfi fyrir snjalla samtengingu og stjórnun nútímalegra innlagnaefna. Með einföldum hætti er hægt að bæta við þráðlausum eiginleikum á borð við ljósa- og gardínustýringu og tengja þá saman. Hægt er að setja nýja þráðlausa rofa í stað þeirra sem fyrir eru og þarf því ekki að brjóta veggi og leggja nýjar lagnir. Í boði eru þráðlaus rofa- og dimmerlok, þráðlausir veggsendar og þráðlausar fjarstýringar.
Mynd frá vinstri til hægri: Gira eNet þráðlaust rofa-/dimmerlok, einfalt, System 2000 – Gira eNet þráðlaus stjórnhnappur fyrir rimlagardínur, einfaldur – Gira eNet þráðlaus veggsendir, þrefaldur, Gira E2, mjallhvítt glansandi



Einfalt er að stjórna eNet í snjalltækjum
Með Gira Mobile Gate er hægt að stjórna öllu kerfinu í farsímum og spjaldtölvum með iOS- og Android-stýrikerfi. Þannig er hægt að stjórna gardínum, ljósum og senum á einfaldan og þægilegan hátt í Gira viðmótinu í gegnum þráðlausa netið á heimilinu. Hægt er að sjá stöðu ljósa og gardína á augabragði.
Mynd: Nýja Gira viðmótið fyrir Mobile Gate á snjallsíma

Viðurkenningar sem Gira viðmótið hefur hlotið: Red Dot Award – Communication Design 2014, Best of the Best fyrir mestu gæði hönnunar [Viðmótshönnun: schmitz Visuelle Kommunikation]

Made in Germany
Intelligent building technology by Gira

S·GUÐJÓNSSON
Smiðjuvegur 3 · 200 Kópavogur · Sími: 520-4500 · www.sg.is

Fasteignaskoðanir Frumherja auka gæði í fasteignaviðskiptum

„Fólk er almennt orðið mun meðvitaðra um hvernig það getur varið sig gagnvart mögulegum göllum bæði við kaup og leigu fasteigna," segir Kristín Erla Einarsdóttir sviðsstjóri mannvirkja- og veitusviðs hjá Frumherja. Fyrirtækið hefur frá árinu 2011 boðið margvíslegar skoðanir, mælingar og prófanir sem tengjast ástandi húsnæðis og segir Kristín Erla að almenningur hafi frá byrjun verið duglegur að nýta sér þessa þjónustu og nú séu fyrirtæki eins og leigufélög og fasteignafélög að koma inn í auknum mæli.

„Úttekt fagfólks er ein leið til að leiða í ljós þá galla sem kunna að vera fyrir hendi þannig að báðir aðilar gangi upplýstir inn í kaup- eða leigusamning," segir Kristín Erla. Hún segir að meðal fjölmargra tegunda fasteignaskoðana sem Frumherji bjóði upp á þá séu söluskoðun, leiguskoðun og ýmsar tegundir ástandsskoðana vinsælastar. Kristín Erla segir fyrirtækið nýlega hafa fest kaup á flygildi eða dróna sem ætlaður er til skoðana þar sem aðgengi er erfitt, eins og oft er í háum byggingum.



„Ný ákvæði í mannvirkjalögum sem kveða á um að byggingareftirlit skuli vera í höndum faggiltra aðila, munu skapa tækifæri fyrir Frumherja til að taka að sér enn viðameiri verkefni fyrir sveitarfélög og byggingaraðila í landinu," segir Kristín Erla Einarsdóttir, sviðsstjóri hjá Frumherja.



Kristín Erla Einarsdóttir sviðsstjóri mannvirkja- og veitusviðs hjá Frumherja.

Söluskoðun

Söluskoðun er sjónskoðum sem gerð er samkvæmt ákveðnu skoðunarferli gegn föstu gjaldi. Þá er gengið um eignina að utan og innan og almennt ástand hennar metið. Leitað er að því sem getur talist til skemmda eða galla og valdið kaupanda verulegum kostnaði. Að lokinni skoðun er niðurstöðum skilað til verkbeiðanda með almennum upplýsingum um eignina ásamt helstu athugasemdum skoðunarmanns og myndum. Algengast er að gerður sé fyrirvari um skoðun í kauptilboði og ættu 7 virkir dagar að vera nægilegur fyrirvari segir Kristín Erla.

Leiguskoðun

Að sögn Kristínar Erlu færist í vöxt að Frumherji sé fenginn sem óháður aðili, til að skoða fasteignir áður en þær eru leigðar. Slík skoðun er stöðumat á eigninni og felst í að ljósmynda og skrá almennt ástand eignarinnar við upphaf leigutímans," segir Kristín Erla og bætir við að myndir sem teknar eru í skoðuninni séu geymdar í gagnasafni Frumherja og aðgengilegar bæði leigusala og leigutaka hvenær sem er.

Ástandsskoðun

Þriðja skoðunarformið sem Kristín Erla nefnir er svokölluð ástandsskoðun. „Þessi þjónusta er mjög vinsæl og felur í sér skoðun á afmörkuðum hluta fasteignar til dæmis ef fólk verður vart við leka eða annan galla og vill fá mat á því hve umfangsmikill hann er og hvert rekja megi upptök hans. Skoðun á þaki, rakamælingar og sýnataka vegna myglusveppa eru einnig dæmi um ástandsskoðanir Frumherja.

Stækkandi markaður

Kristín Erla greinir vaxandi þörf fyrir þjónustu Frumherja á byggingasviði. Eftirspurn fyrirtækja í fasteignarekstri fer vaxandi auk þess sem fjármálastofnanir og tryggingafélög sýna starfseminni aukinn áhuga. Þá hefur Frumherji í vaxandi mæli tekið að sér yfirferð hönnunargagna fyrir sveitarfélög. „Um áramót taka gildi ákvæði mannvirkjalaga sem kveða á um að byggingareftirlit skuli vera í höndum faggiltra aðila, en Frumherji hefur veitt faggilta þjónustu á ýmsum öðrum sviðum í um tvo áratugi. Þessi breyting skapar tækifæri fyrir Frumherja til að taka að sér enn viðameiri verkefni fyrir sveitarfélög og byggingaraðila í landinu og er spennandi viðbót við þjónustu Frumherja," segir Kristín Erla að lokum.

frumherji.is



testo hitamyndavélar

...þegar gæðin skipta máli

fyrir ástandsmat á byggingum og lögnum, hættu á myglu, við bilanagreiningu og eftirlit á vélbúnaði og rafbúnaði. Geta tengst snjallsímum með appi, hægt að senda skýrslu af staðnum, tengjast raka- og straumskynjurum.

Verð frá 165.000 með vsk*
*testo 865 -20 til 280°C
með superresolution 320x240 pixel



...Nýtt frá testo

Einfalt eftirlit með hita og raka

- wifi fyrir kæla, frysta og geymslur
- aðgangur að testo skýi
- mælingar aðgengilegar hvar sem er
- með snjallsíma eða tölvu
- aðvaranir í sms

Skoðið úrval mælitækja frá testo
www.rj.is/testo

RJ Verkfræðingar

RJ Verkfræðingar ehf. | Stangarhyl 1a | 110 Reykjavík | Sími 5678030 | www.rj.is | rj@rj.is

Getur þú hugsað þér **daglegt líf án rafmagns?**



RARIK hefur verið í þjónustu lands og þjóðar í 70 ár og rekur í dag stærsta dreifikerfi raforku á Íslandi. Háspennuhluti kerfisins er um 8.700 km að lengd og nú þegar eru um 57% þess komin í jörð. Með því hefur afhendingaröryggi aukist til muna og rafmagnstruflunum fækkað verulega.

www.rarik.is

RARIK

Ratio útvegar atvinnutækin

Fyrirtækið Ratio hf. var stofnað árið 2014 og sérhæfir sig í rekstrarleigu á sendiferðabílum, byggingakrönum, vörubifreiðum og öðrum stærri atvinnutækjum Að sögn Stefáns Gestssonar framkvæmdastjóra er góður vöxtur í rekstrinum og sífellt meiri eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins. Viðskiptavinir Ration hf. eru fjölmargir; ríki og sveitarfélög, verktakar í byggingariðnaði, heildsölufyrirtæki o.fl.



Stefán Gestsson, framkvæmdastjóri Ratio við grunn CCP hússins í Vatnsmýrinni en það verður steypt upp í mótum frá Ratio hf.

„Á þeim stutta tíma sem liðinn er frá því fyrirtækið hóf rekstur hafa áherslur á markaðnum þróast nokkuð og við leitumst við að svara kröfum hans hverju sinni. Á meðan ákveðinn kjarni rekstrarins er í sendiferðabílum þá höfum við verið að þróast meira í að rekstrarleigja ýmis stærri atvinnutæki líkt og byggingakrana, vörubíla og steypudælubíla. Undanfarið höfum við verið að þróast í átt að þjónustu við byggинga- og jarðvinnugeirann og nýjasta viðbót félagsins er samstarf við ítalskan steypumótaframleiðanda, Faresin Formwork að nafni. Faresin er framleiðandi hágæða steypumóta en jafnframt er verðið mjög samkeppnishæft. Gaman er að segja frá því að stórhýsi CCP, sem rísa mun í Vatnsmýrinni, mun einmitt verða steypt með mótum frá okkur. Annar þáttur sem sífellt er að stækka hjá okkur er sala og/eða miðlun á tækjum, hvort heldur það er úr flota okkar eða erlendis frá. Það þýðir að ef viðskiptavinurinn kýs að leigja ekki tæki þá býðst honum að kaupa tækið," segir Stefán í samtali.

Spara fjármagn og fyrirhöfn

Langflestir viðskiptavina Ratio leigja tækin til nokkuð langs tíma eða frá 3 til 36 mánaða. Ratio býður þó styttri leigutíma ef því er að skipta. Stefán segir að erlendis séu viðlíka leigufyrirtæki algengari en hér hefur verið en augu margra rekstraraðila séu að opnast fyrir kostum þess að leigja tæki í stað þess að kaupa þau.

„Að okkar mati eru fjölmargir kostir við að leigja tækin hjá okkur því viðskiptavinurinn sparar sér tvímælalaust tíma, fjármagn og fyrirhöfn. Viðskiptavinur þarf ekki að leggja út 20-30% eigið fé til þess að fá tækið í hendurnar. Rekstur flotans er í höndum sérfræðinga sem hjá okkur starfa og viðskiptavinurinn þarf ekki að hafa áhyggjur af endursöluverði né mæta sveiflukenndum rekstrarkostnaði. Allur kostnaður við rekstur viðkomandi tækis liggur fyrir í upphafi og því auðveldara að gera áætlanir fram í tímann. Þá er mikið rekstraröryggi fólgið í því að leigja tækið því ef eitthvað bilar þá björgum við því í hvelli, annað hvort með tafarlausri viðgerð eða með öðru tæki til að tryggja sem mestan uppitíma. Loks er nokkuð skattalegt hagræði af þessari leið og fjármagn, sem annars færi í tæki og bifreiðar, nýtist í kjarnastarfsemi fyrirtækisins," segir Stefán. Hann bætir því við að flotinn, sem viðskiptavinurinn leigir, sé sérsniðinn að starfseminni á hverjum tíma og hægt að fjölga eða fækka leigueiningum á samningstíma til að bæta skilvirkni rekstrarins.

Allt öflug hágæðatæki

Stefán segir að viðskiptamenn Ratio eigi kost á að leigja nýja sendibíla en einnig lítið notaða gegn lægra gjaldi. Nýir bílar séu keyptir beint frá erlendum birgjum. „Hvað vörubílana og gröfurnar varðar þá leitumst við að versla af umboðsaðilum tækjanna hérlendis til að tryggja sem best sérhæfða viðgerða- og varahlutaþjónustu sem þeir bjóða. Dæmi um nokkra af okkar samstarfsaðilum eru t.d. DS Lausnir ehf, Askja hf, Verkfæri ehf og Kraftvélar ehf. En það, sem allir þessir aðilar eiga sameiginlegt, er að þeir bjóða upp á vörur sem eru í bestu mögulegu gæðum og úrvals þjónustu, hver á sínu sviði."


ratio.is



Vegaframkvæmdir og brúarsmíð í fullum gangi í Berufirði

Loks hægt að fara allan hringinn á bundnu slitlagi

Eitt stærsta framkvæmdaverkefni Vegagerðarinnar á hringveginum um þessar mundir er nýr vegarkafli og brúarsmíð í botni Berufjarðar. Verkið hófst í fyrrahaust og er áætlað að því ljúki 1. september næstkomandi en aðalverktaki í framkvæmdinni er Héraðsverk ehf. Með framkvæmdinni fá heimamenn í Berufirði loks langþráðar úrbætur í vegasamgöngunum en hún er ekki síður merkileg fyrir þær sakir að þar með næst það takmark að hægt sé að aka þjóðveg 1, hringinn um Ísland, á bundnu slitlagi. Og um leið fækkar með nýja veginum um eina einbreiða brú á hringveginum.



Tölvugerð mynd sem sýnir legu vegarins í botni Berufjarðar.

Fimm kílómetra vegarlögn

Um er að ræða vegarkafla sem er í heild 4,9 km að lengd og þar með talin 50 metra löng brú. Búið að leggja hluta vegarins og byrjað á undirstöðum brúarinnar, að sögn Sigurþórs Guðmundssonar hjá Vegagerðinni, en Vegagerðin sér um að reka niður undirstöður fyrir brúna. Brúin er staðsteypt og eftirspennt.

Hluti vegarins liggur um leirur í fjarðarbotninum og verður umflotinn sjó. Prammi mun á næstunni fylla af sjó í vegstæðið á um 500 metra kafla þar sem þar sem áll fjarðarins er dýpstur. Tilheyrandi verkinu eru einnig nýjar heimreiðar að bæjunum Hvannabrekku og Berufirði, alls um 1,6 km.

„Verkinu hefur miðað ágætlega áfram en tíðarfarið í svartasta skammdeginu hefur aðeins tafið fyrir eins og gengur. Haldist góð tíð og ekkert óvænt komi upp á þá er við það miðað að verklok verði 1. september í haust," segir Sigurþór

Heildarkostnaður þessara framkvæmda var áætlaður tæplega 1300 milljónir króna.

vegagerdin.is



Héraðsverk er aðalverktaki framkvæmdarinnar í Berufirði og hefur unnið að vegagerðinni frá því snemma hausts.



Nú er verið að reka niður undirstöður fyrir nýju brúna.

Sjáumst!

Endurskins- og hlífðarfatnaður í úrvali fyrir íslenskt veðurfar.

Hafðu samband.

Við veitum þér faglega aðstoð.

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

Ísrör fyrir veitur og verktaka

Ísrör hefur þjónað orkuveitum og verktökum um land allt frá stofnun árið 1992 og aðalega boðið upp á vörur tengdar lagningu á rörum fyrir heitt vatn. Stofnandi fyrirtækisins, Birgir Sigurjónsson, starfaði hjá fyrirtækinu alla tíð þar til um mitt ár 2017 er hann lét af störfum eftir að hafa selt það. Nýir eigendur tóku við rekstrinum fyrir tveimur árum og eru nú að bæta við vöruframboðið, m.a. rörum og tengiefni fyrir lagningu á köldu vatni til að bæta enn þjónustu sína við okruveitu, vatnsveitu og verktaka. Einn liðurinn í því að bæta þjónustuna er að núna í mars verður hleypt af stokkunum nýrri heimasíðu þar sem greinilega kemur fram það vöruúrval sem er hjá fyrirtækinu.



Markmið Ísrörs er að bjóða veitufyrirtækjum og verktökum örugga þjónustu og afbragðs vörur frá bestu framleiðendunum.


Ísrör hefur lengi verið sterkt á markaði þegar kemur að foreinangruðum rörum fyrir hitaveitur.

„Við tókum við góðu búi af stofnanda fyrirtækisins, en Ísrör hefur lengi verið sterkt á markaði þegar kemur að foreinangruðum pexrörum fyrir hitaveitur. Nú erum við að bæta í flóruna varðandi hitaveitulagnir og erum með á lager foreinangruð stálrör og fittings. Stefnan er að bjóða upp á allar lagnir og tengiefni sem þarf að og frá húsum. „Markmið okkar er að bjóða veitufyrirtækjum og verktökum örugga þjónustu og afbragðs vörur frá bestu framleiðendunum," segir Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Ísrörs í Hafnarfirði.

Pex- og stálrör frá Danmörku

Helstu vöruflokkar Ísrörs eru foreinangruð pex- og stálrör ásamt tengiefni frá stærsta framleiðanda í heimi, Logstor A/S í Danmörku. Fyrirtækið býður einnig upp á Haelok pressutengi og vélar til að tengja saman stállagnir. „Við bjóðum einnig upp á varúðarborða og hlífðarborða til að verja lagnir í jörð sem og mjög sterkar en léttar jarðvegsmottur til að hlífa viðkvæmum verksvæðum. Einnig erum við með handhæg tjöld til að auðvelda starfsmönnum að sinna viðgerðum og tengingum á köplum og lögnum í jörðu fyrir veðri og vindum. Þá erum við með opnanleg hlífðarrör til notkunar á vinnusvæðum til að verja lagnir þar sem aka þarf yfir á bílum og vinnuvélum. Á lager er alltaf til nóg af vinsælu gulu sveigjanlegu ídráttarrörunum og klofnu tvöföldu ídráttarbörkunum," segir Örn ennfremur.

Tengiskápar í úrvali

Ísrör býður uppá vandaða útiskápa úr galvaniseruðu stáli og eru þeir duftlakkaðir en fyrirtækið hefur boðið slíka skápa frá árinu 2002. Um er að ræða skápa fyrir hitaveitugrindur, dælur og lagnir, gaskúta og ljósleiðarabúnað.

„Þeir sem starfa í sérhæfðu fyrirtæki eins og okkar gera sér grein fyrir því að ef búnaður eða lagnir í veitum bilar skyndilega er viðbragðstíminn allt sem máli skiptir. Þess vegna kostum við kapps að vera með góðan og fjölbreyttan lager en hann er undir flest búinn því við vitum að ef lagnir bila þarf að vera hægt að gera við í hvelli og án fyrirvara," segir Örn að lokum.

isror.is

Tendra arkitektar

Nýr valkostur á húsnæðismarkaði

Tendra arkitektar eru að þróa lausn sem þau kalla sveitafjölbýli og er nýr valkostur á húsnæðismarkaði. Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða fjölbýlishús sem er í sveit í útjaðri höfuðborgarinnar. Í stað þess að á jörðinni rísi stakur sveitabær eins og gjarnan tíðkast verður þar fjölbýli með 25 íbúðum sem hafa aðgang at flestu því sem „frístundabændur" geta óskað sér. Með slíku fjölbýli er stefnt að því að sveitadraumurinn geti orðið að raunhæfum möguleika enda tilkostnaður mun lægri, þægindi meiri og aðgangur að öllu því sem höfuðborgin hefur upp á að bjóða innan seilingar. Kannski það besta úr báðum heimum.

Jóhann Sigurðsson, framkvæmdastjóri Tendra segir kröfur Íslendinga til íbúða í sífelldri þróun og mikilvægt að bera kennsl á hvað veitir fólki lífsgæði. „Okkur langar að taka hugmyndina um borg í sveit alla leið, þar sem við búum þétt saman með öllum þeim kostum sem því fylgja, en getum á sama tíma nýtt okkur náttúru sveitarinnar með öllum þeim lífsgæðum sem hún felur í sér." Með fjölbýli í sveit er hægt að byggja á hagkvæman hátt enda byggingarland almennt ódýrara og með fjölbýli næst enn frekari hagræðing. „Það mikilvægasta er þó að fólk finni búsetulausnir sem veiti því ánægju og eru í takt við lífstíl og drauma viðkomandi."


Jóhann Sigurðsson, framkvæmdastjóri Tendra.

Hægt verður að kaupa aðstöðu í hesthúsi og gerði sem verður við hliðina á íbúðahúsinu. Í sveitafjölbýlinu er gert ráð fyrir lítill gestaíbúð sem eigendur íbúða geta fengið lánaða og lítill salur fyrir afmæli o.þ.h. Sólar nýtur allan daginn og útsýni verður mikið úr öllum íbúðum. Hverri íbúð fylgja yfir 20m2 svalir auk vetrargarðs sem hægt verður að nota sem gróðurhús auk þess sem matjurtargarður fylgir hverri íbúð. Áhugi væntanlegra kaupenda verður kannaður á næstu dögum en Tendra hefur verið leiðandi í markaðskönnunum á íbúðarmarkaði meðal íbúðakaupenda hér á landi.

tendra.is


Með fjölbýli í sveit er hægt að byggja á hagkvæman hátt enda byggingarland almennt ódýrara og með fjölbýli næst enn frekari hagræðing.

BORÐPLÖTUR
OG SÓLBEKKIR

· Gæðavörur úr harðplasti, akrílstein, Fenix og límtré.
· Mikið úrval efna, áferða og lita.
· Framleiðum eftir óskum hvers og eins.
· Hentar jafnt fyrir heimili, vinnustaði og almenningssvæði.

1987 30 ÁRA 2017

Fanntófell hefur sérhæft sig í framleiðslu á borðplötum og sólbekkjum síðan 1987.

Fanntófell ehf. | Bíldshöfða 12 | 110 Reykjavík | Sími 587 6688 | fanntofell.is

Fanntófell

FROST

KÆLISMIÐJAN FROST EHF.

Ferskt eða frosið - alla leið!



Alhliða þjónusta og heildarlausnir, hönnun og uppsetning smárra jafnt sem stórra kæli- og frystikerfa.

Frysti- og kæligeymslur, kæli- og frystiklefar, frysti-, kæli- og eldvarnahurðir, veggeiningar, kæli- og frystiklefar, frystipressur, kælivélasamstæður, tölvukælar, kælimiðilsdælur, lausfrystar, lokar og stjórnbúnaður, brauðunar- og fullvinnslulínur, plötufrystar, sjálfvirkir láréttir plötufrystar, eimsvalar, mjólkurtankar, loftþurrkarar, RSW kerfi, varahlutir og margt fleira...

allt á sumt

Kælismiðjan Frost ehf.
Fjölnisgata 4b, 603 Akureyri
Sími +354 464 9400
Fax +354 464 9401

Kælismiðjan Frost ehf.
Lyngás 20, 210 Garðabæ
Sími +354 464 9400
Fax +354 464 9402

frost@frost.is
www.frost.is

Samstarfsaðilar: PF Frost, Færeyjum

TREYSTU Á TRIMBLE

BJÓÐUM HEILDARLAUSNIR FYRIR ÖLL VERK.
HÖNNUN / FRAMKVÆMD / UPPGJÖR

VERIÐ VELKOMIN Á BÁS OKKAR D50
Á VERK OG VIT SÝNINGUNNI



Trimble
Authorised Dealer





SÍÐUMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK / SÍMI 5105100

/ ISMARICELAND · WWW.ISMAR.IS

ÍSMAR

...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ **BESTA**



Hugmynd Kanon arkitekta um hvernig nýta mætti ný svæði sem opnast við að færa Miklubraut í stokk.

Miklubrautarstokkurinn

„Hugmynd sem taka þarf afstöðu til,“ segir Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkururborgar

„Hugmyndin um að leggja Miklubraut í stokk er að mínu mati raunhæf og hefur verið til skoðunar lengi. Hún kom inn á aðskipulag Reykjavíkur fyrir rúmlega 20 árum og var skoðuð þar til fyrir um 10 árum þegar ákveðið var að leggja hana til hliðar um sinn um leið og áform um meiriháttar breytingar á gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar,“ segir Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar. Hann segir að það hafi meðal annars verið gert eftir að fyrir lágu niðurstöður samráðshóps sem stofnaður var með íbúum 2008 þar sem lagt var til að breytingum á Kringlumýrarbraut yrði frestað en áhersla lögð á að leggja Miklubraut í stokk frá Snorrabraut austur fyrir gatnamótin við Kringlumýrarbraut.



Þorsteinn R. Hermannsson samgöngustjóri Reykjavíkur segir að með því að færa Miklubraut í stokk opnist tækifæri til að framlengja Snorrabraut í gegnum Hlíðarendasvæðið og tengja hana Kársnesinu með brú fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi. Þar með verði til nýr samgönguás frá Hlemmi í norðri að Smáralindarsvæðinu í gegnum Kársnes í suðri.

Miklubraut breytt í borgargötu

Þorsteinn segir að nú þegar unnið sé að hverfisskipulagi fyrir Hlíðar, Háaleiti og Bústaðahverfi sé eðlilegt að þetta mál komi aftur á dagskrá. „Árið 2016 var farið með málið í rýnihópa og á íbúafundi og það er skýrt að íbúar eru mjög áhugasamir um að setja Miklubraut í stokk og verði það gert eru þeir einnig jákvæðir fyrir því að þétta byggð á svæðinu og að breyta Miklubraut á yfirborði í borgargötu með rólegri hverfisumferð.“

Þær hugmyndir sem nú liggja fyrir gera ráð fyrir að Miklubrautarstokkurinn opnist í vestur við Snorrabraut og að austurendi hans verði á móts við göngubrú yfir Miklubraut austan bensínstöðva Orkunnar. Stokkurinn verður, skv. fyrirliggjandi hugmyndum, 1750 metra langur og með tveimur akreinum í báðar áttir. Ofan á honum verði borgargata með einni akrein fyrir bíla í hvora átt og einni akrein fyrir almenningssamgöngur í hvora átt auk göngu-og hjólastíga.

Bætt lífsgæði íbúanna

Þorsteinn segir að meginmarkmiðið með stokki sé ekki að auka þjónustustig umferðarinnar heldur að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum hennar og að bæta lífsgæði þeirra sem búa í nærliggjandi hverfum. Ennfremur að greiða fyrir almenningssamgöngum og innleiðingu Borgarlínu.

„Fólk kallar eftir bættum gönguleiðum



Útlitsteikning af gatnamótum Stakkahlíðar og Miklubrautar eins og þau gætu litið út eftir að stokkurinn er kominn.

Linde Material Handling



Handlyftivagnar
málaðir, galvaniseraðir og ryðfríir



Pixy liðléttingar



Dulevo
Sópar og skúringarvélar



Rafgeymar
Sellur og hleðslutæki



Goupil rafmagnsbílar



Merlo skotbómulyftarar



John Deere dráttarvélar



Linde dísel með hydróstatísku drifi

Mest seldi dísellyftarinn á Íslandi

Steinbock þjónustan, leiðandi fyrirtæki í rúm 45 ár í þjónustu á lyfturum.

Íslyft ehf


STEINBOCK ÞJÓNUSTAN EHF

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur
Sími 564 1600 - islyft@islyft.is



Teikning af vesturenda framkvæmdasvæðisins eins og það gæti litið út eftir að stokkurinn hefur tekið við mesta umferðarálaginu. Ein akrein í hvora átt auk göngu- og hjólastíga og svæðis fyrir almenningssamgönur.

yfir Miklubrautina, að dregið verði úr umferðarhraða, öryggi aukið, svifryk minnkað og hljóðvist á svæðinu bætt. Með því að setja Miklubraut í stokk er búin til ný leið fyrir bílaumferðina um leið og skapaðar eru góðar aðstæður ofanjarðar fyrir vistvænar samgöngur og borgarlíf.“ Hann segir að um leið verði hægt að tengja betur saman byggðina sem Miklabrautin sker nú í sundur en í nálægum hverfum búa í dag um 17 þúsund manns. Með þessum breytingum verði einnig hægt að þróa byggð á reitum sem eru vannýttir í dag. Alls muni opnast um 12 hektarar af byggingarlandi sem nýta megi til að fjölga íbúðum og byggja upp atvinnu og þjónustu á eftirsóttum reitum miðsvæðis. Talið er að hægt verði að byggja um 1.400 íbúðir á þessum reitum auk atvinnuhúsnæðis sem muni fjármagna að hluta stofnkostnað við stokk sem áætlað er að geti numið alls 21 milljarði króna.



Yfirlitsteikning sem sýnir Miklubrautarsvæðið eins og það gæti litið út eftir að gatan hefur verið sett í stokk. Vestara op stokksins er á móts við bláu byggingarnar neðst á myndinni.

Líklega kosningamál

Aðspurður hvar málið standi í dag segir Þorsteinn búið að gera frummat á þróunarmöguleikum, hvað hægt verði að byggja mikið og hvernig skipulagið gæti litið út. „Nú er það íbúanna og kjörinna fulltrúa að taka afstöðu til þess hvort þeir vilji halda áfram með málið. Vilja þeir setja þetta formlega inn á aðalskipulag Reykjavíkur og fara af stað í frekari greiningar og skipulagsbreytingar?“ Þorsteinn telur ekki ólíklegt að Miklubrautarstokkurinn verði eitt af kosningamálum í komandi borgarstjórnarkosningum. „Menn þurfa að taka afstöðu til þessarar hugmyndar. Ef menn eru henni mjög andsnúnir þarf það að liggja fyrir og því er mikilvægt að fá þetta inn í umræðuna núna,“ segir Þorsteinn. Hann segir mikla vinnu framundan vilji menn halda áfram með málið. Vinna þurfi nánari greiningar en þá sé eftir ítarlegt skipulags- og hönnunarferli ásamt umhverfismati. „Þetta eru tímafrek ferli og það þarf að vanda til verka. Ég geri ráð fyrir það geti tekið alla vega 4-5 ár áður en hægt verður að hefja framkvæmdir og síðan taki 2-3 ár að byggja stokkinn.“

Ýmsir tengimöguleikar

Með Miklubrautarstokki segir Þorsteinn að opnist margir nýir og áhugaverðir möguleikar til að tengja hverfin. Til dæmis verði hægt að tengja göturnar í Kringlunni yfir í Álftamýri sem sem ekki er hægt í dag. Þá liggi líka beint við að Stakkahlíð geti farið þvert yfir Miklubrautina og síðast en ekki síst verði hægt að framlengja Snorrabraut í gegnum Hlíðarendasvæðið og tengja hana Kársnesinu með brú fyrir almenningssamgöngur, gangandi og hjólandi. „Þetta verður að mínu mati stærsta breytingin því með henni fáum við nýjan samgönguás frá Hlemmi í norðri að Smáralindarsvæðinu í gegnum Kársnes í suðri. Þetta býður upp á allt aðra möguleika en við höfum í dag og mun tengja byggðirnar á svæðinu á skilvirkan og skemmtilegan hátt, meðal annars með tilkomu Borgarlínu,“ segir Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar.





Í lok árs er reiknað með að um 450 íbúðir verði komnar í byggingu hjá Bjargi og rúmlega 1.000 til viðbótar á næstu þremur til fjórum árum.



Leiguheimili fyrir tekjulága rísa nú af grunni við Móaveg í Reykjavík en þar er að hefjast bygging 155 íbúða á vegum verkalýðshreyfingarinnar.

Myndir: Yrki arkitektar.

Bjarg byggir fyrir tekjulága

Framkvæmdir eru hafnar við byggingu 155 leiguíbúða sem Bjarg íbúðafélag reisir við Móaveg í Spönginni í Reykjavík. Íbúðirnar eru ætlaðar tekjulágum einstaklingum og fjölskyldum. Er þetta fyrsti áfangi mikilla framkvæmda á vegum Bjargs en félagið hyggst byggja um 1.500 íbúðir á næstu fjórum árum. Opnað verður fyrir skráningu á biðlista vegna íbúðanna á heimasíðu Bjargs í apríl.

Hagkvæmar íbúðir

Eins og áður sagði eru framkvæmdirnar við Móaveg fyrsta byggingaverkefni Bjargs en félagið áformar umfangsmiklar framkvæmdir á næstu misserum. Við hönnun íbúðanna var miðað við að halda leiguverði lágu en um er að ræða 45 fermetra tveggja herbergja íbúðir, 70 fermetra þriggja herbergja íbúðir, 85 fermetra fjögurra herbergja íbúðir og 100 fermetra fimm herbergja íbúðir. Í apríl hefjast svo framkvæmdir við Urðarbrunn í Úlfarsársdal en þar verða byggðar 83 íbúðir. Reiknað er með að fyrstu íbúðirnar við Móaveg verði afhentar í júní 2019 og fyrstu íbúðirnar í Úlfarsársdal skömmu síðar.

Í lok árs er reiknað með að um 450 íbúðir verði komnar í byggingu hjá Bjargi og rúmlega 1.000 til viðbótar á næstu þremur til fjórum árum. Íbúðir í fyrsta áfanga verða meðal annars í Reykjavík, á Akranesi og Akureyri en viðræður standa yfir um lóðir hjá fleiri sveitarfélögum.

Íbúðir í langtímaleigu

Bjarg er sjálfseignastofnun, stofnuð af ASÍ og BSRB. Er fyrirtækið rekið án hagnaðarmarkmiða og því ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að hagkvæmu, öruggu og vönduðu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða leiguíbúðir sem standa munu til boða þeim félagsmönnum aðildarfélaga ASÍ og BSRB sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum, skilgreindum í lögum um almennar íbúðir. Íslenskir aðalverktakar munu sjá um byggingu fjölbýlishúsanna í Spönginni, Verkfræðistofan Mannvit sér um verkfræðihönnun og Yrki arkitektar hönnuðu byggingarnar.

Ertu að taka til í ...



... garðinum

... geymslunni



... á vinnustaðnum





... í bílskúrnum

Komdu spilliefnunum og raftækjunum á söfnunarstöðina næst þér ...

... við sjáum um framhaldið!

Efnamóttakan hf

Spillum ekki framtíðinni

Berghellu 1 - 221 Hafnarfirði - Sími 559 2200 - efnamottakan.is

Mannvit spyr: Hvernig hefur þú það?

Orðið „innivist“ er notað yfir upplifun fólks í húsnæði og áhrif húsnæðis á þá sem í því eru og þess vegna hefur slæma innivist oft borið á góma í mygluumræðu síðustu ára. Líklega má fullyrða að enn hafi hin fullkomna bygging ekki verið reist, allar byggingar hafa einhverja galla, en jafnvel þó okkur tækist að reisa hið fullkomna hús, myndi það þarfnast viðhalds innan fárra ára. Ending og viðhald eru lykilatriði þegar kemur gæðum innivistar því skemmdir í húsnæði hafa oft mikil áhrif á upplifun og líf fólks.

„Hjá Mannviti viljum við spyrja: „Hvernig hefur þú það?“ því líðan fólks er mikilvægasti mælikvarðinn á gæði innivistar og þar með á gæði húsnæðis,“ segir Kristján Guðlaugsson verkfræðingur. „Við viljum frekar tala um rakaskemmdir en um myglu því mygla er sjaldan ein á ferð. Læknir, sem talaði á málþingi sem við hjá Mannviti vorum með í október s.l., líkti myglu við hita sem við fáum ef við erum lasin. Hitinn er einkenni sem bendi á eitthvað annað sem þarf að lækna. Með sama hætti megi líta á myglu sem einkenni aðstæðna sem eru ekki eins og við viljum hafa þær.“

Loftgæði, hljóðgæði, ljósgæði

„Við notum mælingar á ákveðnum þáttum til þess að afla upplýsinga, en einna mikilvægast er að tala við fólkið sem er í húsnæðinu,“ segir Alma Dagbjört Ívarsdóttir, sérfræðingur á sviði innivistar. „Stundum eru sýnilegar skemmdir í húsnæðinu og stundum er ólykt en stundum eru engin merki um skemmdir og samt líður fólki ekki vel. Það er mjög algengt að útloftun eða loftræsing sé ófullnægjandi og við notum mælingar m.a. til þess að meta það og fleiri þætti loftgæða. Hljóðvist og lýsing geta líka haft mikil áhrif og þarf að skoða samhliða.“ Hún segir að stundum finnist eitthvað sem ekkert tengist húsnæðinu. „Nýlega vorum við t.d. í húsnæði þar sem ekkert fannst að húsnæði eða umgengni en í ljós kom að á tilteknum tímum dags kom skaðleg loftmengun frá starfsemi í nágrenninu sem olli vanlíðan starfsfólksins!“

Vöktun innivistar

„Við bjóðum fyrirtækjum og stofnunum að fylgjast með innivist í húsnæði þeirra, annars vegar með skoðun og mælingum og hins vegar með því að ræða við fólkið í húsnæðinu og spyrja hreinlega: Hvernig hefur þú það?“, segja þau Alma og Kristján. „Með því að skoða mæliniðurstöður og svör fólksins má meta hvort allt sé í lagi eða hvort ráðast þurfi í aðgerðir í húsnæðinu. Við köllum þetta að vakta innivistina og við mælum með því að slík vöktun fari fram t.d. tvisvar á ári. Þannig uppgötvist vísbendingar um mögulegar skemmdir í húsnæðinu svo fljótt sem verða má. Með lagfæringum, og því að vakta líðan fólks eftir þær, verði svo til saga góðrar innivistar sem í raun sé gæðastimpill húsnæðisins.“

mannvit.is

Hollráð til að bæta innra umhverfi

- Loftið vel út, helst 2-3 sinnum á dag í 10-15 mín. í senn.
- Þar sem föt eru þurrkuð innandyra er mikilvægt að lofta mjög vel út.
- Loftið vel út á meðan og eftir sturtu.
- Hafðu kveikt á gufugleypinum þegar eldað er.
- Regluleg þrif hindra margvísleg óþægindi.
- Forðist hreinsiefni sem innihalda mikil ilmefni, eitur og rokgjörn efni.
- Veljið æskileg byggingarefni, málningu og húsgögn sem menga lítið sem ekkert.
- Íhugið tækjabúnað og fjölda tækja í hverju skrifstofurými.
- Haldið vélrænum loftræstikerfum vel við og þrífið þau reglulega.
- Nýtið sem mest dagsbirtu og veljið LED ljósaperur.
- Lágmarkið hljóðstig og hámarkið dempun hljóðs, t.d. með notkun hljóðeinangrandi efna.



Alma Dagbjört Ívarsdóttir, sérfræðingur á sviði innivistar hjá Mannviti. „Við bjóðum fyrirtækjum og stofnunum að fylgjast með innivist í húsnæði þeirra.“

KÄRCHER®



Öflugur hreinsibúnaður


Háþrýstistöðvar


Ryksugur




Gufudælur


Sópar




Háþrýstidælur



RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

Smáhýsi, gæði og gott verð í Gluggahöllinni



Heiðar Steinsson eigandi Gluggahallarinnar segir mikla samkeppni vera í innflutningi og sölu á gluggum. Svarið við því séu gæði, góð þjónusta og gott verð.

„Gluggahöllin framleiðir og flytur inn glugga og hurðir úr hágæða efnum sem þola óblíða íslenska veðráttu. Við erum í samstarfi við erlenda framleiðendur sem vinna vörur sínar úr sérunnum við frá Finnlandi skv. CE staðli. Einnig bjóðum við PVC glugga og hurðir, álglugga og tré/álglugga. Við leggjum mikla áherslu á gæði, góða þjónustu og gott verð. Markaðurinn er kröfuharður og íslenskir húsbyggjendur og hönnuðir vita alveg hvað þeir vilja,“ segir Heiðar Steinsson sem á og rekur Glugghöllina sem er með söluskrifstofu í Mörkinni 4 í Reykjavík.

Áhersla á góða þjónustu

„Við leggjum áherslu á þjónustuna og við komum á staðinn, tökum mál og teiknum upp gluggana sem framleiða á áður en pöntun er sett af stað. Eftir að gluggarnir koma til landsins getum við annast ísetningu á þeim á höfuðborgarsvæðinu og í nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur eða aðstoðað við að útvega aðila til slíks.“

Smáhýsi á góðu verði

Gluggahöllin er að hefja framleiðslu á smáhýsum sem ekki þarf að sækja um byggingarleyfi fyrir. Húsin verða íslensk framleiðsla, rétt undir 15 fermetrum og með öllum nútíma þægindum s.s. eldhúsi, baðherbergi og svefnaðstöðu. „Húsin verða afhent fullbúin og eins viðhaldsfrí og hægt er með öllum lögnum og tilbúin til tengingar á staðnum þar sem setja á þau upp. Við sjáum fyrir okkur að einstaklingar sem vantar gestahús, ferðaþjónustan og allir sem vilja lítið en hagkvæmt húsnæði geti nýtt sér þessi hús okkar,“ segir Heiðar.

Líkkistur, krossar og gluggar

Gluggahöllin smíðar einnig líkkistur og krossa fyrir Graníthöllina sem er í eigu sömu aðila. „Upphaflega hugmyndin var sú að auka þjónustu Graníthallarinnar, sem flytur inn og selur legsteina, með því að bjóða einnig upp á líkkistur fyrir útfararþjónustur og endursöluaðila. Til að tryggja að gæðin væru sem best, vildi ég vera með kistur sem væru smíðaðar hér á landi og þegar ég fór að panta vélar fyrir þetta verkefni kom í ljós að með tiltölulega lítilli viðbót var einnig hægt að smíða glugga í þessum vélum. Þar með varð Gluggahöllin til,“ segir Heiðar Steinsson í samtali. Trésmíðaverkstæði Gluggahallarinnar er að Miðhellu 2 Hafnarfirði.

Mikil samkeppni

Heiðar segir mikla samkeppni vera í innflutningi og sölu á gluggum og Gluggahöllin bjóði fyrst og fremst upp á viðurkennda glugga ásamt sérsmíði. Hann segir að umfang starfsemi Gluggahallarinnar fari vaxandi og að markaðurinn hafi tekið vel við sér enda sé Gluggahöllin að bjóða upp á mjög hagstæð verð. „Það eru margir aðilar fyrir á markaðnum sem við reynum að keppa við í verði og gæðum og við erum að smátt og smátt að koma okkur inn á kortið. Það sem helst hefur hamlað okkur hingað til er að við erum nýir á markaðnum og það vita ekki allir af okkur. Það stendur til bóta,“ segir Heiðar í samtali.

gluggahollin.is



Heyrðu nú!

Hjá Dynjanda færðu heyrnarhlífar og samskiptabúnað sem uppfyllir ströngustu kröfur.

Hafðu samband.
Við veitum þér faglega aðstoð.

DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skeifunni 3h ll Sími: 588 5080 ll dynjandi.is

HS Orka

Vindurinn virkjaður á Reykjanesi?

Um 150 megavött vantar inn á raforkukerfi landsins á komandi árum, segir Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku



Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku. „Vindorka á Íslandi í dag er að verða samkeppnisfær við aðra kosti. Þetta hefur gerst með tækniþróun og mikilli uppbyggingu vindorkuvera víða um heim og framleiðslukostnaður á vindmyllum hefur lækkað hratt.“

HS Orka er nú að kanna hagkvæmni þess að reisa vindmyllur í vindorkuveri á Reykjanesi. Fyrirtækið hefur sótt um leyfi hjá Reykjanesbæ til að setja upp allt að 80 metra hátt mastur til að mæla vindorkuna og byggja síðan ákvörðun um framhaldið á þeim mælingum sem taka að minnsta kosti eitt ár. Talið er að um 150 megavött vanti inn í raforkukerfið til ársins 2030, án þess að reiknað sé með aukinni stóriðju. Ásgeir Margeirsson, forstjóri HS Orku, telur að hluti þeirrar raforku muni koma úr vindorkuverum. En hvers vegna hafa menn ekki virkjað vindinn á Íslandi fyrr?

„Menn hafa oft horft til þess hvort hægt sé að virkja vindinn á Íslandi. Útlendingar hafa mjög oft spurt okkur af hverju við gerum það ekki. Svarið hefur yfirleitt fram að þessu verið að við virkjum ekki vindinn því við höfum tvo aðra kosti sem eru hvorutveggja áreiðanlegri og hagstæðari, vatnsföllin og jarðvarmann. Það hefur verið dýrara að virkja vindinn á Íslandi, rafmagnið hefði orðið dýrara með þeim hætti og auk þess er rafmagn úr vindorku ekki alltaf til staðar,“ segir Ásgeir.



Höfuðstöðvarnar. HS Orka framleiðir í dag um 170 megavött á Reykjanesi og í Svartsengi. Í undirbúningi eru tvær virkjanir sem munu samtals framleiða 65 megavött.

Vindorkan samkeppnisfær við vatn og jarðvarma

„Þetta hefur breyst að því leyti til að kostnaður við að virkja vindorku hefur lækkað mjög mikið á síðustu 15 til 20 árum. Vindorka á Íslandi í dag er að verða samkeppnisfær við aðra kosti. Þetta hefur gerst með tækniþróun og mikilli uppbyggingu vindorkuvera víða um heim og framleiðslukostnaður á vindmyllum hefur lækkað hratt. Auk þess hafa vindmyllur batnað sem leiðir til betri nýtingar. Nýtingin er miðuð við það hversu langan tíma ársins þær snúast og þá hversu mikið þær framleiða.“

Ásgeir segir að að öllu þessu athuguðu sé raforkuframleiðsla með vindmyllum orðin samkeppnisfær við aðra orkuframleiðslu á Íslandi. Hann bætir við að víða úti í hinum stóra heimi, þar sem menn eru að virkja vindinn, sé verið að komast með einhverjum hætti í græna orkuframleiðslu þar sem hún hefur verið lítil eða engin. Þetta sjónarmið eigi ekki við á Íslandi því öll orkuframleiðsla hér sé hrein.

Gott að sveiflujafna í kerfinu

„Hitt er svo að núna horfa menn, við og aðrir, til þess að hugsanlega sé skynsamlegt og hagkvæmt að virkja vindinn í einhverjum mæli hér á landi, en aldrei í mjög miklum mæli. Það er vegna þess að orkukerfi landsins má ekki vera of háð vinorku. Þá myndi skorta rafmagn, þegar logn væri á öllu landinu. En það kann að vera hagkvæmt að koma upp vindorku í einhverjum mæli til að auka orkuframleiðsluna. Það er hægt að sveiflujafna í kerfinu svolítið með vatnsafli, sérstaklega miðlunarlónum, að nýta þau þegar vindurinn ekki blæs og safna vatni í þau þegar vindurinn blæs. Það getur virkað mjög vel og svo getur líka verið hagstætt að staðsetja vindmyllurnar víða um land þannig að þó logn sé á einum stað, snúist þær einhvers staðar annars staðar.

Við erum orkufyrirtæki og vinnum við það að útvega samfélaginu rafmagn, heitt og kalt vatn og fleira á Reykjanesskaganum og leitum skynsamlegra og hagstæðra leiða til orkuframleiðslu og í því skyni erum við að kanna möguleikana á því hvort skynsamlegt geti verið út frá öllum sjónarmiðum svo sem umhverfisþáttum, samfélagsþáttum og fleiru að reisa vindorkuver á Reykjanesskaga,“ segir Ásgeir.

Að mörgu að huga

Þegar horft er til þess hvar sé heppilegt að reisa vindorkuver er horft á nokkra þætti. Í fyrsta lagi hvar vindurinn sé heppilegastur og í öðru lagi hvar innviðir séu til staðar, þ.e.a.s. hvort vegir liggi inn á viðkomandi svæði, hvort raforkuflutningskerfi sé nálægt, hvort eitthvað annað geti truflað eins og byggð, flugvellir, náttúruperlur og eitthvað slíkt. Það eru margir þættir, sem þarf að skoða. Ef allt gengur upp er kannski kominn grundvöllur fyrir vindorkuveri einhvers staðar en það þurfi að vera á stöðum þar sem ásættanlegt er að gera svo. Á Reykjanesi eru góðar samgöngur, þar er flutningskerfið til staðar, þar er orkuver í rekstri og hagkvæmara er að reisa vindorkuver þar sem fyrir eru menn sem kunna og geta rekið orkuver í hæfilegri nálægð við byggð.

60 til 80 metra hátt mastur

„Að þessari greiningu lokinni hefur HS Orka óskað eftir því við Reykjanesbæ að fá að setja upp mælimastur, 60 til 80 metra hátt líkt og fjarskiptamöstur. Það myndi þá standa í að minnsta kosti eitt ár til þess að mæla vindinn upp í þessa hæð. Miklu máli skiptir að kortleggja vindinn á hverjum stað upp í þessa hæð, því niðurstaðan ræður því hvernig vindmyllur eru settar upp. Sé sett upp rétt vindmylla fyrir aðstæður á hverjum stað, fæst betri nýting á henni. Það er heilmikið sem þarf að liggja fyrir áður en hægt er að meta hvað gera skuli og þess vegna þarf að reisa svona há möstur til að fá fullnægjandi mælingar. Verði heimilað að setja upp svona mastur munum við reikna út hvort hagkvæmt er að reisa vindorkuver. Þá tekur við leyfisveitingaferli og hvort okkur verður heimilað að gera þetta.

Þetta mun koma á Íslandi í einhverjum mæli á næstu árum og mun verða gott fyrir landið, orkukerfið og þar með notendur þess. Þetta er orðinn einn raunhæfur kostur

Svíf þú inn í svefninn
...í rúmi frá okkur!

RÚM





Rúm, springdýnur, sængurver, púðar, rúmteppi & gjafavara!

…við erum með þetta allt og meira til!



MySenso

Við vorum að taka upp nýja sendingu af ilmstrám og ilmkertum frá Mysenso.





Íslensk hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á **facebook**

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað



HS Orka er nú að framleiða um 170 megavött á Reykjanesi og í Svartsengi.



Það eru sterkar vísbendingar um að samfélagið þurfi meiri orku í náinni framtíð án þess að verið sé að tala um stóriðju.

til viðbótar við hina tvo. Okkar skoðun er að sé hagkvæmt að virkja vindinn sé skynsamlegt að bæta þeim kosti við til að styrkja orkukerfið. Þetta má þó ekki verða of mikið og ég held að enginn sé að tala um að reisa vindorkuver upp á 500 megavött eða meira hér á landi. En einhver hundruð víða um land myndu bara styrkja kerfið.“

Líklega undir 100 megavöttum

HS Orka er nú að framleiða um 170 megavött á Reykjanesi og í Svartsengi. Fyrirtækið er svo að fara að byggja eina litla vatnsaflsvirkjun í Biskupstungum sem verður 10 megavött. Þá verður fyrirhuguð Hvalárvirkjun norður á Ströndum 55 megavött. Til samanburðar eru flestar virkjanir Landsvirkjunar um 150 megavött eða stærri. Sogsvirkjanirnar þrjá saman eru 90 megavött, Kárahnjúkar eru yfir 600 megavött, Blönduvirkjun er um 150 megavött og Hellisheiðarvirkjun um 300 megavött, svo dæmi séu tekin.


„Vindorkuverið sem við erum að hugsa um á Reykjanesi yrði að öllum líkindum undir 100 megavöttum, en það liggur ekki ljóst fyrir enn. Það á eftir að koma fram hvað er hagkvæmt og hvaða landsvæði verða í boði. Ég mundi telja að það væri ekkert ólíklegt að innan svona 15 ára væru kominn 200 til 300 megavött í vindorku í framleiðslu á Íslandi. Það eru þegar nokkrir aðilar farnir að hugsa sér til hreyfings, bæði smáir og stórir,“ segir Ásgeir.

Vantar regluverk um uppbygginguna

Við spyrjum Ásgeir hvort vindorka geti verið svar við andstöðu við vatnsafls- og jarðhitavirkjanir. „Bæði og. Það er líka andstaða við beislun vindorkunnar en þar er líka að öðru að huga. Það vantar allt regluverk um nýtingu vindorku á Íslandi. Menn greinir meðal annars á um hvort vindorkukostir eigi að fara inn í rammaáætlun eða ekki. Rammaáætlun er um vernd eða nýtingu landsvæða. Þá er oft verið að bera saman aðra nýtingu auðlindanna eins og fyrir ferðamennsku, að bjóða upp á óspillta náttúru og þess háttar. Það á oft við í tilviki vatnsafls og jarðvarma, en síður með sama hætti með vindorku. Þar er verið að horfa til öðruvísi landsvæða, til dæmis berangurslegra hæða, sem ekki eru ferðamannastaðir sem slíkir, ekki náttúrugersemar eins og til dæmis hverasvæði eða fossar. Þess vegna er skynsamlegast að setja sérstaka löggjöf um nýtingu vindorku, þannig að sveitarfélögin, sem eru leyfisveitendur í öllum skipulagsmálum, hafi ramma til að vinna eftir. Þetta vantar í dag, en því verður örugglega komið á og núverandi ríkisstjórn hefur áform um að koma þessu í farveg. Þannig geta menn með réttum hætti tekið afstöðu til þess hvort fara eigi þessa leið í orkuöflun eða ekki frekar en að þurfa að hætta við vegna þess að ekki er til regluverk í kringum það. Eflaust verða skiptar skoðanir um það hvort nýta eigi vindinn eða nýta frekar vatnsföll og jarðvarma til að framleiða þá orku sem samfélagið þarf. Það eru sterkar vísbendingar um að samfélagið þurfi meiri orku í náinni framtíð án þess að verið sé að tala um stóriðju. Það vantar að minnsta kosti 150 megavött inn í kerfið bara fyrir árið 2030, sem er býsna skammt undan með tilliti til þess tíma sem tekur að koma orkuverum á fót.“

Ásgeir segir að fyrir liggi útreikningar um kostnað við að reisa vindmyllur en einnig þurfi að reikna út hverju þær geti skilað. Þegar verið sé að bera saman framleiðslukostnað þurfi taka tillit til þess að vatnsafls- og jarðvarmavirkjanir skili næstum stöðugt ásettu afli eða allt að 90% af ásettu afli allan ársins kring og því sé nýting fjárfestinganna mjög stöðug. Vindmyllur skila hins vegar ekki nema um 40% af ásettu afli á ári. Þess vegna sé óvarlegt að fara að gefa upp einhverjar tölur, þó vitað sé að kostnaður á hverja orkueiningu sé orðinn sambærilegur í þessum þremur leiðum.

ÍSRÖR



Hjá ÍSRÖR færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR

- Stálrör
- Stálfittings og samsetningar

- Pexrör
- Pexfittings og samsetningar

- PexFlextra sveigjanlegri pexrör
- Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR

Hjá ÍSRÖR færðu einnig

- Viðvörunaborða
- Hlífðarborða
- Opnanleg hlífðarrör
- Jarðvegsmottur

- Hitaveituskápa
- Ljósleiðaraskápa
- Gasskápa
- Dæluskápa

og svo margt fleira

ÍSRÖR



Hjá ÍSRÖR færðu pressutengi og pressuvélar frá Haelok fyrir stálrör frá 3/8“ upp í 4“

- Minnkanir
- Bein tengi
- Viðgerðartengi
- Nippla
- Múffur
- Hné
- Té
- Blindlok

Hringhella 12, Hafnarfjörður • Sími 565-1489 • isror@isror.is • www.isor.is

Borgarhlutinn Árbær

Styttist í kynningu á hverfisskipulagi

Formaður hverfisráðs Árbæjar bindur miklar vonir við að hverfisskipulag Ártúnsholts, Árbæjar og Seláss, sem nú er á lokametrunum, stuðli að bættri ásýnd Árbæjarins á næstu árum og færi hverfið til nútímans. Stefnt er að því að kynna tillögurnar í lok aprílmánaðar fyrir íbúum og öðrum hagsmunaaðilum og gefa þeim kost á að koma á framfæri lokaathugasemdum og ábendingum, áður en gengið verður endanlega frá hverfisskipulagi borgarhlutans – því fyrsta sinnar tegundar í borginni.

Með staðfestingu nýrra skipulagslaga árið 2010 er Reykjavík og öðrum sveitarfélögum heimilt að falla frá kröfum um framsetningu deiliskipulagsáætlana í gróinni byggð en gera þess í stað svokallað hverfisskipulag, sem sameinar deiliskipulagsáætlanir fyrir gróin hverfi í eitt heildarskipulag. Ítarlegt samráð við íbúa er rauður þráður í hverfisskipulagsvinnu borgarinnar, bæði í Árbæ og öðrum borgarhlutum og Þorkell Heiðarsson, formaður hverfisráðs Árbæjar, segir einkar ánægjulegt að hafa tekið þátt í þeirri vinnu. Ferlið hafi verið mjög lýðræðislegt og ekki bara bundið við sýn sérfræðinga, eins og oft vilji verða í hefðbundnum skipulagsverkefnum.

Raunverulegt íbúalýðræði

„Íbúar hér í Árbæ höfðu orð á því að það hefði komið þeim þægilega á óvart að á þá var hlustað og að um raunverulegt íbúalýðræði var að ræða í þessu skipulagsferli," segir Þorkell og bendir því til staðfestingar á hverfisskipulagsvef borgarinnar þar sem íbúarnir getið séð með eigin augum hvernig þeirra hugmyndir og athugasemdir um betra hverfi hafi ratað inn í skipulagsvinnuna. Árbærinn er fyrsti borgarhlutinn sem er skipulagður með þessum hætti og hefur öll aðferðarfræði í hverfisskipulagsvinnu borgarinnar verið prufukeyrð þar, ef svo má segja.

„Þetta kallaði að sjálfsögðu á gott samstarf á milli aðila sem hefur að mínu mati gengið mjög vel. Mikil samskipti voru alveg frá upphafi milli okkar í hverfisráðinu og verkefnisstjórnar hverfisskipulagsins, rýnihópar íbúa stóðu sig mjög vel og líka krakkarnir í skólum hverfisins sem komu með sýnar hugmyndir og smíðuðu líkön af hverfunum sínum. Loks fengum við íbúarnir svo að koma beint að skipulagsvinnunni á opnum fundum og við getum svo enn á ný komið með athugasemdir og ábendingar þegar tillögurnar verða kynntar með formlegum hætti," segir Þorkell.

Bindur miklar vonir við hverfiskipulagið

„Ég bind miklar vonir við að hverfisskipulagið stuðli að bættri ásýnd Árbæjarins á næstu árum," svarar Þorkell, aðspurður um eigin væntingar. „Í því er að mörgu leyti verið að færa Árbæinn til nútímans, enda byggðist hann upp á 7. áratug síðustu aldar og eðlilega margt sem hefur breyst í straumum og stefnum í borgarskipulagi og væntingum íbúa til nærumhverfisins. Það er líka mjög mikilvægt fyrir okkur íbúana að það er verið að einfalda ferla varðandi ýmsar breytingar á húsnæði, sem getur fjölgað íbúðarhúsnæði í hverfunum og þannig hjálpað til við að hleypa nýju lífi í borgarhlutann okkar," segir Þorkell Heiðarsson, formaður hverfisráðs Árbæjar.

hverfisskipulag.is



Þorkell Heiðarsson, formaður hverfisráðs Árbæjar, segir að í hverfisskipulaginu sé að mörgu leyti verið að færa Árbæinn, sem byggðist upp á 7. ártug síðustu aldar, til nútímans.

Allt fyrir kælingu & frystingu

fyrir veitingamarkaðinn, verslanamarkaðinn, sjávarútveginn, matvælaiðnaðinn og í raun alla sem þurfa á kælingu og frystingu að halda.

Kælitækni



Afgreiðslu- & kökukælar



Hraðopnandi kæli- & frystiklefahurðir



Kæli- & frystikerfi



Hillur í kæli- & frystiklefa



Hraðkælar & frystar



Klakavélar



Kæli- & frystitæki fyrir veitingamarkaðinn



Blandarar fyrir veitingastaði og stóreldhús


Plaststrimlar í kæli- & frystiklefa



Hillukælar



Loftkæling



Kæli- & frystiklefar, hurðir & öryggisbúnaður

Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.



Aukið við byggðina í Úlfarsárdal

360 nýjar íbúðir við Leirtjörn

Með síðustu viðbót við byggðina í Úlfarsárdal er stefnt að því að þar verði um 1300 íbúða hverfi. Síðast liðið sumar samþykkti borgarráð að stækka byggðina um 360 íbúðir eða úr 900 íbúðum í 1260. Um þessar mundir er verið að undirbúa verklegar framkvæmdir við Leirtjörn norðan Skyggnisbrautar og samkvæmt upplýsingum Reykjavíkurborgar munu þær hefjast síðar á árinu og er gert ráð fyrir að hverfið verði fullbyggt árið 2022. Með fjölgun íbúða Úlfarsárdal eru forsendur fyrir skólastarfi í hverfinu styrktar en miðað er við að þar verði að jafnaði um 500 börn í fullbyggðu hverfi.

> Nýja byggingarsvæðið er fyrir norðan blokkirnar við Skyggnisbraut. Stefnt er að því að umhverfisvatn frá byggðinni viðhaldi Leirtjörn þannig að í henni verði vatn allt árið.



Göngustígar munu tengja hverfið við eina helstu útivistarperlu Reykjavíkur sjálft Úlfarsfell.



Esjan mun blasa við þegar litið er til norðurs frá nýju byggðinni við Leirtjörn.


Stærsta framkvæmd borgarinnar

Segja má að síðustu 10 ár hafi uppbygging í Úlfarsárdal lent í pólitískum og efnahagslegum sviptivindum. Byrjað var að byggja hverfið fyrir efnahagshrunið og áttu þá að rísa þar 904 íbúðir. Árið 2007 voru þau áform endurskoðuð og íbúðum fækkað niður í 680, því þá vildu menn fjölga sérbýlum. Síðan kom efnahagshrunið 2008 sem sló á frest flestum byggingaráformum á höfuðborgarsvæðinu og bitnaði það meðal annars á hverfinu í Úlfarsárdal og hægði á uppbyggingu þar. Þá lögðu borgaryfirvöld aukna áherslu á uppbyggingu miðsvæðis í Reykjavík. Á síðustu árum hafa hins vegar verið gerðar fjölmargar breytingar á deiliskipulaginu í Úlfarsárdal og íbúðum þar hefur smám saman verið að fjölga þannig að nú er aftur gert ráð fyrir 900 íbúðum í eldri hluta hverfisins auk þeirra 360 íbúða sem munu rísa á nýjum byggingareit norðan við Skyggnisbraut við svokallaða Leirtjörn.

Alls er gert ráð fyrir að uppbyggingin í Úlfarsárdal með þeim skóla-, menningar- og íþróttamannvirkjum sem byrjað er að byggja muni kosta hátt í 12 milljarða króna og er þetta stærsta einstaka framkvæmd sem nú er í gangi á vegum Reykjavíkurborgar.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Nýjasta viðbótin við byggðina í Úlfarsárdal hefur nokkra sérstöðu því að þar verða svokallaðar „blágrænar ofanvatnslausnir“ í fyrsta skipti innleiddar að fullu í byggingahverfi á vegum Reykjavíkurborgar. Þær fela í sér að vatn, sem fellur á húsþök og lóðir, verður ekki tekið niður og leitt í burtu í leiðslukerfi neðanjarðar heldur verður því veitt í ákveðnum rásum ofanjarðar og í gegnum hreinsandi ferli og ofan í Leirtjörnina. Stefnt er að því að með ofanvatnslausnum verði hægt að viðhalda vatnakerfi svæðisins og stuðla að því að alltaf verði vatn í Leirtjörn sem hingað til hefur venjulega þornað upp á sumrin. Það mun styrkja svæðið sem andyri að einni helstu útivistarperlu Reykjavíkur, sjálfu Úlfarsfelli.



Á nýjum skipulagsuppdrætti teygir nýja hverfið sig í norður frá Skyggnisbraut í áttina að Leirtjörn.



Til sjós eða lands
Við grænum það



ÁSAFL
asafl.is
HJALLAHRAUNI 2, 220 HAFNARFIRÐI

Opið 8:30 - 17:00 virka daga - Sími: 562 3833

ALLT INNIFALIÐ

MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



2042

149.900 KR.

~~ÁÐUR: 276.600 KR.~~



2046

270.220 KR.

~~ÁÐUR: 408.900 KR.~~



6010

288.620 KR.

~~ÁÐUR: 431.900 KR.~~



6090

267.020 KR.

~~ÁÐUR: 404.900 KR.~~



115

369.420 KR.

~~ÁÐUR: 532.900 KR.~~



113

297.420 KR.

~~ÁÐUR: 442.900 KR.~~



2021

304.620 KR.

~~ÁÐUR: 451.900 KR.~~



1002

539.900 KR.

~~ÁÐUR: 746.000 KR.~~



104

329.420 KR.

~~ÁÐUR: 482.900 KR.~~



118

313.420 KR.

~~ÁÐUR: 462.900 KR.~~



129-3

385.420 KR.

~~ÁÐUR: 552.900 KR.~~

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.



*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

MÖRKIN 4
108 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Tímabært að huga að hleðslu rafbíla í fjöleignarhúsum

„Það er ekki seinna vænna fyrir húsfélög og eigendur fjöleignarhúsa að fara að huga að fyrirkomulagi hleðslumála rafmagnsbíla og kostnaði því tengdum," segir Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar, nú þegar allt útlit er fyrir að rafbílavæðing þjóðarinnar muni stóraukast samfara uppsetningu hraðhleðslustöðva um land allt og batnandi efnahag almennings.

„Á meðan hlutfall rafmagnsbíla er vel innan við 10% af heildarbílaflotanum er hleðsla þeirra í fjölbýlishúsum ekki stórt vandamál en eftir því sem rafbílunum fjölgar er hins vegar viðbúið að fjölga verði bæði hleðslustöðvum við fjöleignarhús og fráteknum stæðum fyrir þá," segir framkvæmdastjóri Eignaumsjónar, sem er leiðandi fyrirtæki á Íslandi í þjónustu við húsfélög og rekstrarfélög fasteigna, í samtali við Sóknarfæri.



Daníel Árnason, framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

Hefjið strax upplýsingaöflun

„Til þessa hafa eigendur rafbíla í fjölbýlishúsum yfirleitt leyst hleðslumálin í samráði við hússtjórnir, s.s. með sérkostnaðarmæli eða greiðslu fyrir áætlaða rafmagnsnotkun sameignar," segir Daníel en með stóraukinni fjölgun rafbíla verði að koma betra skikki á þessi mál. Hann ráðleggur stjórnum húsfélaga að hefjast strax handa við upplýsingaöflun, til að reyna að sjá fyrir þróun þessara mála og auðvelda þannig alla ákvarðanatöku.

„Fyrstu skrefin geta t.d. verið að kanna hversu margir íbúar ætla að fá sér rafbíl og hvort flutningsgeta heimtaugar hússins sé nægileg til að anna þeim rafbílafjölda sem ætla má að verði í húsinu," segir Daníel. Í fjöleignarhúsi með bílastæðum í óskiptri sameign þurfa eigendur að gera upp við sig hvort þeir vilji taka frá ákveðin bílastæði og koma upp hleðslustöð við þau stæði á vegum húsfélagsins.

Aukinn meirihluti húsfélagsfundar

Ef bílastæði við hús eða í bílageymslu eru svokölluð sérafnotastæði segir Daníel að telja verði líklegt að einhverjir eigenda vilji setja þar upp eigin hleðslustöð eða tengil fyrir rafbíl. Á meðan rafbílar séu fáir geti dugað að koma upp góðum tengli við bílastæðið en þegar bílum fjölgi þurfi að fara að taka tillit til flutningsgetu heimtaugar hússins. „Húseigendur þurfa þá að ná samkomulagi um kaup á samræmdum hleðslustöðvum sem jafna og deila álagi. Samkvæmt lögum um fjöleignarhús þarf aukinn meirihluta atkvæða á félagsfundi til kaupa á slíkum búnaði og ráðstöfun bílastæða í óskiptri eign allra eigenda. Jafnframt þarf að þinglýsa þeirri ákvörðun húsfundar, eða nýrri eignaskiptayfirlýsingu, til að lögmæti samþykkis fyrir slíku sé tryggt," segir framkvæmdastjóri Eignaumsjónar.

Að ýmsu að hyggja

Eigendur fjöleignarhúsa ættu því að fara að huga að því hvernig ráðstafa skuli sameiginlegum stæðum til hleðslu rafmagnsbíla, standa að rafmagnslögnum og tengingum ásamt kostnaðarskiptingu og gjaldtöku ef rafmagnið fyrir rafbílana er tekið af sameign viðkomandi fjöleignarhúss. „Þarna er að ýmsu að hyggja og skynsamlegt að láta fagaðila eins og okkur aðstoða við að útfæra heildarfyrirkomulag þeirra mála, enda mikilvægt að þar til bærir fagaðilar komi að þeirri vinnu til að tryggja sátt um verkefnið og að fylgt sé kröfum byggingaryfirvalda um útfærslu teikninga og lagningu umræddra raflagna."

eignaumsjon.is

Víða þarf að taka til hendi við að bæta aðstöðu fyrir rafbíla.



Verður íslenskur prentmiðill lifandi líkt og í Harry Potter?

Með AR tækninni er það mögulegt!

Fyrirtækin IcePano og Haa? - badulla sf. eru frumkvöðlar á Íslandi með tækni sem tengir saman prentaðan miðil og snjalltæki í rauntíma. Tæknin kallast „Aukinn raunveruleiki“ eða AR. Teymi verkefnisins samanstendur af Pétri Ásgeirssyni ljósmyndara, Jóhönnu Kristínu Snævarsdóttur sérkennara og Lailu Björk Hjaltadóttur, tölvunar- og viðskiptafræðingi.

Nýir möguleikar opnast

„AR er enn lítt þekkt í íslenskum prentmiðlum en fyrir t.d. útgefendur og auglýsendur opnar AR ótrúlega og fjölbreytta möguleika til að koma upplýsingum, þjónustu og vörum á framfæri. Með AR getur útgefandi miðlað nánast ótakmörkuðum upplýsingum til lesenda sinna. Þessi tækni minnkar bilið milli prentaðs efnis og stafræna heimsins,“ segir Laila Björk í samtali. Til að nota AR er útbúið smáforrit þar sem útgefandinn tengir stafrænt efni beint við útgáfu sína. Þegar notandinn getur hlaðið niður smáforritinu fær hann aðgang að efni sem ekki er aðgengilegt annars, hann notar það jafnhliða prentefninu og með því fengið algjörlega nýja sýn efnið og margfalt meira magn af upplýsingum og verður í raun þátttakandi. Möguleikarnir eru endalausir, það er aðeins ímyndunaraflið sem setur mörkin.

Prentmiðlar fá nýtt líf

„Með AR er t.d. hægt að sýna myndir í 3D, myndbönd, fá skrifaðan texta lesinn upp á fleiri en einu tungumáli eða að textinn birtist á öðru tungumáli. Einnig mætti útbúa rat- og tölvuleiki, setja inn tónlist og svo mætti lengi telja. Það er enginn vafi í okkar huga að þetta er næsta stóra stökkið í tækni þegar kemur að fjölmiðlum, auglýsingum, kennsluefni og sama á við þetta eins og smáforritið sjálft að einungis ímyndunaraflið setur mörkin. AR á eftir að gefa prentuðum miðlum nýtt líf, stækka lesenda- og markhópa, auka auglýsingargildi og gefa lesendum nýjar leiðir til að upplifa prentaðan texta og myndir,“ segir Laila ennfremur.

Auglýsingin lifnar við

Laila nefnir sem dæmi auglýsingu fyrir hestaferð í tímariti. „Þú setur snjalltækið yfir auglýsinguna og upp kemur myndband með lýsingu á sérstöðu íslenska hestsins á því tungumáli sem þú velur, síðan gefst þér kostur á að ýta á hnapp og bóka ferðina beint á netinu. Einnig má hugsa sér auglýsingu fyrir nýja bílategund, aftur setur þú snjalltækið yfir auglýsinguna og upp kemur 3D mynd af bílnum með nánari upplýsingum, val um aukahluti, liti og fleira. Það sem gerir þessa tækni svo einstaka er að útgefandinn og auglýsandinn hafa ótrúlega marga valmöguleika og allt í einu er prentuð auglýsing lifandi fyrir framan lesandann.“

Hún segir að hægt sé að endurnýta áður prentaðar auglýsingar með því að uppfæra smáforritið og skilar það sér í minni kostnaði. Möguleiki er á að minnka umfang t.d. tímarita þar sem hægt er að setja ákveðið efni inn í smáforritið sem skilar sér í lækkuðum kostnaði og er umhverfisvænna.



Þau standa fyrir AR tækninni: Pétur Ásgeirsson ljósmyndari, Jóhanna Kristín Snævarsdóttir sérkennari og Laila Björk Hjaltadóttir, tölvunar- og viðskiptafræðingur.



AR á eftir að gefa prentuðum miðlum nýtt líf, stækka lesenda- og markhópana og auka auglýsingargildi þeirra.








FRAMTAK
BLOSSI ehf
Dvergshöfða 27 - 110 Reykjavík
www.blossi.is - blossi@blossi.is

Sérhæft dísilverkstæði á Dvergshöfðanum

Framtak Blossi býður upp á heildarlausnir og sérhæfða þjónustu þegar kemur að viðgerðum á eldsneytiskerfum en á Dvergshöfða 27 í Reykjavík er starfsrækt eina sérhæfða dísilverkstæði landsins. Framtak Blossi annast innflutning og sölu á varahlutum og öðrum búnaði, ásamt viðgerðum á íhlutum í eldsneytiskerfi, túrbínum og fleiru.

„Verkstæðið okkar er eina verkstæðið sem sérhæfir sig í viðgerðum á olíuverkum og spíssum og til að standa undir því þarf það að vera mjög vel tækjum búið. Hér eru t.d. tveir stillibekkir fyrir olíuverk og tveir fyrir sérbyggðar eldsneytisdælur, þar af tveir tölvustýrðir bekkir af fullkomnustu gerð ásamt stillitækjum fyrir spíssa. Þetta gerir okkur kleift að þjónusta öll helstu eldsneytiskerfi véla sem notuð eru í dag en mest áhersla er samt lögð á þau merki sem eru algengust í þessu í dag," segir Erlingur Kristinsson, rekstrarstjóri Framtaks Blossa.



Erlingur Kristinsson, rekstrarstjóri Framtaks Blossa. „Við leggjum okkur fram við að veita öllum okkar viðskiptavinum góða þjónustu."

Reynum að bjarga málunum

Á Dvergshöfða 27 rekur Framtak Blossi varahlutaverslun með áherslu á eldsneytiskerfi og túrbínur og reynt er að hafa á lager breytt úrval íhluta fyrir þetta auk þess að sérpanta fyrir viðskiptavini þegar þörf er á. „Fyrirtækið þjónustar fyrirtæki og verktaka alls staðar að af landinu og okkar menn hafa það sem mottó að bjarga bara málunum, sama hvert vandamálið er. Er mikið lagt upp úr stuttum viðgerðartíma en eins og allir rekstraraðilar vita er dýrt að láta tækin standa ónotuð í lengri tíma vegna bilana eða viðhalds.Við erum með umboð fyrir fjölmörg þekkt vörumerki og sjáum um viðgerðir á skipavélum, dælum, vökvakrönum, vökvaspilum, síubúnaði, loftpressum, ásþéttum, mælum o.s.frv. Verslunin okkar er með gott úrval íhluta á lager en einnig sérhæfð viðgerðarefni fyrir vélbúnað, efnavöru og annan búnað auk efna og verkfæra til notkunar í iðnaði."

Brugðist við húsnæðisvandanum í Reykjavík

Lóðum úthlutað fyrir 1.700 íbúðir á sl. ári



Í Reykjavík hefur mest verið byggt á þéttingarsvæðum undanfarin ár en á skipulagsstigi er nýtt íbúðahverfi í Úlfarsárdal. Þessi mynd er tekin í Bryggjuhverfinu í Grafarvogi.

Lóðaúthlutanir Reykjavíkurborgar 2017

Reynisvatnsás - einbýli	Einstaklingar	22
Hallgerðargata	Brynja	37
Hallgerðargata	Bjarg	63
Hraunbær 103A	Dverghamrar	60
Keilugrandi 1	Búseti	78
Móavegur 2-4	Bjarg	156
Nýlendugata 34	Reir ehf	7
Urðarbrunnur 130-134	Bjarg	44
Urðarbrunnur 33-35	Bjarg	32
Vesturbugt	Vesturbugt ehf.	176
Sæmundargata 21	Félagsstofnun stúdenta	244
Stakkahlíð	Byggingafélag námsm.	100
Stakkahlíð	Samtök aldraðra	60
Nauthólsvegur 83	Háskólinn í Reykjavík	370
Nauthólsvegur 83	Reykjavíkurborg	20
Árland 10	Félagsbústaðir	8
Hallgerðargata 1	Húsvirki	82
Sléttuvegur 25-27	Sjómannadagsráð	144
Jörfagrund 54-60		8
Samtals íbúðir		**1.711**

Á síðasta ári úthlutaði borgarráð lóðum fyrir 1.711 íbúðir og eru það fimmfalt fleiri íbúðir en úthlutað var á árunum 2015 og 2016 samanlagt. Hér er um gríðarlegt byggingamagn að ræða eða sem nemur öllum íbúðum á Seltjarnarnesi svo dæmi sé tekið. Framkvæmdir við sumar þessara íbúða eru þegar hafnar og bætast þær við þær íbúðir sem eru að rísa á grundvelli lóðaúthlutana fyrri ára.

Um 3500 íbúðir frá 2011

Í kjölfar efnahagshrunsins botnfraus húsnæðismarkaðurinn í Reykjavík og nær ekkert var byggt í borginni árið 2010. Eftir það fór landið að rísa og á árunum 2011-2016 var bygging hafin á róflega 3.500 íbúðum í Reykjavík sem allar eru komnar í gagnið eða eru á lokastigi. Eftirspurnin er gríðarleg og við henni hefur verið brugðist með mikilli aukningu úthlutana á síðasta ári eins og fyrr greinir. Mest hefur verið byggt á þéttingarsvæðum en á skipulagsstigi er nýtt íbúðahverfi í Úlfarsárdal. Er sagt frá því annars staðar í blaðinu.

Byggt fyrir stúdenta og verkafólk

Miklum meirihluta þeirra íbúða sem úthlutað var í fyrra var ráðstafað til byggingafélaga sem starfa án hagnaðarsjónarmiða eða yfir 80%.

Stærstu einstöku úthlutanirnar í Reykjavík árið 2017 voru til háskólanna í borginni. Háskólinn í Reykjavík er að fara að byggja 370 íbúðir við Nauthólsveg undir Öskjuhlíðarrótum, bæði fyrir stúdenta og starfsmenn. Framkvæmdir eru hafnar á vegum Félagsstofnunar stúdenta við Sæmundargötu þar sem verða reistar 244 íbúðir. Þá má einnig nefna byggingar á vegum samtaka verkafólks. Bjarg íbúðafélag sem er í eigu ASÍ er að reisa hús fyrir 156 íbúðir við Móaveg í Grafarvogi og 76 íbúðir á tveimur lóðum í Úlfarsárdal. Sjómannadagsráð mun byggja 144 íbúðir við Sléttuveg í Fossvogi og eru þær framkvæmdir þegar hafnar. Einnig má nefna að þessa dagana eru að hefjast framkvæmdir á vegum Vesturbugtar sem byggir 176 íbúðir við gömlu höfnina í Reykjavík og Búseti er að hefja byggingu á 78 íbúðum á lóðinni við Keilugranda 1 þar sem SÍF skemman stóð.

Víðar byggt á höfuðborgarsvæðinu

Það er ekki eingöngu í Reykjavík sem íbúðabyggðin springur út heldur er víða annars staðar tekið til hendi í því þensluástandi sem ríkt hefur í þjóðlífinu undanfarin ár. Reykjanesbær hefur brugðist hratt og örugglega við skorti á íbúðarhúsnæði en þar hefur sl. tvö ár verið úthlutað lóðum undir um 900 íbúðir. Á tveimur áum eru tölurnar fyrir Kópavog, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ um 400 íbúðir fyrir hvert sveitarfélag. Minna er úthlutað í Garðabæ eða ríflega 40 íbúðir 2016 og ekkert í fyrra. Þar eru hins vegar á undirbúningsstigi stór og mikil hverfi sem senn verður byggt á.

Fjölmörg þekkt vörumerki

Framtak Blossi er með umboð fyrir fjölmörg þekkt vörumerki. Þar ber helst að nefna varahluti í MaK skipavélar og Desmi dælur fyrir sjávarútveginn auk þess sem fyrirtækið hóf einnig nýverið að selja Desmi dælur fyrir landnotkun. „Af vinsælum vörum hjá okkur get ég nefnt MKG bryggjukrana, sem finna má við flestar hafnir allt í kringum Ísland, Dinamic Oil vökvaspil, CJC síubúnað á flestar gerðir vökvakerfa af öllum stærðum og Sperre loftpressur. Þá erum við með pakkningar og plötur í flestar gerðir plötukæla frá WCR og höfum verið með umboð fyrir Volvo Penta bátavélar og rafstöðvar frá árinu 2015.“

Áhersla á góða þjónustu

„Við ráðum því við að þjónusta helstu gerðir af olíuverkum, stökum skipadælum og spíssum sem eru í notkun í íslenska fiskiskipa- og kaupskipaflotanum í dag,“ bætir Erlingur við en undirstrikar að hjá þeim sé þó mest áhersla lögð á að sinna þeim vörumerkjum í eldsneytiskerfum sem fyrirtækið er með umboð fyrir, s.s Bosch, Denso og Delphi. Þá annast verkstæði Framtaks Blossa líka viðgerðir og varahlutaþjónustu á minni túrbínum, auk þess sem boðið er upp á nýjar túrbínur, en Stálsmiðjan Framtak sér um viðgerðir á stærri túrbínum fyrir skipavélar.

„Í stuttu máli þá kappkostum við að veita öllum okkar viðskiptavinum góða þjónustu, bæði í sjávarútvegi og iðnaði sem og einstaklingum sem leita til okkar með sín vandamál,“ segir Erlingur Kristinsson, rekstrarstjóri Framtaks Blossa.

blossi.is



Verkstæði Framtaks Blossa er eina sérhæfða dísilverkstæði landsins og þar ræður ríkjum Jóhann Ævarsson verkstjóri.



Einbreið brú á Stigá í Öræfum víkur fyrir tvíbreiðri á þessu ári.

Þjóðvegur 1

Einbreiðum brúm fækkar

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni voru 39 einbreiðar brýr á þjóðvegi 1 í árslok 2017. Flestar eru þær á Suð-Austurlandi og þar af 14 á kaflanum milli á milli Skaftafells og Hafnar í Hornafirði og 17 frá Höfn til Reyðarfjarðar. Með öðrum orðum er 31 einbreið brú á leiðinni milli Skaftafells og Reyðarfjarðar.

Á leiðinni milli Kirkjubæjarklausturs og Skaftafells eru 5 einbreiðar brýr og á Norðurlandi eru þær tvær, þ.e. á Skjálfandafljóti við Fosshól og á Jökulsá á Fjöllum við Grímsstaði. Loks er að nefna umferðarþyngstu einbreiðu brú hringvegarins sem er á Jökulsá á Sólheimasandi.

Á þessu ári fækkar einbreiðu brúnum um þrjár þegar nýjar tvíbreiðar brýr leysa af hólmi gamlar brýr á Hóla og Stigá í Öræfum. Sú þriðja er ný brú í botni Berufjarðar og er hún hluti af nýjum vegarkafla sem þar verður tekinn í notkun í haust en einbreið brú er á gamla vegarkaflanum sem verður aflagður í botni Berufjarðar. Á þessu ári er svo gert ráð fyrir að hefja byggingu á nýrri brú yfir Kvíá í Öræfum. Þrátt fyrir þessar framkvæmdir er þó ljóst að langt er enn í land að allar brýr á þjóðvegi 1 verði tvíbreiðar.

vegagerdin.is

ÍAV

FÆRNI
FRUMKVÆÐI
FAGMENNSKA

ÍAV er eina verktakafyrirtækið sem er bæði ISO 9001 gæðavottað og OHSAS 18001 öryggisvottað.

Við erum stolt af því að huga vel að bæði starfsmönnum og viðskiptavinum.

Við breytum vilja í verk

bsi. ISO 9001 Quality Management FM 512106 OHSAS 18001 Occupational Health and Safety Management OHS 606809

Íslenskir aðalverktakar hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | s. 530 4200 | iav.is

Mjólkurframleiðendur í framkvæmdahug víða um land

Elsta fjós landsins víkur fyrir hátæknifjósi á Syðri-Bægisá

Á bænum Syðri-Bægisá í Hörgársveit er nú verið að reisa nýtt tæplega 1000 fermetra fjós þar sem verður að finna allt það fremsta í tækni í mjólkurframleiðslu í dag. Óhætt er að segja að með þessu taki ábúendur á Syðri-Bægisá risaskref því þar á bæ er elsta fjós landsins, byggt árið 1935. Helgi Steinsson, bóndi á Syðri-Bægisá, segir margt vinnast með þessum endurbótum í framleiðslunni en mikilvægast sé að kýrnar verði nú í lausgöngu í stað þess að vera bundnar á básа vetrarlangt. Heilsufar kúnna verði betra í lausgöngufjósum og það er vitanlega lykilatriði í að framleiða mjólk í bestu gæðum.



Helgi Steinsson bóndi segir bæði auknar kröfur til framleiðsluaðstöðu hjá mjólkurframleiðendum og framkvæmdastuðning ýta undir tímabærar nýframkvæmdir í greininni.

Skóli og menningarmiðstöð í Úlfarsárdal

Stærsta verkefni borgarinnar

Stærsta einstaka verkefni sem nú er unnið að á vegum Reykjavíkurborgar tengist uppbyggingu íbúðahverfisins í Úlfarsárdal. Auk nýrra lóða, sem nú er verið að undirbúa undir íbúðahúsnæði norðan við núverandi byggð á svæðinu, er uppbygging á miðstöð skóla, menningar og íþrótta í fullum gangi. Fullbyggð verður miðstöðin um 16.000 fermetrar að stærð og heildarkostnaður er áætlaður tæpir 12 milljarðar króna.

Framkvæmdir við miðstöðina hófust 2015 og er gert ráð fyrir að byggingu hennar verði lokið haustið 2021 og samtengdu knatthúsi tæpu ári síðar. Nýja miðstöðin í Úlfarsárdal á að þjóna byggð bæði í Grafarholti og Úlfarsárdal. Nýr vegur, Fellsvegur fyrir neðan Reynisvatnsás, tengir saman byggina í þessum tveimur hverfum með brú yfir Úlfarsá auk göngu- og hjólastíga.



Yfirlitsmynd sem sýnir miðstöð skóla, menningar og íþrótta í Úlfarsárdal eins og gert er ráð fyrir að hún muni líta út fullbyggð. VA arkitektar og VSÓ hanna bygginguna.



Úr anddyri skólans.



Bókasafn skólans eins og hönnuðir sjá það fyrir sér.

Framtíðarhúsnæði Dalskóla

Þegar byggingu miðstöðvarinnar í Úlfarsárdal verður að fullu lokið mun hún hýsa leikskóla, grunnskóla, frístundastarf, menningarmiðstöð, almenningsbókasafn, inni- og útisundlaug og íþróttahús Fram. Miðstöðin mun rísa í nokkrum áföngum og lauk fyrsta áfanga verksins, 820 fermetra leikskóla, haustið 2016. Honum tengist liðlega 6.850 fermetra bygging fyrir Dalskóla sem byrjað var að reisa í janúar 2017 og er stefnt að því að taka fyrsta áfanga hennar í notkun næsta haust. Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundi borgarstjóra með íbúum í Úlfarsárdal í lok febrúar er gert ráð fyrir að síðari hluta grunnskólans verði lokið haustið 2019 og menningarhúsi, bókasafni og innisundlaug ári síðar. Haustið 2021 er áætlað að íþróttahús, æfingavellir, hverfistorg og útisundlaug verði tilbúin og lokahnykkurinn, sem er knatthús, á að vera tilbúið um mitt ár 2022.



Framkvæmdir við nýja byggingu Dalskóla eru nú í fullum gangi og er gert ráð fyrir að taka fyrsta áfanga hennar í notkun næsta haust.

Allt að 500 nemendur

Miðað er við að með nýjum húsakosti geti Dalskóli tekið við allt að 500 grunnskólabörnum en þess má geta að næsta haust er áætlað að um 300 börn verði í skólanum. Húsnæðisþörf skólans hefur til þessa að stórum hluta verið mætt með færanlegum kennslustofum. Hönnun íþróttamannvirkja í þriðja áfanga verksins tafðist nokkuð á meðan lokið var samningum við íþróttafélagið Fram. Því voru menningarmiðstöð og innilaug í 4. áfanga og útisundlaug í 5. áfanga teknar fram fyrir og er áætlað að framkvæmdir við þá áfanga hefjist í apríl næst komandi. Nú þegar gengið hefur verið frá samningi við Fram er miðað við að hönnun íþróttamannvirkja í 3. áfanga ljúki í ár og að framkvæmdir hefjist í árslok eða byrjun árs 2019. Sem fyrr segir er ráðgert að framkvæmdum við menningarhús og sundlaug verði að fullu lokið 2021.

Umhverfisáherslur

Staðsetning miðstöðvarinnar í næsta nágrenni við Úlfarsá, sem er ágæt laxveiðiá, gerir miklar kröfur til hönnuða og byggingaraðila. Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg hafa vistfræðilegar áherslur verið lagðar til grundvallar við allan undirbúning, hönnun og framkvæmd byggingarinnar og er stefnt að því að hún fái alþjóðlega vottun samkvæmt kröfum BREEAM umhverfisvottunarkerfisins.

Lausganga gripa og sjálfvirknivæðing

„Afi minn byggði gamla fjósið árið 1934 af mikilli framsýni og síðan var byggt við það árið 1977. Það er ágætt sem slíkt en barn síns tíma. Til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til mjólkurframleiðslunnar í dag hefði þurft að ráðast í kostnaðarsamar breytingar og því var sá kostur vænlegri að fara í nýbyggingu," segir Helgi en í þeim reglugerðum um mjólkuframleiðslu sem nýlega hafa tekið gildi er aukin krafa um ýmsa velferðarþætti sem snúa að gripunum, s.s. lengd básа, velferðarstíur, haughústærð og fleira. Hann bendir á að samkvæmt reglugerð verði bannað eftir árið 2034 að binda kýr á básа og því verði allir framleiðendur að hafa skipt yfir í lausgöngufjós fyrir þann tíma.

Nýja fjósið á Syðri-Bægisá er steinsteypt og einangrun steypt í veggina. Límtrésbitar bera uppi þak úr yleiningum. Í fjósinu verður stærstur hluti búnaðar frá DeLaval, þar á meðal sjálfvirkur mjaltaþjónn með tilheyrandi búnaði, tölvustýrður mjólkurtankur, kjarnfóðurkerfi og sérstök lýsingartækni sem er sú fyrsta í fjósi hér á landi en þar er um ræða LED lýsingu sem bæði á að skila auknu og jafnara ljósmagni, samhliða minni raforkunotkun. Fóðurgjöf verður með vélvædd en í fjósinu verða 70 básar, auk aðstöðu til kálfa- og kvígueldis.

Stefnt að 50% framleiðsluaukningu

Miklar framkvæmdir eru hjá mörgum mjólkurframleiðendum á landinu nú um stundir sem Helgi segir að skýrist af fleiri þáttum en auknum kröfum til framleiðsluaðstöðunnar. „Kröfurnar ýta vissulega við mönnum en síðan var líka framkvæmdastyrkur í síðustu búvörusamningum sem skiptir máli þó hann sé ekki hátt hlutfall af heildarframkvæmdunum þar sem svo margir sóttu um í pottinn. En



Nýja fjósið er við hlið þess gamla á Syðri-Bægisá en það hús var byggt árið 1934 og er elsta fjós landsins. Fjósið verður búið allri nýjustu tækni til mjólkurframleiðslu og í því verður LED lýsingarkerfi frá DeLaval sem ekki hefur áður verið sett í fjós hér á landi.

þetta geta verið stórar kostnaðartölur þar sem er verið að byggja ný fjós frá grunni og mér sýnist að hér verði heildarkostnaðurinn upp undir 180 milljónir króna þegar upp verður staðið," segir Helgi en hann reiknar með að þegar fjósið verður fullnýtt hafi mjólkurframleiðslan á Syðri-Bægisá aukist um 50% enda 40 básar í gamla fjósinu en 70 í því nýja, líkt og áður segir.

„Kúnum líður mun betur í lausgöngunni, eru hraustari og rólegri og svo skiptir auðvitað líka máli að fá betri vinnuaðstöðu og aukna sjálfvirkni," segir Helgi. Gangi framkvæmdir að óskum næstu mánuði er áætlað að taka fjósið í notkun í júní sumar.

Restart á Akureyri


Í fyrsta sinn á Íslandi verður haldin Restart vinnustofa á Akureyri miðvikudaginn 14. mars nk. en það er vinnustofa þar sem fólk getur komið með biluð rafmagns- og rafeindatæki og fengið leiðbeiningar hvernig það getur sjálft lagfært tækin. Markmiðið er að lengja líftíma raftækja og sporna gegn ótímabærri sóun. Vinnustofan og þjónusta Restart er öllum opin og ókeypis en að því er stefnt að slíkur viðburður verði mánaðarlega.

Verkefnið er algerlega rekið á góðgerðarformi hérlendis líkt og erlendis en nýtur stuðnings frá áhugasömum fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum sem líta jákvætt til áhrifa þess. Þeir sem eru búnir að fá nóg af lélegri endingu tækja og búnaðar, eiga rafmagnstæki sem þarfnast aðhlynningar og langar til að læra að gera við, ættu að nýta tækifærið að heimsækja Restart vinnustofuna sem verður í FabLab stofu Verkmenntaskólans á Akureyri miðvikudaginn 14. mars kl. 17-20.


VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varanlegt

VIÐ ERUM GÓÐIR Í HREINSUN Á FRÁVEITUVATNI


Við útvegum búnað til hverskonar hreinsunar á fráveituvatni.



Biorock. Fyrir sumarhús og bóndabæi



Tröppurist í kassa fyrir sveitarfélög. Vélræn hreinsun



Lífræn hreinsun fyrir sveitarfélög með viðkvæman viðtakanda

Vélræn eða lífræn hreinsun eftir aðstæðum á hverjum stað.

Okkar búnaður er í nær öllum núverandi fráveitu-hreinsikerfum á Íslandi.

Hafið samband við okkur og við gerum tillögur um viðeigandi búnað.

VARMA & VÉLAVERK EHF.
Vandað og varanlegt
Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 vov@vov.is www.vov.is

Háskólagarðar HR rísa við rætur Öskjuhlíðar

Framkvæmdir við Háskólagarða HR hefjast í vor við Nauthólsveg við rætur Öskjuhlíðar, norðan við Háskólann í Reykjavík. Í fyrsta áfanga verða reistar þar um 120 íbúðir og er nú unnið að því að ljúka ýmis konar undirbúningsvinnu svo framkvæmdir geti hafist. Áætlaður kostnaður við þennan fyrsta áfanga verksins er um 2,2-2,4 milljarðar króna.

„Þetta er stórt verkefni en við erum að horfa til þess að byggja þarna alls um 400 íbúðaeiningar fyrir einstaklinga og fjölskyldufólk á fjórum reitum, ásamt þjónustukjarna," segir Ari Kristinn Jónsson rektor, í samtali við Sóknarfæri um stöðuna á þessu fyrsta stóra byggingaverkefni háskólans eftir að háskólabyggingin sjálf var tekin í notkun árið 2010.

Um 3.600 nemendur stunda nám við HR, sem var stofnaður árið 1998 en varð fyrst til í núverandi mynd árið 2005 þegar hann sameinaðist Tækniháskólanum. Framkvæmdirnar við háskólabygginguna, sem hófust árið 2007, voru fyrstu skrefin að uppbyggingu háskólans í Nauthólsvík en ekki þau síðustu, segir rektor. Skólinn horfi til þess á næstu misserum og árum að byggja upp enn frekari aðstöðu fyrir nemendur, samstarfsaðila, nýsköpun og aðra þætti sem eigi heima í náinni sambúð við háskólann. Áherslan nú sé þó fyrst og fremst á nemendaíbúðirnar.



Mikið er lagt upp úr því að starfsemi HR falli sem best að umhverfi sínu við rætur Öskjuhlíðar. Þar eru góðar hjóla- og gönguleiðir til allra átta, sem verða enn betri með tilkomu brúar yfir í Kópavog.

Blandaðar einstaklings- og fjölskylduíbúðir

„Við erum að byrja á fyrsta reitnum þar sem verða rúmlega 120 íbúðareiningar," segir rektor. Nú sé verið að vinna að smávægilegum breytingum á skipulagi til að ná fram passlegri millileið, m.t.t. hagkvæmni, umhverfisins og þeirra gæða sem HR vilji bjóða upp á. Þessi vinna gangi vel og stefnt sé að því að hefja framkvæmdir í vor, eða í byrjun sumars. Í framhaldinu hefjist svo framkvæmdir á hinum reitunum, koll af kolli, þar til verkinu verði lokið.

Við hönnun Háskólagarða HR er horft til þess að vera með góða aðstöðu fyrir alla sem þar munu búa. Íbúðir verða mjög blandaðar, fyrir einstaklinga, pör og barnafjölskyldur en heildarmyndin er miðuð við samsetningu nemendahóps háskólans. Aðaláhersla er á nemendaíbúðir í fyrstu en vilji er einnig til þess á síðari stigum að geta boðið starfsfólki, sérstaklega þeim sem starfi við skólann vegna tímabundinna verkefna, upp á húsnæði til leigu á hagstæðum kjörum.

Húsaleiga á að vera eins hagkvæm fyrir nemendur og kostur er, en sjálfseignastofnun, sem HR stendur á bakvið, mun annast reksturinn. Aðspurður hvað verkefnið kosti svarar rektor stutt og laggott „helling" og hlær við. Bætir svo við að enn sé unnið að útreikningum en stofnframlagið, sem skólinn fær frá ríkinu, gefi hugmynd um stærðargráðuna á verkefninu. „Þannig mun fyrsti áfanginn, út frá þeim viðmiðum sem Íbúðalánasjóður er með, líklega kosta á bilinu 2,2 til 2,4 milljarða króna," segir Ari.

Dagsetning um áætluð verklok fyrsta áfangans hefur ekki verið gefin út og segist rektor fyrst vilja sjá gröfur að störfum. „Það er mikil eftirvænting og við viljum ekki skapa væntingar hjá nemendum sem við getum ekki staðið við en strax og framkvæmdir hefjast höfum við svör á reiðum höndum."



„Tilkoma háskólagarðanna mun styrkja bæði háskólasvæðið í Nauthólsvík og gera háskólanum kleift að mæta betur þörfum nemendanna," segir Ari Kristinn Jónsson, rektor HR.



Hér má sjá fyrirhugaða uppbyggingu við Nauthólsveg þar sem annars vegar er gert ráð fyrir 400 nemendaíbúðum í Háskólagörðum HR og hins vegar um 65 íbúðum á lóð borgarinnar, norðan við lóð HR.

Tölvuteikning: Kanon arkitektar.

Aukin þjónusta styrkir háskólasvæðið


Tilkoma háskólagarðanna mun styrkja bæði háskólasvæðið í Nauthólsvík og gera HR kleift að mæta betur þörfum nemendanna sem þar stunda nám að mati rektors. „Við erum með mikið af nemendum utan af landi, við erum með vaxandi fjölda erlendra nemenda og tilkoma háskólagarðanna gefur okkur færi á að þjónusta þessa hópa enn betur. Svo er auðvitað mikið af nemendum af höfuðborgarsvæðinu og suðvesturhorninu sem búa í eigin húsnæði og við höfum séð í könnunum, sem við höfum gert meðal nemenda, að stór hluti þeirra myndi vilja búa hér á svæðinu, enda ákveðnir kostir auðvitað, fyrir utan hagkvæmni og slíkt, sem felast í því að búa á háskólasvæði. Það er ákveðinn lífsmáti og því fylgja líka lífsgæði."

Góðar göngu- og hjólaleiðir

Ljóst er að tilkoma Háskólagarða HR mun draga eitthvað úr bílaumferð á svæðinu því nemendur sem þar búa verða í göngufæri við bæði HR, háskólasvæðið í Vatnsmýrinni og alla þjónustu í miðborginni. „Það eru góðar göngu- og hjólaleiðir til allra átta, ég tala nú ekki um þegar brúin verður komin yfir í Kópavog. Þá verður hægt að fara héðan gangandi og hjólandi næstum hvert sem er," segir rektor en sama gildi ekki um bílaumferð. Nú sé eiginlega bara hægt að fara í norður um þröngar götur með flöskuhálsum sem hamli bæði almenningssamgöngum og umferð einkabíla.

„Við viljum vinna að því með borginni og öðrum hagsmunaaðilum hér á svæðinu að leysa sem best úr þessu og án efa þarf þar að taka tillit til margra ólíkra hagsmuna," bætir Ari við og áréttar jafnframt mikilvægi þess að hafa umhverfissjónarmið alltaf í öndvegi í öllum framkvæmdum á svæðinu.

„Okkur þykir afskaplega vænt um þetta svæði og öllu máli skiptir að hér rísi háskólaumhverfi sem er bæði aðlaðandi og fellur vel að þessu fallega umhverfi. Við teljum okkur hafa sýnt það, bæði við byggingu háskólahúsnæðisins og hönnun og þróun háskólagarðanna, að við leggjum mikið upp úr því að starfsemi HR falli sem best að umhverfinu og háskólasvæðið sé bæði samfélag og grænt svæði," segir Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, að lokum.



ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR 2018

— Stórsýning í Laugardalshöll 12.-14. október —

MATVÆLASÝNING

Sýningin verður einstaklega fjölbreytt og munu fjölmörg fyrirtæki kynna og leggja áherslu á hreinleika íslenskrar matvælaframleiðslu.

TÆKJASÝNING

Þá verður stórsýning á tækjum og tólum til landbúnaðar og hvers kyns rekstrarvörum og öðrum vörum fyrir íslenskan landbúnað.

ÖFLUG DAGSKRÁ

Unnið er að mótun áhugaverðra fyrirlestra og uppákoma er verða kynnt er nær dregur.

ÍSLENSKUR LANDBÚNAÐUR - 2018 -

Hér er í uppsiglingu öflug landbúnaðarsýning sem hentar öllum þeim sem selja vörur og þjónustu til landbúnaðarins.
Hafið samband við Ólaf, framkvæmdastjóra olafur@ritsyn.is, 587 7826 eða Ingu, sölufulltrúa inga@athygli.is 898 8022.

Vaðlaheiðargöng

Stefnt að verklokum í október

„Aðalverktaki ganganna vinnur út frá því að ljúka sínu verki í október í haust og þessa dagana er góð framvinda í verkinu," segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga um framvindu þessarar stærstu jarðgagnaframkvæmdar landsins. Um sextíu manns eru við störf í Vaðlaheiðargöngum.

Stærstu verkþættirnir sem nú er unnið að inni í göngunum eru smíði á tækni- og neyðarrýmum, vatnsklæðningar og lagnir en síðan tekur við vinna við vegagerðina sjálfa, raflagnir og lýsingu. Búið er að steypa upp vegskála beggja vegna ganganna en í vor verður hafist handa við um 700 metra vegkafla og hringtorg Eyjafjarðarmegin og sömuleiðis lokið vegagerð í Fnjóskadal. Meðal síðustu verkþátta verður að tengja veginn við Fnjóskárbrú.



Vatnsklæðningar eru vel á veg komnar í Vaðlaheiðargöngum og styttist í að byrjað verði að vinna í vegagerð inni í göngunum.

Greiðslukerfið byggt á bílnúmeraaflestri

Vaðlaheiðargöng verða fyrsti vegkaflinn á Íslandi þar sem beitt verður gjaldkerfi sem byggist á rafrænum álestri bílnúmera. Slíkt fyrirkomulag er vel þekkt í nágrannalöndunum og til að mynda notað í jarðgöngum í Færeyjum en ráðgjafar og fulltrúar Vaðlaheiðarganga kynntu sér reynsluna þar fyrir skömmu.

„Vinnan við útfærslu kerfisins hjá okkur stendur yfir en þar verður um að ræða greiðslufyrirkomulag sem verður að mestu leyti sjálfvirkt. Stofna þarf reikning í gegnum vefsíðu og/eða smáforrit í snjallsíma. Fyrirkomulagið verður því allt annað en það sem vegfarendur þekkja í Hvalfjarðargöngum, þeir þurfa ekki að stoppa og greiða fyrir ferðina í gegn eins og þar hefur verið gert heldur geta þeir keyrt rakleitt í gegn og gengið frá sinni greiðslu rafrænt. Ég geri ráð fyrir að gjaldflokkarnir verði tveir í Vaðlaheiðargöngum, ökutæki sem eru 3,5 tonn og undir og yfir 3,5 tonnum, í stað fimm flokka í Hvalfjarðargöngum. Útfærslan á magnafsláttarkjörum og öðru sem snýr að gjaldskránni kemur til með að liggja fyrir 2-3 mánuðum áður en göngin verða opnuð. Markmiðið er að kerfið verði aðgengilegt og einfalt fyrir notendur jafnframt því sem rekstrarkostnaður verður umtalsvert minni og því hærra hlutfall af vegjaldinu sem fer í að greiða framkvæmdina upp," segir Valgeir og spáir því að með tilkomu ganganna muni umferð aukast um að minnsta kosti 30% á fyrsta ári milli þeirra svæða sem þau tengja. Það sé reynslan af áhrifum fyrri jarðganga hér á landi.



Með reglulegu millibili eru útskot í göngunum þar sem eru tæknirými og innan við þau eru neyðarrými. Þessi mannvirki eru meðal þess sem unnið er að í lokaáfanga ganganna.



RJ Verkfræðingar

Hreint loft skilar sér í betri heilsu

„RJ Verkfræðingar hafa frá upphafi lagt metnað í að selja vandaðan búnað og lausnir sem stuðla að hreinu og heilsusamlegu lofti á heimilum og í vinnuumhverfi. Við verjum um 90% af líftíma okkar innan dyra og þar getum við haft áhrif á loftgæðin. Hreint og heilsusamlegt loft skilar sér í betri heilsu, vellíðan starfsmanna og auknum afköstum. Með samstarfi við marga af fremstu framleiðendum loftræstibúnaðar og mælitækja í heiminum í dag, búa RJ Verkfræðingar yfir mikilli þekkingu við val á búnaði og lausnum. Stærstu samstarfsaðilar okkar eru allir leiðandi á sínu sviði og bjóða snjallar og orkusparandi lausnir með áherslu á loftgæði, heilsu og öryggi," segir Herdís Björg Rafnsdóttir, verkfræðingur og framkvæmdastjóri RJ Verkfræðinga í samtali við Sóknarfæri.



„Okkur ætti að vera umhugað um loftgæði í umhverfi okkar og krafan um hreint loft mun einungis aukast í framtíðinni."

Of mikil mengun í Reykjavík

Loftmengun í umhverfi okkar er bæði sýnileg og ósýnileg, en hún getur verið skaðleg heilsunni og valdið sjúkdómum og ótímabærum dauðsföllum. Talið er að eitt af hverjum níu dauðsföllum í heiminum sé af völdum loftmengunar. Alþjóða heilbriðisstofnunin WHO telur mengun að meðaltali vera 10% yfir öryggismörkum í Reykjavík, en mengun eða svifryk er bæði af manna völdum og af nátturulegum toga.

„Mengun af nátturulegum toga hefur alltaf verið til staðar, en aukin mengun af manna völdum, sem berst út í andrúmsloftið í milljóna tonna vís, er vaxandi áhygguefni. Þessi mengun berst langar leiðir og er óneitanlega hluti af lífi okkar. Á undanförnum árum hefur orðið vakning um skaðsemi smæstu agna í andrúmslofti en þær geta verið í miklu mæli við ákveðin veðurskilyrði í umhverfi okkar, t.d. við fjölfarnar umferðagötur. Öll þekkjum við þessa umræðu. Smæstu agnir undir 1 micron m (1/1000 úr millimetra) eru hættulegastar. Líkami okkar hefur engar varnir gegn þessum ögnum, þær berast frá lungum út í blóðrásina og þaðan til mikilvægra líffæra, þar sem þær safnast fyrir. WHO telur að þessar agnir eigi verulegan þátt í krabbameins-, hjarta- og heilabilunarsjúkdómum. Í dag mæla umhverfismælitæki ekki þessar agnir, það er einungis verið að mæla mun stærri agnir."

Löng og mikil reynsla

RJ Verkfræðingar voru stofnaðir af Rafni Jenssyni, vélaverkfræðingi og hönnuði hita- og loftræstikerfa. Mörg af stærri loftræsti- og hitakerfum landsins voru hönnuð af Rafni, m.a. fyrir stærstu skemmtistaði í Evrópu á sínum tíma, Broadway og Hótel Ísland. Skortur á vönduðum búnaði á markaðnum og framsýni leiddi af sér samstarf við erlenda framleiðendur. Í dag selja RJ Verkfræðingar búnað fyrir loftræstikerfi, mælitæki og lausnir sem því tengjast.

„Með samstarfi við loftsíuframleiðandann Camfil, höfum við boðið upp á búnað og sem hreinsar loft. Lausnir eru fjölmargar og ráðast af kröfum til hreinleika lofts og hvað á að hreinsa. Krafan um hreint loft í skurðstofum er t.d. mjög frábrugðin kröfum til loftgæða í venjulegum byggingum. Camfil er einn stærsti framleiðandi loftsía í heiminum í dag og hefur verið í fararbroddi í þróun á lausnum til hreinsunar á lofti. Þeir reka fullkomna rannsóknarstofu á hjólum sem keyrir um heiminn og mælir loftgæði og prófar virkni Camfil loftsía og síur annarra framleiðanda og orkunotkun þeirra."



RJ Verkfræðingar hafa um nokkurt skeið boðið upp á mælingar á loftgæðum í byggingum samhliða ráðgjöf á vali á hagkvæmum lausnum til hreinsunar á lofti.

Herdís segir að loftsíur séu í eðli sínu orkufrekar, en með réttu vali á vandaðri síu megi spara verulega. Hún segir að ódýr loftsía geti verið margfalt orkufrekari en vönduð sía. Grófir útreikningar á mögulegum sparnaði í stærri loftræstikerfum á Íslandi hafa sýnt að hann hleypur á háum upphæðum. Að auki fæst hreinna loft, oft 60% hreinna en með síum sem fyrir voru og lægri tíðni á hreinsunum loftræstikerfa.

Margir sterkir birgjar

„Flaktgroup sem áður var Denco-Happel og FlaktWoods er stærsti samstarfsaðili okkar í framleiðslu loftræstisamstæða. Þeir bjóða vandaðan og orkusparandi búnað, loftræstisamstæður af öllum stærðum og lausnir frá hefðbundnum loftræstisamstæðum til kerfa með ítrustu kröfur, t.d. fyrir lyfjaframleiðslu og sjúkrahús, auk lausna fyrir gagnaver og sundlaugar. Loftræstisamstæður frá DencoHappel voru m.a. valdar í loftræstikerfi hátækniseturs Alvotech á Íslandi," segir Herdís.

RJ Verkfræðingar selja mælitæki frá Testo fyrir matvælaiðnað, loftræsti- kæli- og lyfjaiðnað, en Testo er framsækinn framleiðandi með 60 ára sögu í mælitækjaframleiðslu. EbmPapst er svo einn stærsti framleiðandi blásara og mótora í heiminum og leiðandi í orkusparnaði og nýsköpun. „Þetta fyrirtæki er öflugt í lausnum fyrir loftræsti- og kæliðnað og búnaður frá þeim er víða í framleiðslum annarra þar sem kælingar er þörf. Við erum að endurnýja blásara frá EbmPapst í allt frá kælitækjum og bakaraofnum til flókinna tækja í lyfjaiðnaði og á sjúkrahúsum. Þeir eru stórtækir í endurnýjun í eldri kerfum og lausnirnar byggjast á því að skipta út eldri búnaði með nýjum orkusparandi blásurum, sem borga sig upp á skömmu tíma."

Ennfremur selja RJ Verkfræðingar gasmæla frá Honeywell Analytics, en þessir mælar vakta öryggi fólks við vinnu þar sem hættulegar gastegundir geta verið til staðar, svo sem við slökkvistörf, jarðgangagerð, við vinnu í lestum skipa og við vinnu í jarðvarmaveitum.

rj.is


Vinnufatnaður

Hífilausnir

Kranar og talíur

Snjókeðjur

Pökkunarlausnir

Fallvarnarbúnaður


Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krönum og talíum, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.
Komdu við og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!
Verk og vit 2018
Bás C-14
ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Fyrir ferðamenn í vöku og draumi



Birna Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri RB rúma segir nauðsynlegt að velja rúmin af kostgæfni og þá sérstaklega dýnurnar.



Vel úthvíldur ferðamaður nýtur landsins okkar til fullnustu.

Ferðaþjónustunni á Íslandi hefur vaxið mjög fiskur um hrygg og fjölgar erlendum ferðamönnum ár frá ári og virðist lítið lát á. Að sögn Birnu Ragnarsdóttur hjá RB rúmum í Hafnarfirði hafa starfsmenn fyrirtækisins staðið í ströngu við að smíða rúm fyrir ferðamennina til að þeir hvílist vel og geti notið landsins í vöku og draumi.

Íslensk rúm

Æ fleiri eru þess meðvitaðir að nauðsynlegt er að velja rúmin af kostgæfni og þá sérstaklega dýnurnar. Úrvalið á markaðnum er mikið og nær eingöngu um innfluttar vörur að ræða nema hjá RB rúmum þar sem íslensk framleiðsla hefur verið í fyrirrúmi frá því Ragnar Björnsson stofnaði fyrirtækið árið 1943. „Við smíði bæði rúma og dýna gerum við strangar kröfur til okkar um gæði og endingu enda vitum við að þá verða viðskiptavinirnir ánægðir. Einnig sérhæfir fyrirtækið sig í hönnun og bólstrun á rúmgöflum, viðhaldi og viðgerðum á springdýnum og eldri húsgögnum," segir Birna.

Fjórar tegundir dýna

Hjá RB rúmum er hægt að velja um fjórar tegundir af springdýnum: RB venjulegar, Ull-deluxe, Super-deluxe og Grand-deluxe. Fjórir stífleikar eru í boði á allar þessar tegundir; mjúk, medíum, stíf og extrastíf – allt eftir óskum hvers og eins. Fyrirtækið er eina þjónustufyrirtækið á sínu sviði sem býður endurhönnun á springdýnum eftir áralanga notkun.

rbrum.is

VIÐ SKOÐUM LÍKA FASTEIGNIR!

Fjölbreytt úrval

√ Leiguskoðun
√ Söluskoðun
√ Rafmagnsskoðun
√ Ástandsskoðun
o Sérsniðnar lausnir
o Þakskoðun
o Rakamæling
o Hitamyndataka
o Sýnataka
√ Byggingareftirlit

√ Einnig skoðun gæðastjórnunarkerfa í byggingariðnaði

Fyrir alla

√ Einstaklinga
√ Fasteignasölur
√ Fasteigna- og leigufélög
√ Tryggingafélög
√ Fjármálastofnanir
√ Sveitarfélög og ríkisstofnanir
√ Aðila í byggingariðnaði

Frumherji



Fasteignaskoðanir Frumherja - Sími: 570 9360 - Netfang: fast@frumherji.is - www.frumherji.is

VSÓ verkfræðistofa

Unnið að hönnun tveggja skólamiðstöðva



Verkfræðingarnir Ingibjörg Guðmundsdóttir og Birgir Indriðason hjá verkfræðistofunni VSÓ Ráðgjöf hafa komið að hönnun tveggja stórra skóla- og menningarmiðstöðva sem nú eru í byggingu á höfuðborgarsvæðinu.



Hugmynd arkitekta að Skarðshlíðarskóla þegar samkeppni var haldin um hönnun hússins. Mynd. T.ark.

Verkfræðingar VSÓ vinna þessa dagana að hönnun tveggja stórra skóla- og menningarmiðstöðva sem nú eru að rísa á höfuðborgarsvæðinu, annars vegar Dalskóla í Reykjavík og hins vegar Skarðshlíðarskóla í Hafnarfirði. Hugmyndin á bak við bæði verkefnin er svipuð, þ.e. um er að ræða samstæðar byggingar sem hýsa grunn-, leik-og tónlistarskóla auk aðstöðu fyrir íþrótta- og tómstundastarf. Við báðum verkfræðingana Ingibjörgu Guðmundsdóttur og Birgi Indriðason að segja okkur aðeins frá þessum verkefnum.

16.000 fermetra miðstöð

„Dalskóli í Úlfarsárdal er kominn nokkru lengra í byggingu en leikskólahlutinn hefur verið tekinn í notkun og verið er að reisa 1. áfanga grunnskólabyggingar sem verður tilbúin næsta haust. Þegar miðstöðinni verður að fullu lokið mun hún hýsa leikskóla, grunnskóla, frístundastarf, menningarmiðstöð, almenningsbókasafn, inni- og útisundlaug og íþróttahús Fram. Okkar hluti í þeirri byggingu er hönnun jarðtækni, burðarvirkja, lagna, loftræsikerfa og rafkerfa. Byggingarnar eru hannaðar í þrívídd með BIM aðferðafræði.“

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg er áætlað að síðari hluta grunnskólans í Úlfarsárdal verði lokið haustið 2019 og menningarhúsi, bókasafni og innisundlaug ári síðar. Haustið 2021 er áætlað að íþróttahús, æfingavellir, hverfistorg og útisundlaug verði tilbúin og lokahnykkurinn, sem er knatthús, á að vera tilbúið um mitt ár 2022. Fullbyggð verður miðstöðin um 16.000 fermetrar að stærð. Arkitektar Dalskóla eru VA arkitektar.

Skarðshlíðarskóli í Hafnarfirði

Fyrsta skóflustunga að byggingu Skarðshlíðarskóla í Hafnarfirði var tekin sl. sumar en um er að ræða 8.900 m² miðstöð sem mun samanstanda af 6.800 m² grunnskóla, 760 m2 leikskóla, 480 m² tónlistarskóla og 870 m² þróttahúsi. Það er verktakafyrirtækið Eykt sem sér um að byggja skólann fyrir Hafnarfjarðarbæ. Arkitektar eru T.ark.

„Hlutverk VSÓ í þessari byggingu felst í hönnun jarðtækni, burðarvirkja, lagna, loftræstikerfa og rafmagns en einnig sér VSÓ um landslagshönnun kringum bygginguna. Byggingarnar eru hannaðar í þrívídd með BIM (e. Building Information Modelling) aðferðarfræði,“ segja þau Ingibjörg og Birgir. Fyrsta áfanga á að ljúka haustið 2018 og mun þá grunnskólinn flytja í húsið. Sumarið 2019 er svo áætlað að byggingu leikskólans verði lokið en framkvæmdum öllum sumarið 2020. Fullreistur verður skólinn með um 400-500 nemendur. Gert er ráð fyrir að leikskólinn anni 80-90 börnum og tónlistarskólinn á að geta annað um 200 börnum.

vso.is

Nýtt!


Nýsmíði - Viðhald - Innréttingar - Sérsmíði - *TRÉSTIGAR* - Líkkistur

Trésmiðjan Stígandi ehf bíður upp á staðlaða sumarbústaðastiga



- 2 staðlaðar stærðir
- Fljót afgreiðsla
- Vönduð vinnubrögð
- Sérsmíðum einnig stiga eftir óskum

Stígarnir eru smíðir úr 40mm límtré, við bjóðum upp á flestar gerðir límtrés. Stigarnir afgreiðast samkvæmt samkomulagi og tilbúnir undir olíu.
Við getum einning séð um olíuburð og lökkun og gefum fast verð í þá vinnu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI
/FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

Húnabraut 29 - 540 Blönduós - s:452 4123 - gummi@stigandihf.is
Kt:550793-2459 - Vsknr:38765 - www.stigandihf.is

Félagsstofnun stúdenta

Nýir stúdentagarðar við Sæmundargötu



Nýju námsmannaíbúðirnar verða á fjórum hæðum, gengt eldri stúdentagörðum við Sæmundargötu og sunnan við hús Alvogen.

Byggingaframkvæmdir á vegum Félagsstofnunar stúdenta eru nú að hefjast við nýja stúdentagarða á lóð Vísindagarða Háskólans við Sæmundargötu 21, á horni Sæmundargötu og Eggertsgötu. Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta segir þetta stærsta einstaka verkefnið sem nú er unnið að á vegum Félagsstofnunar.

Með bílastæðakjallara verður húsið 14.700 fermetrar en íbúðahlutinn, sem er á fjórum hæðum, verður liðlega 10.100 fermetrar. Í húsinu verða 245 leigueiningar sem skiptast í einstaklings- og paraíbúðir en einnig klasaíbúðir þar sem 8-10 einstaklingar deila sameiginlegri aðstöðu fyrir utan eigið herbergi og sérbað. Slíkt sameiginlegt fyrirkomulag var innleitt á stúdentagörðunum við Sæmundargötu 14 og 16 sem voru byggðir fyrir nokkrum árum og segir Guðrún að það hafi mælst mjög vel fyrir því það að sé mjög félagslega eflandi. Fólk búi í meira nábýli og kynnist fleirum. Stefnt er að því að framkvæmdum ljúki í janúar 2020.

800 manns á biðlista

Með nýja stúdentagarðinum við Sæmundargötu segir Guðrun að verið sé að mæta mikilli þörf fyrir námsmannaíbúðir en að jafnaði eru um 800 manns á biðlista eftir dvöl á görðum og þrátt fyrir töluverða uppbyggingu hafi biðlistar verið að lengjast síðustu ár. Stefnt hefur verið að því að byggja um 600 leigueiningar til viðbótar á næstu fimm árum. Síðast var kynnt tillaga að námsmannaíbúðum á reit sem Félagsstofnun hafði fengið vilyrði fyrir á lóð Gamla Garðs við Hringbraut, en viðbrögð við þeirri tillögu voru hörð og því er sú hugmynd nú í endurskoðun.

„Við erum stanslaust að vinna í að fá fleiri lóðir og höfum verið í viðræðum við Reykjavíkurborg og Háskólann um lóðir nálægt háskólanum og ég ætla að vera bjartsýn á að það skili árangri þannig að okkur takist að byggja þessar 600 íbúðir á næstu fjórum til fimm árum. Það veitir sannarlega ekki af því," segir Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta.



Nýju námsmannaíbúðirnar munu rísa á stórri lóð við Sæmundargötu 21. Undirbúningur er hafinn og framkvæmdir hefjast strax og formlegt byggingarleyfi liggur fyrir.



Teikning af húsagarði nýja stúdentagarðsins þegar hann verður fullbyggður



Við höfum varðveitt ylinn í íslenskum húsum í 60 ár

CE-vottuð einangrun á að vera í öllum byggingum á Íslandi

Hágæða einangrunarplast

- fyrir sökkla
- undir gólfplötur
- á útveggi og þök

TEMPRA
einangrun – umbúðir

TEMPRA EHF • Íshella 8 • 221 Hafnarfjörður • Sími: 520 5400 • tempra@tempra.is • www.tempra.is

Mikil uppbygging í Grindavík

„Hér í Grindavík er mikið af íbúðum í byggingu, mikið framundan alveg á næstunni, um 150 íbúðir alls, og síðan verið að skipuleggja nýtt hverfi til næstu framtíðar. Þetta mun vera mesta og hraðasta uppbygging á íbúðarhúsnæði í sögu Grindavíkur. Allar framkvæmdir eru unnar fyrir eigið fé, engin lán tekin og fyrir vikið verða framkvæmdirnar ódýrari," segir Ármann Halldórsson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkur.



Bláalónsblokkin er að taka á sig mynd. Þar verða 24 íbúðir ætlaðar starfsfólki Lónsins. Húsnæðið á að verða tilbúið á þessu ári.

Nú er verið að vinna við gatnagerð sem er síðasti áfangi Hópshverfis, en þar er gert ráð fyrir átta raðhúsum og níu parhúsum og fjórum fjölbýlishúsum. Þá er verið að leggja tvær götur í iðnaðarsvæði bæjarins. Þar verður möguleiki á lóðum allt frá 800 fermetum upp í 10.000. Einnig eru hafnar framkvæmdir við nýtt íþróttahús í fullri stærð með millibyggingu og sérnota bardagasal. Þá er verið að vinna að skólahúsnæði. Á þessu ári er áætlað við að hanna nýjan leikskóla og stækkun á grunnskólanum ásamt uppsetningu á útistofum.

„Íbúafjölgun hefur verið töluvert mikil á síðustu árum og því farið að þrengja að. Allar lóðir eru seldar nema nokkrar einbýlishúsalóðir og við erum að bregðast við þessari fjölgun á margan hátt. Þá klárast stækkun við elliheimilið Víðihlíð í ár en þar koma í gagnið 6 nýjar íbúðir. Þá er verið að skipuleggja nýtt stórt hverfi til framtíðar austan við Hópsbrautina. Að auki eru svo miklar hafnarframkvæmdir við Miðgarð, nýtt stálþil, breikkun og dýpkun og ný þekja með raf- og vatnslögnum.

Hér eru um 70 íbúðir í einbýlisfjölbýlis- og parhúsum í teikningu eða byggingu. Við nýju göturnar, sem verið er að leggja núna, gætu verið um 80 íbúðir til viðbótar til umsóknar á þessu ári. Því eru samtals um 150 íbúðir að rísa hér af grunni á þessu ári og næstu. Þar fyrir utan er svo nýja hverfið sem verið er að skipuleggja, en það verður aldrei klárt til uppbyggingar fyrr en eftir 2020."

Ármann segir að mikil ásókn sé í húsnæði í Grindavík, bæði til kaups og leigu og til nýbygginga. Nokkuð hafi verið um að fólk hafi verið að selja íbúðir í Reykjavík og kaupa sér einbýli, parhús eða raðhús í Grindavík. Þá séu brottfluttir Grindavíkingar að skila sér heim aftur. Þjónusta við bæjarbúa sé góð og segja megi að allt sé til alls. Sérstaklega megi nefna aðstöðu til íþróttaiðkana þar sem hægt er að stunda nánast hvaða íþrótt sem er gegn einu lágu gjaldi, um 20.000 krónur á ári. „Þá skiptir það miklu máli að gatnagerðargjöld hér eru mjög lág. Lóð sem kostar 20 milljónir á höfuðborgarsvæðinu kostar aðeins um 5 milljónir hér, vegleg einbýlishúsalóð. Þess vegna er mun ódýrara að byggja hér og hér er líka ódýrt að búa. Við finnum fyrir því að fólk hefur áhuga á að búa hér," segir Ármann.

Auk þessara framkvæmda má nefna að Grindin er að reisa 24 íbúða blokk, sem Bláa lónið hefur keypt í heilu lagi og hyggst nota fyrir starfsfólk sitt. Hún á að vera tilbúin á þessu ári. Ný bygging lúxus hótels verður svo tekin í notkun við Bláa lónið innan nokkurra vikna.

Framkvæmdir í Grindavíkurhöfn

„Þetta verður frábær aðstaða"

Miklar framkvæmdir standa nú yfir í Grindavíkurhöfn en verið er að stækka hafnarbakkann Miðgarð verulega, reka niður nýtt stálþil, dýpka höfnina og steypt verður nýtt dekk á bakkann. „Febrúar er búinn að vera afskaplega erfiður við okkur út af roki en þetta horfir nú allt til betri vegar og þeir eru byrjaðir að reka niður stálplötur og að steypa kantinn hér á vesturendanum. Þar gætu bátar farið að leggjast að eftir mánuð," segir Sigurður Kristmundsson, hafnarstjóri í Grindavík.




Sigurður Kristmundsson, hafnarstjóri í Grindavík.

Sigurður segir að þessi áfangi verksins sé nokkurn veginn á áætlun og endanlegum frágangi gæti verið lokið í lok maí. „Þó það dragist eitthvað kemur það ekki að sök því Vegagerðin er að fara í útboð á þekjunni og vonandi verður hægt að klára hana í sumar. Þegar búið verður að reka stálþilið niður út á enda er hægt að byrja á þekjunni þar sem öðrum frágangi er lokið," segir Sigurður.

Bjóða hitaveitu við bryggjuna

„Miðgarður er færður fram um fimm metra og síðast en ekki síst er dýpkað verulega við bryggjuna alveg niður á 8 metra, sem er mjög gott fyrir þann flota sem við erum með og sjáum fram á að muni koma hér. Því munu menn ekki lengur þurfa að sæta sjávarföllum til að komast að og frá bryggju, en dýpið austast við garðinn var ekki nema 3,5 metrar og það dugir ekkert. Þetta verður því allt önnur aðstaða. Við erum að velta því fyrir okkur að vera með hita í þekjunni þannig að planið verði alltaf íslaust að hluta til. Þá er einnig verið að tala um að bjóða skipunum hitaveitu um borð. Ég er á því að það sé það eina rétta. Það væri stórkostlegt að geta boðið upp á heitt vatn til upphitunar, sem er stærsti kostnaðarliðurinn fyrir skipin, þegar þau liggja við bryggju."



Nú er verið að stækka hafnarbakkann Miðgarð í Grindavík, reka niður nýtt stálþil, dýpka höfnina og steypt verður nýtt dekk á bakkann. Verkinu á að ljúka í sumar.

Höldum áfram að veita góða þjónustu

Kostnaður við verkefnið, sem nú stendur yfir var áætlaður um 280 milljónir, en Sigurður segir að aðeins hafi verið bætt við verkið. Til dæmis að dýpka meira út frá þilinu.

„Við hönnunina var gert ráð fyrir 5 metra breiðri rennu, en okkur fannst það ekki vera nóg og fórum með breiddina í 12 metra. Þegar skipin eru 8 til 10 metra breið, eru 5 metrar einfaldlega ekki nóg. Þess vegna hefur kostnaðurinn hækkað um 40 milljónir. Við erum þannig í sveit sett hér í Grindavík að til að dýpka þarf að bora og sprengja og það er mjög dýrt meira en 10 sinnum dýrara en að moka eða dæla. En á móti kemur að dýpkunin er varanlegri svona. Við erum bara bjartsýn hér. Allir bíða spenntir eftir því að þetta mannvirki komist í gagnið. Við höldum áfram að veita skipunum okkar góða þjónustu. Þetta verður frábær aðstaða, þegar allt verður klárt," segir Sigurður hafnarstjóri.



Við færum þér góðar gluggalausnir

Gluggahöllin ehf. flytur inn og smíðar glugga og hurðir í öllum mögulegum stærðum. Allar vörur eru framleiddar úr hágæða efni sem þolir vel íslenska veðráttu.
Leitaðu til ráðgjafa okkar til að fá nánari upplýsingar og tilboð, þér að kostnaðarlausu.



Gluggahöllin tekur einnig að sér glugga og hurða ísetningar. Stór sem smá verk

Trégluggar // Álklæddir gluggar
Pvc gluggar // Hurðir // Sérsmíði





Gluggahöllin


Er í sama húsi og
Graníthöllin ehf.

Gluggahöllin ehf. Mörkin 4, 108 Reykjavík, S: 555 0760 info@gluggahollin.



















VÉLSMIÐJA ÍSTAKS

Í vélsmiðju Ístaks starfa faglærðir menn með mikla reynslu af stórum og smáum verkefnum í stálsmíði. Í samstarfi við viðskiptavini hefur vélsmiðjan einnig tekið að sér hönnun á margvíslegum verkum sem smíðuð eru í vélsmiðjunni.

Vélsmiðjan starfar í um 1.300fm húsnæði og er vel tækjum búin í stálsmíði og plötusmíði. Þar af er um 100fm sand-blástursklefi og 300fm málningarsalur. Öll aðstaða er til staðar til að taka við stórum og flóknum verkefnum jafnt sem minni verkum.

ÍSTAK
VÉLSMIÐJA

Ístak hf - Bugðufljóti 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2700 - istak@istak.is - www.istak.is